

Samantekt um umsagnir við Rammaáætlun

Skjal 1 – Samantekt eftir röð umsagna á www.rammaaaetlun.is

Umsögn 1 - Kristinn Geir Steindórsson Briem

Landsvæði: Suðurland - Farið við Hagavatn (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Hagavatnsvirkjun (39)

Ég bý fyrir neðan virkjunina og sé sandstrókin í rokinu. Það var reynt að græða upp sandinn en gekk ekki vegna sandfoks. Í sambandi við svo kallað ferðafólk þá er raskið á landinu nú þegar orðið það mikið að það skiptir ekki máli hvort það komi smá virkjun. Skil ekki kostnað við flutning á rafmagni.

Umsögn 3 - Kristinn Geir Steindórsson Briem

Landsvæði: Suðurland - Hvítá í Árnessýslu (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Hestvatnsvirkjun (37)

Að mínu viti er þetta besti virkjunarkosturinn í neðri Hvítá. Það er hægt að hemja ána við Hestfjall og láta affallið renna í farvegi Hvítár og hindra rennsli niður í Flóa. Það minnkar líkur á klakastíflum við Hrossatanga en þar er land nokkuð ósnortið. Hluti af eigendum eru "grænir" svo að samningar gætu orðið erfiðir.

Umsögn 4 – Samorka

Almenn umsögn

Samorka ítrekar ánægju með að ferlið sé að þokast áfram og þannig styttist í að dregið verði úr óvissu sem uppi er í rekstrarumhverfi orkufyrirtækja. Niðurstaða umsagnarinnar er að „Að mati Samorku væri vænlegast að styðjast við röðun verkefnisstjórnar“. Bent er á að verulega sé vikið frá röðun verkefnisstjórnar í þingsályktunartillögunni og þar nefnt Bitra, Norðlingaölduveita, Brennisteinsfjöll, Grændalur og Tungnaárlón, þar sem verkefnisstjórn hafi raðað virkjunarkostunum ofarlega eða um miðju vegu en í tillögunni er þeim raðað í biðflokk. Einnig raðist Austurengjar, Innstidalur og Trölladyngja í biðflokk þótt þessir kostir hafi raðast framarlega hjá verkefnisstjórn.

Í umsögninni kemru fram stærð flokkanna skv. tillögunni, m.v. áætlaða orkuvinnslugetu:

Nýtingarflokkur	11.900 GWh
Biðflokkur	9.100 GWh
Verndarflokkur	11.300 GWh

Friðlýst svæði 14.100 GWh

Alls 46.400 GWh

Samorka vekur athygli á því að af þeim orkukostum sem standa að baki þessum tæplega 1.500 MW í nýtingarflokki, skv. tillögunni, eru nú að hámarki um 700 MW á því stigi að hægt væri að gera samninga um sölu á orkunni innan 2 ára.

Umsögn 6 – Flóahreppur

Almenn umsögn

Sveitarstjórn Flóahrepps fagnar framkominni þingsályktun um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða og hvetur Alþingi til þess að afgreiða hana.

Umsögn 7 – Fljótsdalshérað

Almenn umsögn

Bæjarstjórn Fljótsdalshéraðs gerir ekki athugasemd við tillöguna.

Umsögn 8 - Hreinn Hjartarson

Landsvæði: Norðausturland - Gjástykkissvæði (Háhiti)

Virkjunarhugmynd: Gjástykki (100)

Mótmælir ofbeldi stjórnvalda að þvinga Gjástykki í verndarflokk þvert á niðurstöður sérfræðinga rammaáætlunar. Faghópar rammaáætlunar mátu 50 möguleg virkjunarsvæða á Íslandi. Í þeim samanburði taldist Gjástykki 26. mikilvægasta svæðið af um 50 til verndunar. Ekki var kastað til höndum við þetta mikilvæga mat og þá búið að leggja hátt í tvo milljarða í matsferlið. Til verksins völdust margir okkar færustu sérfræðingar á ýmsum á ýmsum þekkingarsviðum. Þvert á niðurstöður sérfræðinga er lagt til að Gjástykki verði friðað.

Umsögn 9 – Bæjarráð Hveragerðisbæjar

Landsvæði: Reykjanesskagi - Hengilssvæði (Háhiti)

Virkjunarhugmynd: Grændalur (77)

Í ályktun bæjarráðs er því fagnað að gert er ráð fyrir verndun Bitru og Grændals. Bæjarstjórn „hvetur Alþingi til að samþykkja tillöguna“. Með því er sérstaða dalanna og svæðisins ofan byggðar í Hveragerði viðurkennd.

Umsögn 12 - Heiða Guðný Ásgeirsdóttir

Landsvæði: Suðurland - Skaftá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Búlandsvirkjun (40)

Er þinglýstur eigandi jarðarinnar Ljótastaða í Skaftártungu Skaftárhreppi og stundar þar sauðfjárbúskap með 500 vetrarfóðraða gripi. „Það af landi mínu sem færi undir fyrirhugað lón Búlandsvirkjunar liggur meðfram Tungufljóti vestanverðu og er láglandasta beitiland jarðar minnar sem öll er í yfir 200 metra hæð yfir sjó, það land er mér því algerlega nauðsynlegt til að geta haldið búskap á jörðinni. Svo er einnig um fleiri bændur í þessari sveit sem treysta á beit í Ljótastaðaheiði og láglandasta hluta Búlandsheiðar sem einnig fer undir lónið.

Einkennileg stefna að taka land sem nýtt er til matvælaframleiðslu og sökkva því á kaf í vatn. Fyrirhuguð Búlandsvirkjun mun einnig hafa þau áhrif að vatnsmagn í Tungufljóti mun stórminnka með ófyrirsjáanlegum afleiðingum fyrir fiskigengd sem er þar töluverð í dag, brottám og eyðilegging blátærrar veiðiár getur tæplega talist vistvænt eða skynsamlegt.

„Sandfokið mun koma yfir byggðina úr tveimur áttum og ekki þarf lengi að horfa yfir Eldhraunið til að sjá hvaða áhrif stöðugt sandfok hefur á gróður.

Með ofangreindum rökum vil ég fylgja eftir þeirri eindregnu skoðun minni að Búlandsvirkjun eigi hvergi heima nema í verndunarflokki rammaáætlunar.“

Umsögn 13 - Gísli Már Gíslason

Almenn umsögn

Umsögnin eru tvær greinar sem höfundur birti í Morgunblaðinu 27. ágúst og 1. september þar sem koma fram rökstuddar skoðanir hans á þingsályktunartillögunni. Fagnar þingsályktunartillögunni og bendir á að þegar hafa 34 náttúrusvæði verið tekin undir vatnsafls- og jarðvarmavirkjanir. „Vonandi fellst Alþingi á þessa tillögu og samþykkir hana til að skapa frið um nýtingu náttúrunnar.“

Umsögn 14 – Bæjarráð Hveragerðisbæjar

Landsvæði: Reykjanesskagi - Hengilssvæði (Háhiti)

Virkjunarhugmynd: Bitra (74)

Í ályktun bæjarráðs er því fagnað að gert er ráð fyrir verndun Bitru og Grændals. Bæjarstjórn „hvetur Alþingi til að samþykkja tillöguna“. Með því er sérstaða dalanna og svæðisins ofan byggðar í Hveragerði viðurkennd.

Umsögn 15 – Sveitarstjórn Skeiða-og Gnúpverjahrepps

Landsvæði: Suðurland - Þjórsá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Norðlingaölduveita - 566-567,5 m y.s. (27)

Meirihluti sveitarstjórn Skeiða-og Gnúpverjahrepps (fjórir af fimm) fagnar því að vinna við rammaáætlun skuli vera á lokastigi. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við röðun tillögunnar að öðru leiti en því að við teljum að Norðlingaölduveita í 566-567,5 m y.s. án setlóns hefði átt að fara í biðflokk en ekki í verndunarflokk eins og tillagan gerir ráð fyrir. Rökin fyrir því álitni er að ekki hefur farið fram sérstakt umhverfismat vegna þeirrar framkvæmdar og þess vegna liggur ekki fyrir hver áhrif hennar yrðu á umhverfið og þá einkum Þjórsárverin. Veita í fyrr greindri hæð kæmi til með að standa utan veranna. „Röksemdarfærsla formanns nefndarinnar á kynningarfundum um rammaáætlun á Selfossi þann 21. september 2011 fyrir því að setja veituna í verndunarflokk voru að gert væri ráð fyrir stækkun friðlandsins í Þjórsárverum í náttúruverndaráætlun en samkvæmt henni virðast mörkin til suðurs dregin talsvert útfyrir það sem fólk á þessu svæði hefur talið vera hin eiginlegu Þjórsárver. Rétt er að vekja athygli á því að náttúruverndaráætlun 2009-2013 var lögð fram eftir að 12 manna verkefnisstjórn rammaáætlunar var skipuð í september 2007. Þess vegna er eðlilegt að spurt sé hvers vegna verið var að taka einn kost sem var til skoðunar í rammaáætlun og útiloka hann áður en vinna verkefnastjórnar rammaáætlunar lauk? Eins má líka spyrja hvers vegna var þá ekki þessi kostur tekinn strax út úr vinnu verkefnastjórnar þegar náttúruverndaráætlun 2009-2013 lá fyrir ef hún útilokaði veituna? Einnig er rétt að benda á að um nokkurt skeið hefur verið starfandi nefnd sem átti að vinna að hugmyndum um stækkun friðlandsins í Þjórsárverum, áhugi á starfi þeirrar nefndar virðist hafa gufað upp eftir að í ljós kom að fulltrúar sveitarfélaganna á svæðinu töldu eðlilegast að friðlandsmörkin réðust endanlega eftir að verkefnisstjórnin um rammaáætlun hefði lagt faglegt mat á fyrirhugaða Norðlingaölduveitu í 566-567,5 m y.s. án setlóns.“

Umsögn 16 – Orkusalan ehf.

Landsvæði: Suðurland - Hólmsá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Hólmsárvirkjun neðri við Atley (21)

Orkusalan fagnar því að nú hilli undir lok hinnar viðamiklu vinnu sem liggur að baki annars áfanga rammaáætlunar og vonar að með þeirri vinnu verði hægt að nálgast sátt um orkuöflun og nýtingu í landinu. Þær niðurstöður sem sjá má í þeim drögum að tillögu til þingsályktunar sem nú liggja frammi til umsagnar komu þó forsvarsmönnum Orkusölunnar verulega á óvart, en eini virkjanakosturinn sem Orkusalan ehf. er með í undirbúningi, Hólmsárvirkjun neðri við Atley (nr. 21), er þar settur í biðflokk. Orkusalan telur með vísan til þessa að röðun á virkjanakosti Hólmsár með miðlunarlóni við Atley í biðflokk sé byggð á misskilningi eða mistökum við vinnslu matsins sem liggur til grundvallar þeirri röðun og væntir þess að það mat verði endurskoðað og leiðrétt áður en að tillagan til þingsályktunar verður lögð fyrir Alþingi til umfjöllunar. Það er mat Orkusölunnar að ekkert hafi komið fram í vinnu rammaáætlunar sem gefi tilefni til annars en að þessi virkjunarkostur, sem hentar sérstaklega vel til

að virkja fyrir almennan markað með mjög takmörkuðum umhverfisáhrifum, verði settur í nýtingarflokk.

Umsögn 17 – Vígfús Gunnar Gíslason

Landsvæði: Suðurland - Hólmsá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Hólmsárvirkjun neðri við Atley (21)

Ástæða þess að ég tel nauðsynlegt að vekja athygli á staðháttum á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði hugsanlegrar Hólmsárvirkjunar með stíflun Hólmsár við Atley er að ég hef þrúfaldlega að undanfögnu orðið var við þann misskilning hjá sérfræðingum og þeim sem taka þátt í umræðunni um virkjunina, að þessi virkjun og það sem henni tengist sé á landi og í umhverfi sem ekki sé eftirsjá að. Landið sé að mestu sandar og áraurar sem engum nýtist. Umhverfisáhrif eru mjög mikil og óafturkræf. Fyrirhugað lón er eitt þúsund hektarar eða 10 km². Hólmsárvirkjun neðri eigi að vera í verndarflokki Rammaáætlunar.

Umsögn 18 - Eiríkur S. Svavarsson, hrl., fyrir hönd sveitarfélaganna Norðurþings, Þingeyjarsveitar og Skútustaðahrepps

Landsvæði: Norðausturland - Gjástykkissvæði (Háhití)

Virkjunarhugmynd: Gjástykki (100)

Mótmælt tillögu um að setja Gjástykki í verndarflokk. Helstu atriði umsagnar eru:

- Gildandi svæðisskipulag, sem er staðfest af umhverfisráðherra, gerir ráð fyrir þeim möguleika að nýta 2,45 % af landssvæði Gjástykkis til allt að 45 MW orkunýtingar.
- Svæðisskipulagið var unnið í tengslum við fyrirætlanir um orkuppbyggingu í Þingeyjarsýslum sem ríkisstjórnin átti aðkomu að.
- Niðurstaða faghópa rammaáætlunar leiddu ekki til þeirrar niðurstöðu að setja ætti Gjástykki í heild í verndarflokk.
- Gögn málsins benda til þess að skoðanakönnun verkefnastjórnar hafi ráðið úrslitum um að Gjástykki var sett í verndarflokk. Nafnlaus skoðanakönnun meðal 12 fulltrúa verkefnastjórnar getur hvorki talist faglegur né málefnalegur grundvöllur að ákvörðun um að setja Gjástykki í verndarflokk, sérstaklega þegar niðurstaða skoðanakönnunarinnar er í andstöðu við gildandi svæðisskipulag og meginniðurstöðu faghópa rammaáætlunar.
- Óbreytt ákvörðun um Gjástykki í verndarflokk getur leitt til bótaskyldu vegna tjóns þeirra sem lagt hafa til grundvallar gildandi svæðisskipulag í undirbúningi sínum að atvinnuuppbyggingu í Þingeyjarsýslum. Áskilinn er réttur til skaðabóta.

- Stjórnvöld eru bundin af því ferli friðlýsingar sem þau hófu þann 18. mars 2010 og verða að ljúka honum í samræmi við gildandi ákvæði náttúruverndarlaga áður en þau leita fyrir sér um verndun umrædds landsvæðis á öðrum grundvelli.

Umsögn 19 – Fallorka ehf.

Landsvæði: Norðausturland - Skjálfandafljót (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Eyjadalsárvirkjun (11)

Bent á að fyrirhuguð virkjun er 8 MW, þ.e. minni en þau 10 MW sem kveðið er á um í lögum nr. 48/2011. Er því farið fram á að hún verði tekin út úr tillögu til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða.

Umsögn 20 – Hrunamannahreppur

Almenn umsögn

Hreppsnefnd fagnar því að vinna við rammaáætlun skuli vera á lokastigi og telur mikilvægt að faglegt mat ráði því hvernig virkjunarkostir flokkist. Nokkrir virkjunarkostir eru á skipulagssvæði sveitarfélagsins, í Hvítá og Kerlingarfjöllum, og er þeim raðað í mismunandi flokka. Hreppsnefnd gerir ekki athugasemdir við flokkun þeirra virkjunarkosta í rammaáætlun sem heyra beint undir sveitarfélagið. Hins vegar tekur hreppsnefnd undir þá skoðun Skeiða- og Gnúpverjahrepps að Norðlingaölduveita í 566-567,5m án setlóns eigi að fara í biðflokk ekki verndarflokk þar sem ekki hefur farið fram sérstakt umhverfismat vegna þeirrar framkvæmdar. Þá tekur hreppsnefnd undir samþykkt sveitarstjórnar Bláskógabyggðar og ályktun Umhverfis- og skipulagsnefndar á ársþingi SASS 2011 í Vík í Mýrdal um að vatnsyfirborð Hagavatns verði fært til upprunalegs horfs með stíflu í Farinu í Hvítá. Þar með myndu skapast skilyrði til byggingar jafnrennslisvirkjunar og ætti sá kostur að vera færður úr biðflokki í nýtingarflokk.

Umsögn 21 – Hafnarfjarðarbær

Almenn umsögn

Sandfell og Sveifluháls eru sett í nýtingarflokk, virkjanahugmyndir sem talið er að ráðast megi í að uppfylltum öðrum skilyrðum.

Hafnarfjarðarbær gerir ekki athugasemd við flokkun Sandfells.

Nokkuð er óljóst hvað átt er við með Sveifluhálsi, sem er mjög stórt svæði, og þarf nánari skilgreiningar við. Hafnarfjarðarbær bendir á að HS-Orka hefur fengið framkvæmdaleyfi fyrir rannsóknarborholur í Seltúni, sem er að hluta raskað svæði á Sveifluhálssvæðinu, og er lagt til að það svæði verði sett í biðflokk, þar til nánari ákvörðun hefur verið tekin um það í auðlindastefnu Hafnarfjarðar.

Trölladyngja og Austurengjar eru sett í biðflokk - virkjanahugmyndir sem þurfa frekari skoðunar með betri upplýsingum svo skoða megi hvort þær ættu að raðast í verndunarflokk eða nýtingarflokk.

Hafnarfjarðarbær vekur athygli á að í viðræðum við HS-Orku setti Hafnarfjarðarbær sig alfarið á mótí rannsóknarborunum við Austurengjahver, þar sem það þótti of viðkvæmt svæði frá náttúruverndarsjónarmiði. Í Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2005 - 2025 Krýsuvík, er Austurengjahver og svæðið umhverfis hann hverfisverndað. Í viðræðum við HS-Orku kom fram sú hugmynd að skábora niður í hverinn, en því hefur ekki verið fylgt nánar eftir, og þyrfti þá að skoða hvaða áhrif dæling hefði á hverinn, þó svo að svæðinu kringum hann yrði ekki raskað. Svæðið getur verið í biðflokki þar til nánari ákvörðun hefur verið tekin um það í auðlindastefnu Hafnarfjarðar.

Varðandi Trölladyngju bendir Hafnarfjarðarbær á að á því svæði eru nú þegar tvö borplön og vegur inn á svæðið.

Umsögn 22 – RARIK

Almenn umsögn (með sérstakri umfjöllun um Skatastaðavirkjun B og C, Villinganesvirkjun, Grændal, Ölfusdal og Hólmsárvirkjanir)

RARIK fagnar þeirri vinnu sem unnin hefur verið við annan áfanga rammaáætlunar og vonar að með þeirri vinnu náist sátt um framkvæmdir við orkuöflun og undirbúning virkjana í landinu. Mikilvægt er að slík sátt náist. Þær niðurstöður sem nú liggja fyrir í drögum að tillögu til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landssvæða og eru til umsagnar koma þó á óvart, þar sem allir virkjanakostir sem RARIK og dótturfélög þess hafa unnið að á undanförunum árum lenda ýmist í biðflokki eða verndarflokki. RARIK undrast að tveir af þeim kostum sem fyrirtækið og dótturfélög þess hafa rannsakað og undirbúið undanfarin ár hafi ekki verið teknir til umfjöllunar hjá öllum faghópum rammaáætlunar og lendi því í biðflokki, þrátt fyrir að annar þeirra hafi farið í gegnum mat á umhverfisáætlunum. Þá er að mati RARIK a.m.k. einn af þeim virkjanakostum sem undirbúnir hafa verið af dótturfélögum fyrirtækisins, Hólmsárvirkjun (nr. 21), þeirrar gerðar að öll rök hníga að því að hann eigi heima í nýtingarflokki. Um flesta virkjanakosti má deila og seint verða allir á eitt sáttir, en að mati RARIK hefur ekkert hafi komið fram í vinnu rammaáætlunar sem gefur tilefni til annars en að ætla að þessi virkjunarkostur, sem hentar sérstaklega vel til að virkja fyrir almennan markað, með mjög takmörkuðum umhverfisáhrifum, ætti að flokkast í nýtingarflokk.

Umsögn 23 – Runólfur Birgir Leifsson

Landsvæði: Suðurland - Hólmsá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Hólmsárvirkjun

Tekur undir með Vigfúsi Gíslasyni frá Flögu, en „hann hefur sent inn mjög góða greinargerð og rök fyrir því að þetta svæði verði verndað. Ég óska því að hlustað verði á hans rök í málinu og legg til að svæðið verði verndað“.

Umsögn 24 – Bláskógabyggð

Landsvæði: Suðurland - Farið við Hagavatn (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Hagavatnsvirkjun (39)

Athugasemdir sveitarstjórnar Bláskógabyggðar lúta að því, að virkjunarkosturinn Hagavatnsvirkjun verði flutt til um flokk, þ.e. úr biðflokk í orkunýtingarflokk. Með tilliti til allra þeirra rannsókna sem hafa átt sér stað um umhverfisþætti svæðisins, getur sveitarstjórn Bláskógabyggðar ekki verið annað en algerlega ósammála þeim rökstuðningi sem fram kemur í tillögu um þingsályktun, það sem lýtur að Hagavatnsvirkjun. Fyrir liggja í dag hugmyndir um virkjun Hagavatns, sem hefur tekið umtalsverðum breytingum frá fyrri hugmyndum. Um er að ræða mun umhverfisvænni útfærslu. Virkjunin verði m.a. útfærð sem rennslisvirkjun sem mun tryggja mun stöðugra vatnsyfirborð ofan stíflu. Rafmagnstengingar verði að mestu leyti í jarðstrengjum. Vegslóðar og reiðleiðir verði samræmdar til að stemma stigu við utanvegaakstur m.a. við Jarlhettur. Við útfærslu virkjunarinnar gefst einnig kostur á að opna fyrir ýmsa möguleika á frekari tengingu við starfsemi ferðaþjónustu á svæðinu. Byggðaráð vill leggja áherslu á, að með þessari framkvæmd er verið að endurheimta fyrra horf Hagavatns, hefta jarðvegsfok, auka möguleika á landgræðslu og bæta lífsgæði íbúa á áhrifasvæði uppfoksins.

Umsögn 25 – Ásdís Thoroddsen

Almenn umsögn

Bráðnauðsynlegt er að ekki verði af virkjunum á Hágöngusvæðinu heldur verði það svæði sett í verndarflokk. Þeistarreykir eru fornar minjar frá elstu tímum Íslandsbyggðar, þarna eru jarðhitasvæði sem eru á náttúruminjaskrá, sjaldgæfar jurtir og óðal fálkans. Ekki hrófla við svæðinu meira en orðið er. Færið Þeistarreyki í verndarflokk. Þjórsá er ein helsta laxveiðiá landsins og teymi ég ferðamenn í flestum ferðum um Suðurlandið að Urriðafossi, og þar höfum við séð bóndann losa laxa úr netum. Óvíst er um virkni þeirra aðgerða sem grípa á til svo að lax geti gengið upp ef af Urriðafossvirkjun verður, en hún myndi loka af yfir 80% af búsetusvæði laxins. Dæmi erlendis frá (fyrirlestur Dr. Margaret J. Filardo um virkjanir á vatnasviði Columbia-árinnar í Bandaríkjunum í Háskólabíói) bendir til að allar varnaraðgerðir muni duga skammt til að vernda lífríki laxins í ánni þegar virkjanir eru reistar. Ef af Urriðafoss-, Hvamms- og Holtavirkjunum verður í Þjórsá, hverfur fallett land í byggð undir jökulgrá uppistöðulón. Urriðafoss, einn af síðustu fossum árinna myndi skemmast. Þess bið ég að ekki verði af þessum virkjunum. Virkjanir í Skjálfandafljóti ættu að vera færðar úr biðflokk yfir í verndarflokk. Ekki hvað síst vegna Aldeyjarfoss, sem er að mínu mati einn fegursti foss landsins. Hveravelli ber að færa úr biðflokk yfir í verndarflokk. Yfirhöfuð má gera þessum stað til góða, því að svo margt fólk fer um hann dag hvern öll sumur. Hverasvæðið þar er einstakt, hverirnir hafa sinn karakter hver. Mér er mikið í mun að Sveifluháls fari úr nýtingarflokk yfir í verndarflokk og að Seltún verði með öllu óhreyft. Það er ekki aðeins að þar fara um þúsundir manna dag hvern á sumrin, heldur liggur frá Seltúni Ketilstígur, mjög vinsæl gönguleið. Þá ættu Austurengjar að vera færðar úr biðflokk yfir í verndarflokk, með bullandi leir og vatn og miklum litum. Yfirhöfuð má ekki hrófla við Krýsuvíkursvæðinu vegna mikilvægi þess fyrir ferðaþjónustuna og útivist íbúa þéttbýlasta svæðis landsins. Sandfell og Trölladyngja er ekki fjölsótt enn sem komið er af almenningi. Þess væri óskandi

að ekki yrði raskað þessu svæði svo almenningur geti átt hann sér til góða. Allra best fyrir ferðapjónustuna, kvikmyndagerðina og möguleika Reykvíkinga og nærsveitunga til útivistar væri að stofna Eldfjallapjóðgarð á Reykjanesskaga.

Umsögn 26 – Svanhvít Hermannsdóttir

Landsvæði: Suðurland - Þjórsá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Urriðafossvirkjun (31)

Athugasemdir við fyrirhuguð áform um virkjanir í neðri hluta Þjórsár og legg til að þær verði færðar úr nýtingarflokki í biðflokk. Umhverfisleg áhrif eru óhjákvæmileg ef virkjað verður í Þjórsá. Sjónræn áhrif verða vegna uppistöðulóna, varnargarða, skurða, hauga, nýrra vega og stöðvarhúss. Rannsóknir skortir á uppfoki úr árfarveginum við minnkað rennsli árinna svo og á grunnvatnstöðu á Skeiðum og í Flóa og á lífríki sjávar undan ósum Þjórsár. Ef virkjað verður í Þjórsá er ráðist inn á viðkvæm göngusvæði villtra laxa. Laxastofninn í Þjórsá er líklega stærsti villti laxastofn á Íslandi. Ekki hefur verið sýnt fram á að lausn hafi fundist sem með óyggjandi hætti bjargi laxastofninum.

Umsögn 27 – Orkustofnun

Almenn umsögn

Orkustofnun er aðili máls og sér þess vegna ekki ástæðu til að tjá sig um megin efnisþætti tillögunnar. Það er mat Orkustofnunar að tillöguna beri að skoða sem heild, þar sem reynt er að skapa jafnvægi milli ólíkra sjónarmiða varðandi verndun og nýtingu. Orkustofnun gæti hafa komist að annarri niðurstöðu varðandi einstaka virkjunarkosti. Eðli málsins samkvæmt eru mestir hagsmunir fólgnir í því að sköpuð verði skýr framtíðarsýn um verndun og orkunýtingu eins og tillagan gerir ráð fyrir og þannig verði lagður grunnur að stöðugu umhverfi fyrir atvinnuuppbyggingu á sviði orkuviðnaðar, ferðamála og annarrar landnýtingar.

Umsögn 28 – Skálmholt

Landsvæði: Suðurland - Þjórsá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Urriðafossvirkjun (31)

Ábúandi jarðarinnar Skálmholts í Flóahreppi krefst þess að Urriðafossvirkjun í neðri hluta Þjórsár verði færð úr nýtingarflokki í biðflokk af eftirtöldum ástæðum:

- Umhverfismat sem gert var er ófullnægjandi. Áhrif fyrirhugaðrar virkjunar á lífríki, grunnvatn og jarðskjálfta ásamt uppfoki úr efnishaugum og þurrum árfarvegum eru ekki nægjanlega þekkt.
- Rannsóknunum á lífríki árinna er verulega áfátt.
- Veiðifélag Þjórsár hefur verið sniðgengið af Landsvirkjun og Veiðimálastofnun.

- Landsvirkjun hefur orðið uppvís að margvíslegum frávikum frá því sem segir í umhverfismatsskýrslu.

Umsögn 29 – Jóna Líska Gísladóttir

Landsvæði: Suðurland - Hólmsá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Hólmsárvirkjun neðri við Atley (21)

Mótfallin virkjunarhugmyndum í Hólmsá vegna margra ástæðna. Nálægð lónsstæðis við eldstöðina Kötlu. Línustæði frá stöðvarhúsi að flutningslínu (Sigöldulínu) liggur um Skaftártunguheiðar á um 30 km. Kafla og eru þessar heiðar eru nær óraskaðar, hafa mikið jarðfræðilegt gildi. Virkjunin mun þrengja að hefðbundnum sauðfjárbúskap í Skaftártungu, en nú þegar leigja bændur þar beitarlönd og slægjur. Hólmsárvirkjun megi ekki verða að veruleika og eigi að færast úr biðflokki yfir í verndarflokk Rammaáætlunar.

Umsögn 30 - Jóhanna Jóhannsdóttir í Haga

Landsvæði: Suðurland - Þjórsá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Hvammsvirkjun (29)

Hingað til hafa stórbýli eins og landnámsjörðin Hagi staðið fyrir sínu og varla batnar jörðin við að túnunum sé sökkt. Það er mikil hætta á því að hér bregði menn búi á bestu jörðunum í sveitinni, sögufrægum landnámsjörðum, sem búið hefur verið á um ómunatíð.

Umsögn 31 - Samtök sunnlenskra sveitarfélaga

Almenn umsögn

Samtök sunnlenskra sveitarfélaga leggja áherslu á að niðurstöður þeirrar þverfaglegu vinnu sem liggur að baki þingsályktunartillögunnar verði grundvöllur sáttu um virkjun orku og nýtingu hennar framtíðinni. Samtökin hvetja því til að tillagan verði samþykkt.

Umsögn 32 - Ásborg Arnþórsdóttir, ferðamálafulltrúi Uppsveita Árnessýslu

Landsvæði: Suðurland - Farið við Hagavatn (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Hagavatnsvirkjun (39)

Tillaga til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landssvæða gerir ráð fyrir að Hagavatn fari í biðflokk. Í ljósi nýrra áætlana um virkjun Hagavatns með umhverfissjónarmið að leiðarljósi er brýnt að þessi virkjunarkostur verði endurmetinn og fluttur í orkunýtingarflokk. Breið samstaða er um málið meðal heimamanna, sveitarstjórnar og ferðapjónustu. Markmiðið er að nýta fallorkuna á

umhverfissvænan hátt, en jafnframt mun virkjunin koma í veg fyrir gífurlegt sandfok sem er á svæðinu og opna nýja spennandi möguleika í ferðaþjónustu.

Umsögn 33 – Alþýðusamband Íslands

Almenn umsögn

ASÍ lýsir yfir ánægju með að ráðist hafi verið í gerð áætlunar um vernd og orkunýtingu landsvæða. Það er mat sambandsins að áætlunin sem liggur fyrir, auk fylgigagna, sé á heildina litið faglega unnin og sett fram á mjög skýran og aðgengilegan hátt. Virkjunarkostir á viðkomandi svæðum eru flokkaðir í orkunýtingarflokk, verndarflokk eða biðflokk og styður sambandið almennt þær áherslur sem fram koma í tillögunni.

Umsögn 34 – Halldóra Gunnarsdóttir

Landsvæði: Suðurland - Þjórsá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Urriðafossvirkjun (31)

Leggur til að virkjanir í neðri hluta Þjórsár verði færðar úr nýtingarflokki í biðflokk. Sjónræn áhrif verða mikil og rannsóknir skortir á veigamiklum þáttum á lífríki í og við Þjórsá og sjávarins úti fyrir ósum hennar. Samfélagsáhrif hafa ekki verið rannsökuð en þau eru veruleg og neikvæð nú þegar í byggðunum við Þjórsá.

Umsögn 35 – Sigríður Guðjónsdóttir

Landsvæði: Suðurland - Þjórsá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Urriðafossvirkjun (31)

Mótmælir virkjunum í neðri hluta Þjórsár og vil að þær verði færðar úr nýtingarflokki. Ég mótmæli því að til standi að eyðileggja mikilvæga og merkilega fiskistofna í Þjórsá og taka áhættu með fiskinn í sjónum. Að ætla að virkja í hlaðvarpanum hjá hópi af fólki, það er ekki mönnum bjóðandi.

Umsögn 36 - Jóna Björk Jónsdóttir

Landsvæði: Suðurland - Skaftá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Búlandsvirkjun (40)

Flytja eigi Búlandsvirkjun úr biðflokki í verndarflokk. Virkjunin, þ.e. uppistöðulón og stíflumannvirki er mjög nálægt Eldgjá en hún er hluti af um 40 km langri gossprungu sem vitnar um stórkostleg eldsumbrot á nútíma. Skaftá ber með sér mikið magn silts og leir og ekki hjá því komið að set safnist fyrir í lóninu en það mun sveiflast frá 9,2 km² í 5 km². Lónstæðið sem er um 9,2 km² er á grónu

svæði sem hingað til hefur verið mikilvægt til beitar á þessu svæði. Í hvítbók um náttúruvernd sem gefin var út 2011 segir: “Mikilvægt er að stuðla að verndun heildstæðra vatnasviða af ólíkum vatnagerðum. Einna brýnast er að standa vörð um lindavatnskerfi á eldvirka belti landsins þar sem er að finna ungar gropnar og lekar hraunmyndanir sem myndast hafa í gosum eftir að síðasta jökulskeiði lauk...” (bls 69). Skaftá er enn óskert vatnasvið og rennur á svæði þar sem stærstu hraun landsins hafa runnið frá landnámi og ber að vernda þetta samspil. Sjálfbær þróun er hugtak þar sem reynt er að ná jafnvægi milli efnahagslegra, félagslegra og umhverfislegra þátta. Hvað viðkemur Búlandsvirkjun hefur enginn könnun verið gerð á félagslegum áhrifum þessarar virkjunar. Ljóst er að virkjunin er ekki sjálfbær m.t.t. umhverfisþátta heldur ganga á gæði landsins með óafturkræfum hætti og enn fleiri atriði ber að taka tillit til vegna óvissu um afleiðingar hennar á vistkerfin á svæðinu. Í efnahagslegu tilliti er ljóst að nokkrir bændur munu bera skaða af virkjuninni og óljóst hver áhrifin verða á ferðapjónustu á svæðinu. Að þessu framansögðu legg ég áherslu á að Búlandsvirkun verði flutt í verndunarflokk rammaáætlunar.

Umsögn 37 – Almar Sigurðsson

Landsvæði: Suðurland - Þjórsá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Urriðafossvirkjun (31)

Mótmæli því að Urriðafossvirkjun verði sett í nýtingaflokk og fer fram á að hún fari í biðflokk. Ljóst má vera að laxastofninn í Þjórsá verður nánast þurrkaður út. Ásýnd Þjórsár mun gjörbreytast og ég sem leiðsögumaður mótmæli slíkum breytingum á náttúrunni út frá sjónrænum verðmætum. Margra kílómetra langir varnargarðar og stíflur munu gjöreyðileggja ásýndina og valda óafturkræfum umhverfisspjöllum sem verða ekki metinn til fjár. Fornleifar eru þar sem fyrirhugað lón á að vera og verða þær fornleifar eyðilagðar ef af Urriðafossvirkjun verður.

Umsögn 38 – Guðfinna Eydal

Landsvæði: Suðurland - Þjórsá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Hvammsvirkjun (29)

Umsögnin beinist að Hvammsvirkjun. Því er mótmælt að þessi virkjun sé sett í nýtingarflokk og farið fram á að hún sé sett í verndunarflokk eða a.m.k. biðflokk. Hvammsvirkjun hefði í för með sér ófyrirsjáanlegar afleiðingar.

Umsögn 40 – Þingeyjarsveit

Landsvæði: Almenn umsögn

Virkjunarhugmynd: Gjástykki (100)

Mótmæli við tillögu um að setja Gjástykki í verndarflokk. Sama umsögn og umsögn nr. 18.

Umsögn 41 – Ragnar Böðvarsson

Landsvæði: Suðurland - Þjórsá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Urriðafossvirkjun (31)

Stærsta röksemdin fyrir því að setja Urriðafossvirkjun í biðflokk er að mínu viti sú að áhrifin á lífríki sjávarins eru allsendis óljós. Við vitum hins vegar að fiskurinn í sjónum er okkur geysi mikils virði og við vitum líka að breytingar sem virkjanir í Þjórsá kunna að hafa á hagana hans verða ekki aftur teknar.

Umsögn 42 – Jóhanna Einarsdóttir

Landsvæði: Suðurland - Þjórsá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Urriðafossvirkjun (31)

Gerir alvarlega athugasemd við fyrirhugaða virkjun Urriðafoss. Vatnsmesti foss landsins, einstök náttúrperla. Þetta á að víkja fyrir skammtíma gróðasjónarmiðum. Hefur þessi þjóð ekki enn lært af mistökunum.

Umsögn 44 – Ólafur Björnsson hrl.

Landsvæði: Suðurland - Farið við Hagavatn (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Hagavatnsvirkjun (39)

Umsögn landeigenda Úthlíðartorfu, Bláskógabyggð vegna fyrirhugaðrar Hagavatnsvirkjunar. Hið mikla jarðvegsfok frá svæðinu ætti flestum að vera alkunna, en oft á tíðum er þetta einna stærsti valdur að svifryksmengun á suðvesturhluta landsins, s.s. í Reykjavík. Með tilliti til allra þeirra rannsókna sem hafa átt sér stað um umhverfispætti svæðisins, eru landeigendur algerlega ósammála þeim rökstuðningi sem fram kemur í tillögu um þingsályktun, það sem lýtur að Hagavatnsvirkjun. Fyrir liggja í dag hugmyndir um virkjun Hagavatns, sem hefur tekið umtalsverðum breytingum frá fyrri hugmyndum. Um er að ræða mun umhverfissvænni útfærslu. Landeigendur leggja áherslu á, að með þessari framkvæmd er verið að endurheimta fyrra horf Hagavatns, hefta jarðvegsfok, auka möguleika á landgræðslu og bæta lífsgæði íbúa á áhrifasvæði uppfoksins. Þá telja landeigendur að framkvæmdin sé jákvæði fyrir ferðaþjónusu á svæðinu. Landeigendur Úthlíðartorfu fara þess eindregið á leit við iðnaðarráðuneytið og frummælendur fyrirbyggjandi þingsályktunartillögu að Hagavatnsvirkjun verði færð til um flokk, þ.e. úr biðflokki í orkuvinnsluflokk. Önnur niðurstaða yrði óásættanleg skerðing á eignarréttindum landeigenda, og áskilja landeigendur sér allan rétt í því sambandi. Landeigendur telja að mikill stuðningur sé við verkefnið í heimabyggð og benda á að ársþing SASS, haldið í Vík 28. og 29. október 2011 ályktaði um stuðning við hugmyndir um að vatnsyfirborð Hagavatns verði fært til upprunalegs horfs með stíflu í Farinu.

Umsögn 45 - Grindavíkurbær

Landsvæði: Reykjanesskagi – Svartsengi (Háhití)

Virkjunarhugmynd: Eldvörp (15)

Bæjarráð Grindavíkurbæjar fjallað um tillöguna og aflaði umsagnar skipulags- og umhverfisnefndar. Ekki eru gerðar efnislegar athugasemdir við tillöguna. Með framlagðri tillögu til þingsályktunar um vernd og orkunýtingu landsvæða er reynt að sætta ólík sjónarmið um vernd og nýtingu landsvæða og fagnar bæjarráð Grindavíkur því að áætlunin sé komin fram. Áætlunin skapar vonandi grunn til að nú geti hafist markviss uppbyggingu og nýting orkuauðlinda á þeim svæðum sem sátt er um að nýta og að sama skapi geti ferðaþjónusta og aðrar greinar nýtt þau tækifæri sem skapast með verndun annarra svæða. Bæjarráð tekur hinsvegar undir álit skipulags- og umhverfisnefndar Grindavíkurbæjar að með áætluninni sé að vissu leyti gengið á skipulagsvald sveitarfélaganna og að eðlilegra sé að sveitarfélögin komi nánar að ákvörðun um verndun og orkunýtingu innan skipulagssvæðis sveitarfélaganna.

Umsögn 46 - Landsvirkjun

Landsvæði: Almenn umsögn

Helstu athugasemdir Landsvirkjunar lúta að röðun tiltekinna virkjunarkosta undir verndarflokk sem voru fyrir miðju í flokkun faghópa og Verkefnistjórnar. Í umsögninni færir Landsvirkjun rök fyrir endurskoðun á röðun umræddra virkjunarkosta og færslu þeirra úr verndarflokki í biðflokk.

Bent er á að ekkert tillit virðist tekið til efnahagslegra þátta við röðun í nýtingar-, bið- og verndarflokk.

Landsvirkjun gerir athugasemd við flokkun eftirfarandi virkjunarkosta og fer fram á að flokkun þeirra verði tekin til endurskoðunar:

- Gjástykki (100)
- Tungnaárlón – Bjallavirkjun (24 og 25)
- Norðlingaölduveita (27)
- Hólmsárvirkjun neðri (21)

Umsögn 47 - Ragnar Jónsson

Landsvæði: Suðurland – Hverfisfljót (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Hverfisfljótsvirkjun (15)

Óskað eftir því að Hverfisfljótsvirkjun verði flutt úr biðflokk í nýtingarflokk.

Eignarhald á virkjunarsvæði, ánni, landi og áhrifasvæði virkjunar eru öll á hendi eigenda jarðarinnar Dalshöfða sem jafnframt hafa unnið að undirbúningi virkjunar í Hverfisfljóti. Með undirbúningi að virkjun Hverfisfljóts erum við landeigendur að nýta rétt okkar til að nýta auðlindir á eigin jörð.

Umsögn 48 - Gauti Gunnarsson

Landsvæði: Suðurland – Þjórsá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Urriðafossvirkjun (31)

Legg til að Urriðafossvirkjun fari ekki í nýtingarflokk. Breytingar verða áá grunnvatnsstöðu, óvissa um áhrif og staðsetningu á haugsetningu framburðarefna, mikil áhrif á laxastofna og lífríki sjávar og breytingar á ásynnd umhverfis.

Umsögn 50 - Íslensk Vatnsorka

Landsvæði: Suðurland – Farið við Hagavatn (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Hagavatnsvirkjun (39)

Óskað er eftir því að virkjunarhugmyndir við Hagavatn falli í nýtingarflokk. Allt frá árinu 2007 hafa farið fram ítarlegar athuganir á útfærslu virkjunarhugmynda og áhrifum þeirra á umhverfið. Með breyttri útfærslu virkjunarinnar eru áhrifin hlutfallslega lítil og að miklu leyti jákvæð á umhverfið. Íslensk Vatnsorka óskaði sérstaklega eftir umsögn Landgræðslunnar um málið og sendi Landgræðslan umsögn sína þangað. Mat Landgræðslunnar að lónstæði, sem hluti af rennslisvirkjun, muni draga verulega úr sandfoki á þessum slóðum og setja eitthvað af uppsprettum sandfoks undir vatn. Brýnt að vatnsborðshæðinni yrði haldið sem jafnastri. Því ekki haldið fram að hækkun vatnsborðs í Hagavatni muni leysa allan vanda vegna sandfoks á þessum slóðum.

Umsögn 52 - Guðbjörg Friðriksdóttir

Landsvæði: Suðurland – Þjórsá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Hvammsvirkjun (29)

Fólk og samfélag hundsáð við Þjórsá. Mannlega þáttinn vantar alveg í rammaáætlun. Deilur um virkjanir hafa verið deilur um líf og líðan fólks í samfélaginu. Mörgum spurningum um náttúruna ósvarað. Áhrif á Minnanúpshólma (Viðey).

Umsögn 54 - Skaftárhreppur

Landsvæði: Almenn umsögn

Í aðalskipulagi Skaftárhrepps 2010-2022 sem bíður staðfestingar ráðherra, er gert ráð fyrir þremur virkjanakostum sem teknir voru til athugunar í öðrum áfanga rammaáætlunar, Hólmsárvirkjun, Búlandsvirkjun og Hnútuvmirkjun í Hverfisfljóti. Hnútuvmirkjun ekki metin af öllum faghópum, en er á landi í einkaeign og framkv. fyrirhugaðar af landeiganda. Sveitarstjórn telur endurskoðað skipulag taki tillit til allra íbúa sveitarfélagsins og gott jafnvægi sé á milli verndar og nýtingar.

Umsögn 55 - Sjöfn Ingólfssdóttir (Bjarni Ólafsson)

Landsvæði: Suðurland – Þjórsá (Vatnasvið)

Ég geri athugasemdir við að virkjanir Þjórsár í byggð séu settar í nýtingarflokk í frumvarpi iðnaðarráðuneytisins sem byggir á rammaáætlun um vernd og nýtingu náttúruauðlinda. Þær ættu helst að fara í verndarflokk en til þrautavara í biðflokk ef hægt verður að virkja í framtíðinni án þeirra náttúrufórna sem nú blasir við að verði.

Umsögn 56 - Anna Sigríður Valdimarsdóttir

Landsvæði: Suðurland – Þjórsá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Hvammsvirkjun (29)

Ég mótmæli því að Þjórsá á áhrifasvæði fyrirhugaðrar Hvammsvirkjunar sé í nýtingarflokki og legg til að hún verði færð í verndarflokk.“ Náttúruleg friðun Viðeyjar í Þjórsá í hættu verði af virkjun. Samfélaginu í Skeiða- og Gnúpverjahreppi stefnt í voða með virkjunarframkvæmdum. „Þar sem áður ríkti sátt ríkir glundroði.

Umsögn 57 - Svanborg R. Jónsdóttir

Landsvæði: Suðurland – Þjórsá (Vatnasvið)

Ég mótmæli því að Þjórsá á áhrifasvæði fyrirhugaðra Holts-, Hvamms- og Urriðafossvirkjana verði hafðar í virkjanaflokki og legg til að þær verði færðar í verndarflokk. Áhrif verði mikil á laxastofninn í ánum og sauðfjárrækt á svæðinu. Einnig vanti rannsóknir á samfélagsáhrifum, en miklar deilur hafi skapast um fyrirhugaðar virkjanir.

Umsögn 58 - Orkuveita Reykjavíkur

Landsvæði: Reykjanesskagi – Hengilssvæði (Háhití)

Liðlega helmingur þeirrar varmaorku sem OR vinnur og nánast öll raforka frá fyrirtækinu er fengin úr Hengilssvæðinu sem er eitt aflmesta háhitasvæði landsins. OR lætur sig því helst varða skipan á Hengilssvæðinu. Lýst er mikilvægi aðgangs að mið- og austurhluta þess til framtíðar og lagt til að það svæði fari í heildarendurskoðun skipulags. Þessi svæði þurfa að standa undir framtíðarorkuþörf og

tryggu aðgengi að varma- og raforku á veitusvæði OR á Suður- og Suðvesturlandi. OR vill benda á að þótt landsvæði sé verndað fyrir orkunýtingu tryggi það ekki vernd gegn neikvæðum áhrifum annarra atvinnuvega. Það er mat OR að þegar til lengri framtíðar er litið sé ekki ráðlegt að útiloka orkuvinnslu úr mið- og austurluta Hengilsvæðisins. OR telur eðlilegt að fyrirtækið búi við það svigrúm að unnt sé að rannsaka orkukostinn Bitru í framtíðinni með nýtingu í huga þegar meiri reynsla hefur fengist af rekstri Hellisheiðarvirkjunar og væntanlegrar uppbyggingar Hverahlíðarvirkjunar. OR leggur til að röðun orkuvinnslusvæðisins við Bitru verði endurskoðuð og svæðið fari í biðflokk. Málefnaleg sjónarmið verði að ráða flokkun.

Með umsögn OR fylgir bókun Sóleyjar Tómasdóttur, frá stjórnarfundum OR 21. okt. 2011, þar sem fram kemur að umsögn OR sé ekki unnin með vilja allra stjórnarmanna OR. Getur Sóley ekki fallist á það sem stendur í umsögn OR að flytja eigi Bitru í biðflokk. Fram kemur að stjórn OR ítrekar að engin áform séu að svo stöddu um byggingu Bitruvirkjunar.

Umsögn 59 - Merle Sellenriek (umsögn á ensku)

Landsvæði: Suðurland – Þjórsá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Urriðafossvirkjun (31)

Þeirri hugmynd að setja Urriðafoss í nýtingarflokk er mótmælt. Neikvæð áhrif á laxagengd. Lagt til að virkjanahugmyndin fari í biðflokk.

Umsögn 60 - Gesche Zimmermann (umsögn á ensku)

Landsvæði: Suðurland – Þjórsá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Urriðafossvirkjun (31)

Þeirri hugmynd að setja Urriðafoss í nýtingarflokk er mótmælt. Neikvæð áhrif á laxagengd. Lagt til að virkjanahugmyndin fari í biðflokk.

Umsögn 61 - Janine Aebischer (umsögn á ensku)

Landsvæði: Suðurland – Þjórsá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Urriðafossvirkjun (31)

Þeirri hugmynd að setja Urriðafoss í nýtingarflokk er mótmælt. Neikvæð áhrif á laxagengd. Lagt til að virkjanahugmyndin fari í biðflokk.

Umsögn 62 - Beatrice Teucher (umsögn á ensku)

Landsvæði: Suðurland – Þjórsá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Urriðafossvirkjun (31)

Þeirri hugmynd að setja Urriðafoss í nýtingarflokk er mótmælt. Neikvæð áhrif á laxagengd. Lagt til að virkjanahugmyndin fari í biðflokk.

Umsögn 63 - Guðrún St. Haraldsdóttir

Landsvæði: Suðurland – Þjórsá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Hvammsvirkjun (29)

Fyrirhugðu náttúruspjöll sem verði við stórvirkjanir í neðri hluta Þjórsár er „nánast eins og að selja ömmu sína, „landslagsmorð“ til að fá fljótfenginn auð. Mikil áhrif á ferðapjónustu, áhrif á byggðir við fyrirhugaðar virkjanir, laxastofninn í Þjórsá í hættu. Ég undirrituð neita virkjunum í neðri hluta Þjórsár einkum Hvammsvirkjun sem skiptir mig miklu máli, þar sem uppistöðulónið verður fyrir neðan frístundalandið mitt, með sínum náttúruspjöllum.

Umsögn 64 - Atli Gíslason

Landsvæði: Suðurland – Þjórsá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd:

Gerir kröfu um að neðri hlut Þjórsár verði settur í verndarflokk en til vara í biðflokk. Veruleg óafturkræf spjöll. Lagastofn í útrýmingarhættu. Mótvægisáðgerðir muni engu skila. Grunnvatnsstaða á svæðinu muni breytast við virkjanir. Gerir athugasemdir við tillögur um breytingu á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps að sínum. **ATH gat ekki opnað viðhengi**

Umsögn 65 - Ingo (ums. á ensku)

Landsvæði: Suðurland – Þjórsá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Urriðafossvirkjun (31)

Mikil skaði ef land fer undir vatn á svæðinu og þar með að eilífu glatað. Mælist til þess að stjórnvöld komi í veg fyrir framkvæmdir svo hann geti notið náttúrunnar.

Umsögn 66 - Gaukur Hjartarson

Landsvæði: Norðausturland – Gjástykkissvæði (Háhiti)

Virkjunarhugmynd: Gjástykki

Helstu atriði þessarar umsagnar eru: - Gildandi svæðisskipulag, sem er staðfest af umhverfisráðherra, gerir ráð fyrir þeim möguleika að nýta 2,45 % af landssvæði Gjástykkis til allt að 50 MW orkunýtingar. - Svæðisskipulagið var unnið í tengslum við fyrirætlanir um orkuppbyggingu í Þingeyjarsýslum sem ríkisstjórnin átti aðkomu að. - Niðurstaða faghópa rammaáætlunar leiddu ekki til þeirrar niðurstöðu að setja ætti Gjástykki í heild í verndarflokk. - Gögn málsins benda til þess að skoðanakönnun verkefnastjórnar hafi ráðið úrslitum um að Gjástykki var sett í verndarflokk. Nafnlaus skoðanakönnun meðal 12 fulltrúa verkefnastjórnar getur hvorki talist faglegur né málefnalegur grundvöllur að ákvörðun um að setja Gjástykki í verndarflokk, sérstaklega þegar niðurstaða skoðanakönnunarinnar er í andstöðu við gildandi svæðisskipulag og meginniðurstöðu faghópa rammaáætlunar.

Umsögn 67 - Skeggi Gunnarsson

Landsvæði: Suðurland – Þjórsá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Urriðafossvirkjun (31)

Gerir alvarlegar athugasemdir við þá tillögu starfshóps um rammaáætlun að setja Urriðafoss virkjun í nýtingarflokk. Hvetur stjórnvöld eindregið til að setja Urriðafossvirkjun í verndunarflokk.

Umsögn 68 - Sonja Noack (ums. á ensku)

Landsvæði: Suðurland – Þjórsá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Urriðafossvirkjun (31)

Þeirri hugmynd að setja Urriðafoss í nýtingarflokk er mótmælt. Neikvæð áhrif á laxagengd. Lagt til að virkjanahugmyndin fari í biðflokk.

Umsögn 69 - Vipke (ums. á ensku)

Landsvæði: Suðurland – Þjórsá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Urriðafossvirkjun (31)

Þeirri hugmynd að setja Urriðafoss í nýtingarflokk er mótmælt. Neikvæð áhrif á laxagengd. Lagt til að virkjanahugmyndin fari í biðflokk.

Umsögn 71 - Monique Stähli (ums. á ensku)

Landsvæði: Suðurland – Þjórsá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Urriðafossvirkjun (31)

Þeirri hugmynd að setja Urriðafoss í nýtingarflokk er mótmælt. Neikvæð áhrif á laxagengd. Lagt til að virkjanahugmyndin fari í biðflokk.

Umsögn 72 – Anna Raab

Landsvæði: Suðurland - Þjórsá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Urriðafossvirkjun (31)

I protest against placing of the hydropower stations along the lower river Thjórsá in "nytingarflokkur" because of the resulting damages in nature. Waterfalls and traditional riding and walking paths will be destroyed. Salmon will probably die. Save Thjórsá for next generations and move the plans to "biðflokkur".

Umsögn 73 – Katrin Gier

Landsvæði: Suðurland - Þjórsá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Urriðafossvirkjun (31)

I protest against placing of the hydropower stations along the lower river Thjórsá in "nytingarflokkur" because of the resulting damages in nature. Waterfalls and traditional riding and walking paths will be destroyed. Salmon will probably die. Save Thjórsá for next generations and move the plans to "biðflokkur".

Umsögn 74 - Náttúruverndarsamtök Suðvesturlands

Almenn umsögn

Samkvæmt þeim drögum sem nú liggja fyrir að þingsályktunartillögu varðandi rammaáætlun eru 14 virkjunarkostir af 51 í nýtingar- eða biðflokki staðsettir á Reykjaneskaga eða um 28%. Hér getur að líta níu af 24 svokölluðum nýtingarsvæðum þ. e. um 38% og fimm af þeim 27 svæðum sem hafna í biðflokki eða um 19%. Spyrja má, er ekki nóg að gert á Reykjaneskaga? Ber ekki að láta staðar numið við svo búið, viljum við að inngangurinn að íslenskri náttúru verði ömurlegur ásýndum svo helst enginn vilji þar inn fara. Nei það viljum við ekki!

Umsögn 75 – Orkubú Vestfjarða

Almenn umsögn

Af hálfu Orkubús Vestfjarða er því fagnað að Hvalárvirkjun sé sett í nýtingarflokk. Mikilvægt er fyrir afhendingaröryggi og orkuframboð á Vestfjörðum að þar rísi öflug vatnsaflsvirkjun. Athygli vekur hversu fáir vatnsaflsvirkjanakostir eru settir í nýtingarflokk. Glámuvirkjun er sett í biðflokk þar sem

hún var ekki tekin til mats af tveimur af fjórum starfshópum rammaáætlunar. Þessir tveir starfshópar bera fyrir sig að gögn hafi skort en Orkubúi Vestfjarða er ekki kunnugt um að frekari gagna hafi verið óskað frá þessum hópum né að farið hafi verið á vettvang til að skoða aðstæður. Enn hefur ekki tekist að fá upplýst nákvæmlega hvaða gögn skorti svo unnt sé að bæta úr fyrir næstu endurskoðun rammaáætlunar. Af hálfu Orkubús Vestfjarða er talið að það að bera fyrir sig gagnaskorti sé skálkaskjól.

Umsögn 76 – Lea Raab

Landsvæði: Suðurland - Þjórsá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Urriðafossvirkjun (31)

I protest against placing of the hydropower stations along the lower river Thjórsa' in "nytingarflokkur" because of the resulting damages in nature. Waterfalls and traditional riding and walking paths will be destroyed. Salmon will propably die. Save Thjórsá for next generations and move the plans to "bidflokkur".

Umsögn 77 – Árneshreppur

Landsvæði: Vestfirðir - Hálandi Vestfjarða - Ófeigsfjörður (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Hvalárvirkjun (4)

Hreppsnefnd Árneshrepps fagnar framkominni tillögu til þingsályktunar um vernd og orkunýtingu landsvæða, með Hvalá í orkunýtingarflokki og hvetur Alþingi til þess að afgreiða hana.

Umsögn 78 – Elsa Rozie

Landsvæði: Suðurland - Þjórsá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Urriðafossvirkjun (31)

I protest against placing of the hydropower stations along the lower river Thjórsa' in "nytingarflokkur" because of the resulting damages in nature. Waterfalls and traditional riding and walking paths will be destroyed. Salmon will propably die. Save Thjórsá for next generations and move the plans to "bidflokkur".

Umsögn 79 – Guðgeir Kristmundsson

Landsvæði: Suðurland - Þjórsá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd:

Nú þegar við þurfum að endurmeta okkar gildi eftir tímabil græðgi, skammsýni, bóluskapandi hagvaxtarhugmyndafræði og ofnýtingu á náttúruauðlindum okkar, eigum við að setja þessar hugmyndir á frest og leggja meiri áherslu á náttúruvernd.

Umsögn 80 – Hjörleifur B. Kvaran

Landsvæði: Suðurland - Geysissvæði (Háhiti)

Eigendur Haukadals 2, 3, 4, Suðurgafls og Tortu gera athugasemdir við drög að þingsályktunartillögu iðnaðarráðherra. Geysissvæðið fellur í verndarflokk sem er íþyngjandi ákvörðun gagnvart eignarréttindum landeigenda. Nauðsynlegt er að stjórnvöld setji málið í boðlegan farveg gagnvart hagsmunaaðilum eignarréttinda.

Umsögn 82 - Náttúruverndarsamtök Suðvesturlands

Almenn umsögn

Í drögum að þingsályktunartillögu um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, Rammaáætlun, fellur ekkert svæði á Reykjaneskaga vestan Brennisteinsfjalla (68) í verndarflokk og einungis tvö í biðflokk, Trölladyngja (65) og Austurengjahver (67). Þessi þrjú svæði, auk tveggja svæða í orkunýtingarflokki, Sandfells (64) og Sveifluháls (Krýsuvík) (66) eru öll innan Reykjanesfólkvangs, eins vinsælasta útivistarsvæðis í nágrenni höfuðborgarsvæðisins (Innnesja og Suðurnesja). Sveifluhálsi (Krýsuvík) tilheyra m.a. hverasvæðin í Seltúni og Baðstofu undir Hverafjalli. Við álítum að orkunýting á þessu svæði samrýmist ekki markmiðum fólkvangsins og leggjum því til að þau verð öll sett í verndarflokk og stefnt að stofnun eldfjallaþjóðgarðs á Suðvesturlandi.

Umsögn 83 – Valorka ehf.

Almenn umsögn

Ótrúverðugt er að umhverfismat sé á hendi virkjunaraðilans sjálfs og heyri undir iðnaðarráðherra í stað umhverfisráðherra. Þróngsýni er að beina einungis athygli að litlum hluta orkulinda landsins. Nýting sjávarorku verður mikil í nánustu framtíð og mun skekkja allar niðurstöður þessarar áætlunar. Fyrir Alþingi liggur nú tillaga (mál nr 30 á yfirst. þingi) um að hefja rannsóknir á umfangi sjávarorku. Sú tillaga var lögð fram fyrir hvatningu Valorku ehf og að henni standa þingmenn úr öllum flokkum. Mikilvægt er að hún verði samþykkt fljótlega.

Umsögn 85 - Ragnheiður Júlía Ragnarsdóttir

Almenn umsögn (neðri Þjórsá)

Það hefur verið reglulega sorglegt að fylgjast með umræðum um mögulegar virkjanir í Þjórsá. Mér finnst ekki nægilega mikið hafa verið rætt um þau neikvæðu áhrif sem hlytust af þessum virkjunum

og ég geri alvarlegar athugasemdir við hvernig staðið hefur verið að þessu ferli öllu saman. Ég mótmæli því að svæðin við Þjórsá séu í Orkunýtingarflokki og legg til að þau verði færð í verndarflokk.

Umsögn 86 - Náttúruverndarsamtök Suðvesturlands

Almenn umsögn

Athugasemdir og andmæli vegna breytinga á aðalskipulagi Ölfuss, 2002-2014. Vitað er að brennisteinsvetni og útblástur frá jarðhitavirkjunum og blásandi borholum hefur neikvæð áhrif á gróðurfar. Ljóst er því að fyrirhugaðar virkjanir og iðnaðarsvæði við Gráhnjúka, Hverahlíð og Bitru munu hafa neikvæð áhrif á mosa og annan gróður.

Umsögn 87 – Tryggvi Felixson

Almenn umsögn

Fagna framkomnum drögum að að þingsályktunartillögu um rammaáætlun. Umfangsmikil og vönduð vinna liggur að baki sem og góður vilji til að skoða auðlindanýtingu í stærra samhengi en gert hefur verið hingað til. Þessi vinna skapar forsendur fyrir því að taka megi yfirvegaðar og skynsammar ákvarðanir um landnotkun. Það því mikilvægt að Alþingi bindi nú endahnút á þennan áfanga á núverandi þingi. Tillagan sem lögð hefur verið fram til umsagnar er á margan hátt vel útfærð málamiðlun sem ætti að auðvelda bæði umhverfisráðherra og Alþingi að finna ásættanlega lausn sem dugar í einhvern tíma. Fara ber mjög varlega við að nýta verðmætt land til virkjunarframkvæmda ef það veldur skaða á náttúru og landslagi. Ríkir samfélagslegir hagsmunir þurfa að vera í húfi ef fórn á náttúruarfi fyrir orku. Nú þegar hefur orkuþörf þjóðarinnar verið mætt og hagkvæmasti virkjunarkostur framtíðarinnar er bætt orkunýtni. Náttúra landsins, víðerni og hálendi eru á bæði hagræna og menningarlega mælikvarða ein verðmætasta auðlind þjóðarinnar sem ber að vernda til framtíðar.

Umsögn 88 - Þóra Kristín Ásgeirsdóttir

Landsvæði: Suðurland - Þjórsá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Hvammsvirkjun, Holtavirkjun og Urriðafossvirkjun

Ég lýsi yfir harðri andstöðu við Hvammsvirkjun, Holtavirkjun og Urriðafossvirkjun og lýsi fyllstu samstöðu og samúð með öllu því fólki sem búið hefur við misrétti, þöggun og ósannindi af völdum opinberra aðila í meira en áratug. Ég hef þekkt þessa sveit frá barnæsku og best síðustu tíu árin. Það hefur verið sorglegt að fylgjast með þróun byggðar og þeirri miklu vinnu sem fólk hefur lagt á sig án sýnilegs árangurs til að verja sig gegn ofríki hins opinbera. Sú vinna er talin í árum.

Umsögn 89 - Náttúruverndarsamtök Suðvesturlands

Almenn umsögn

Reykjaneskaginn eitt merkilegasta svæði heims. Ljóst er að sú eldvirknináttúra sem Reykjaneskaginn hefur að geyma bíður upp á ótal tækifæri af þessum toga og ýmis konar tengingar við ferðaþjónustu, útivist og fræðslustarf.

Umsögn 90 – Björn Pálsson

Landsvæði: Reykjaneskagi - Hengilssvæði (Háhiti)

Virkjunarhugmynd:

Lýst er stuðning við að Bitra og Grændalur verði í flokki verndar. Þá lagt til að Þverárdalur fari úr biðflokki í verndarflok, einnig Ölfusdalur og Innstidalur. Hverahlíð, Meitilinn og Gráhnúkar verði sett í biðflokk.

Umsögn 92 – Hörður Einarsson

Almenn umsögn

Ég undirritaður styð umsögn Náttúruverndarsamtaka Suðvesturlands og umsögn Ásdísar Thoroddsen að því er varðar Reykjaneskagann sérstaklega. Við afgreiðslu máls þessa ber að hafa framtíðarsýn og fyrirhyggju um hagsmuni íslensku þjóðarinnar í öndvegi. Sérhagsmunagæzla þjóðkjörinna fulltrúa úr sögunni.

Umsögn 93 – Edda Pálsdóttir

Landsvæði: Suðurland - Þjórsá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Hvammsvirkjun (29)

Mig langði að koma á framfæri nokkrum athugasemdum við rammaáætlun vegna virkjana í neðri hluta Þjórsár. Annars vegar er um að ræða ritgerð sem ég vann ásamt tveimur öðrum nemendum við Háskóla Íslands í áfanganum jarðfræði fyrir verkfræðinga. Þar er farið yfir jarðfræðilega áhættuþætti sem fylgja því að reisa virkjun á þessu svæði. Sem dæmi um stóran áhættuþátt má nefna þá staðreynd að fyrirhuguð virkjun yrði reist á virku jarðskjálftasvæði. Hins vegar langaði mig að benda á að fram hafa farið friðsamlega mótmæli hjá ungliðahreyfingu Sólar á Suðurlandi, en í henni sitja bæði heimamenn og aðrir sem er annt um svæðið. Nú síðast settum við upp listaverk og framkvæmdum gjörning til að vekja athygli á málsstaðnum sem hluta af Listahátíð Háskóla Íslands vegna aldarafmæli háskólans.

Umsögn 94 - Íslenskir Fjallaleiðsögumenn

Almenn umsögn

Fagna því að tekið hefur verið af skarið með vernd Torfajökulssvæðisins alls og að allar hugmyndir um gufuaflsvirkjanir á því svæði verði slegnar af. Einnig fagna ÍFLM að ekki verði af virkjunum í Markarfljóti, efri hluta Skaftár, Bjallavirkjun og efri hluta Hólmsár. Mjög mikilvægt er að friða þetta stærsta útivistar- og ferðaþjónustusvæði hálendisins. Mjög mikilvægt er að allt suðurhálandið frá Skeiðarárjökli í Austri til Heklu í vestri verði friðað í heild sinni og nýtist útivist og ferðaþjónustu framtíðar. Slíkt samræmist hugmyndum um tengingu með göngubrú yfir Skaftá sem komnar eru inn á skipulag. Í því ljósi fagna ÍFLM því að Djúpa verði ekki virkjuð en harma að Hverfisfljót skuli ekki vera sett í verndarflokk. Eins leggjast ÍFLM eindregið gegn því að virkjað sé í neðri hluta Hólmsár og Skaftár (með Búlandsvirkjun) og hvetja eindregið til að þessar virkjanahugmyndir verði teknar úr biðflokk yfir í verndarflokk. ÍFLM telja að ekki komi til greina annað en að slá allar hugmyndir um virkjanir í Hvítá og Skjálfafljóti, af, af sömu ástæðum og greinir hér að ofan og leggja til að þær tvær virkjana hugmyndir sem settar voru í biðflokk í þessum ám verði settar í vernd. ÍFLM telur einnig að sjálfkrafa eigi að slá af allar hugmyndir um virkjanir sem skerði möguleika þess að reka flúðasiglingar í Skagafirði. ÍFLM fagna að tekin sé af öll tvímæli um virkjanahugmyndir við Öskju og hún sé sett í verndarflokk. ÍFLM telja jafnframt að ekki eigi að virkja á svæðinu frá Öskju norður að Þjóðvegi 1 og leggja því til að Fremri Námar verði sett í verndarflokk. ÍFLM telja að Reykjanesið eigi að vernda sem Eldfjallapjóðgarð sem næði einnig yfir á Austanvert Hengilssvæðið. Þess vegna leggjast ÍFLM algerlega gegn því að Sveifluháls sé settur í verndarflokk og telja að hann eigi að vernda. Eins teljum við að setja eigi Trölladyngju í verndarflokk. Af þessari ástæðu leggjast ÍFLM einnig algerlega gegn hugmyndum um virkjanir í Þverárdal, Innstadal og Ölfusdal og hvetja til að þessi svæði verði sett í verndarflokk. Hinsvegar fagna ÍFLM að Bitra skuli vera sett í verndarflokk. Þetta eru gríðarlega verðmæt svæði fyrir ferðaþjónustu nútíðar og framtíðar auk þess að vera mikilvæg útivistarsvæði Reykvíkinga.

Umsögn 95 – Rangárþing ytra

Landsvæði: Suðurland - Þjórsá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd:

Rangárþing ytra fagnar þeim áfanga sem nú er náð að fyrir liggja drög að þingsályktunartillögu um vernd og orkunýtingu náttúrusvæða. Fara þarf gætilega ef og þegar Skrokkölduvirkjun verður byggð. Fullt samráð verði haft við landeigendur vegna Hvammsvirkjana og Holtavirkjunar. Sveitarstjórn furðar sig á þeirri ákvörðun að setja Norðlingaölduveitu í verndarflokk þegar hagkvæmnin er svona mikil og áhrif á náttúruna takmörkuð. Frekar biðflokk. Sveitarfélagið njóti ávallt hags af nýtingu auðlinda í lögsögu þess.

Umsögn 96 - Náttúruverndarsamtök Suðvesturlands

Almenn umsögn

Sérstaða Reykjanesskagans v/rammaáætlunar um vernd og nýtingu náttúrusvæða. Jarðvangur þarfnast ekki lagasetningar og friðlýsingar. Höfuðáhersla er á mesta sérkenni Reykjanesskagans – jarðmyndanir en einnig mikil áhersla á menningarminjar og stuðning við búsetu á viðkomandi svæði og sjálfbæra þróun. Hugsa má sér að svæðið milli Þrengslavegar í austri og Grindavíkurvegar í vestri yrði gert að jarðvangi. Allt svæði milli stranda væri þá í jarðvanginum og þéttbýlisstaðir s.s. Grindavík, Vogar og Þorlákshöfn. Allir eru þeir byggðir á hrauni. Eldfjallagarðurinn Reykjanes – geopark. Hvernig hljómar það?

Umsögn 97 - Náttúruverndarsamtök Suðvesturlands

Almenn umsögn

Skýrsla um ferðþjónustumöguleika í Reykjanesfólkvangi frá 2008, frá stjórn Reykjanesfólkvangs.

Umsögn 98 - Björg Eva Erlendsdóttir

Landsvæði: Suðurland - Þjórsá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Hvammsvirkjun (29)

Ekki ber öll verkefnisstjórnin ábyrgð á því þingmáli sem hér er til umfjöllunar. Verkefnisstjórn um rammaáætlun lauk aldrei starfi sínu á þann hátt sem upphaflega var ráð fyrir gert og helmingur fulltrúa hennar var settur út úr starfinu áður en endanleg röðun virkjanakosta fór fram. Það tel ég brjóta í bága við erindisbréf verkefnisstjórnarinnar og bókaði við því mótmæli sem fylgja þessari athugasemd. Hálf verkefnisstjórnin ber því enga ábyrgð á röðuninni eins og hún birtist í þingsályktunartillögunni. Þeirri röðun er ég ósammála hvað varðar allar þær virkjanahugmyndir sem illar deilur eru um vegna samfélags, stjórnarfars, réttindi almennings og landslags í byggð. Þannig tókst forystu verkefnisstjórnarinnar að breyta skýrri afstöðu um að verkefnisstjórn hefði ekki lokið starfi sínu í ósk um að samfélagsáhrif yrðu rannsökuð betur í framtíðinni. Þetta hefði verið í lagi, ef allar virkjanir þar sem rannsóknir skortir hefðu verið settar í biðflokk. En forystusveit rammaáætlunar sem lauk röðuninni í samstarfi inni í iðnaðarráðuneytinu lagði það ekki til. Það finnst mér hryggilegt. Flokkunarhópurinn gekk út frá að í biðflokk færi aðeins það sem rannsóknir vantar en gaf sér furðu þröngar og rangar forsendur. Málið virðist því vera þannig vaxið að verkefnisstjórn um vernd og nýtingu rammaáætlunar tók ekki mark á eigin niðurstöðum og kaus að láta sjálfbærnina víkja fyrir þrýstingi um hraðari hagvaxtarsnúning. Skýrsla rammaáætlunar er þrátt fyrir þetta virkilega mikið unnin og margir þættir yfirfarnir vandlega og af kostgæfni góðra vísindamanna. Það er einnig ljóst að starf verkefnisstjórnarinnar bætir stöðu umhverfisverndar á Íslandi frá því sem var. Enda var hún nær engin. En að sama skapi hljóta menn að harma að þrátt fyrir viðurkennda vöntun á rannsóknum er lagt til að ráðist verði í virkjanir einmitt þar sem slíkar rannsóknir skortir sárast. Það meðal annars við um Þjórsárvirkjanir sem mikil andstaða hefur verið við lengi. Þar skortir rannsóknir á stjórnsýslu, landslagi og samfélagsþáttum en einnig á umhverfi og lífríki, eins og fram hefur komið í umræðum um laxastofninn síðustu vikurnar. Skortur á rannsóknum á samfélagslegum áhrifum kom berlega í ljós við samantekt athugasemda almennings eftir að faghópar höfðu kynnt niðurstöður sínar um páskana 2009. Margar athugasemdanna sneru beint að samfélagsáhrifunum en voru ekki gagnrýni á vinnu

þeirra faghópa sem lokið höfðu verki sínu. Alvarlegasta gagnrýnin hafi var á faghópin sem aldrei var stofnaður og vantaði inni í vinnuna. Hópin sem metur sjálft samfélagið og áhrif framkvæmdanna á það. Annar stór galli á skipan faghópa og verkefnum þeirra er að enginn hópur hefur fjallað um náttúruverndina sjálfa og þá sem landnýtingu. Og það vantar nær algjörlega rannsóknir á landslagi. Rammaáætlunin er því vægast sagt götött plagg hvað varðar verndun náttúru og samfélags. Það er góðra gjalda vert og bráðnauðsynlegt að rannsaka greppumosa, sjaldgæfar örverur, skófir og jarðmyndanir, setlög og fornminjar. En það er ekki síður nauðsynlegt að rannsaka landslag og náttúru út frá sjónarmiði samfélagsins. Og það á eftir að gera. Ég vil leggja til að faghópur um samfélagsleg áhrif fái eitt til tvö ár til að skila röðun virkjanahugmynda á forsendum samfélagsins og að endanleg röðun Rammaáætlunar bíði þeirra niðurstaðna. Í ljósi erfiðrar stöðu atvinnulífsins í landinu verði teknar út fyrir sviga þær virkjanir sem enginn sýnilegur ágreiningur er um eða framkvæmdir eru hafnar við.

Umsögn 99 – Suðurorka ehf.

Landsvæði: Suðurland - Skaftá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Búlandsvirkjun (40)

Suðurorka fagnar því að loks hilli undir lok á vinnu við rammaáætlun. Suðurorka gerir þó athugasemdir við niðurstöður rammaáætlunar og vinnubrögð. Afgreiðsla Búlandsvirkjunar innan rammaáætlunar ber merki um að önnur sjónarmið en þau faglegu hafi haft of mikið að segja um niðurstöðu. Þá er með henni lögð hindrun í veg fyrir ábyrgri stefnu Skaftárhrepps um nýtingu landsvæða innan sveitarfélagsins. Að Búlandsvirkjun sé sett í biðflokk er illskiljanlegt því næg gögn liggja fyrir til að flokka valkostinn endanlega og að okkar álit í nýtingarflokk. Öll viðbótarvinna færustu sérfræðinga skilaði síðan slakari gagnaeinkunn í 2. áfanga rammaáætlunar eða 1 A, 2 B og 2 C. Þarna hefur Búlandsvirkjun orðið fyrir því að meiri þekking leiðir til þess að enn meiri kröfur voru gerðar til gagna en ella. Á fundi á skrifstofu orkumálastjóra 28. ágúst 2009 var formanni faghóps 4, Guðna Jóhannessyni, orkumálastjóra, afhent skjöl sem lýstu kostinum. Það var gert eftir leiðsögn frá starfsmanni verkefnisstjórnar rammaáætlunar. Af ókunnum orsökum var samt ekki búið að skilgreina sérstakan valkost vegna umsóknar Suðurorku í nóvember 2009. Í byrjun desember 2009 var ítrekuð beiðni um að fá kost Suðurorku metinn. Í janúar 2010 var kosturinn endurskírður Búlandsvirkjun til þess að fá hann tekinn fyrir. Á fundi um málið samþykkti verkefnisstjóri rammaáætlunar að um mistök hefði verið að ræða hjá verkefnisstjórn. Slík mistök á einkafyrirtækið Suðurorka ekki að þurfa að gjalda fyrir. Suðurorka gerði allt sem mögulegt var til að liðka fyrir málinu. Virkjunarkosturinn var ekki seint fram kominn heldur tregðaðist faghópur 1 við að taka hann til mats sem olli vandræðagangi allra annarra sem að málinu komu. Verði það ákvörðun Alþingis að setja Búlandsvirkjun í biðflokk er nauðsynlegt að fyrir því liggja trúverðugur rökstuðningur. Setja þarf skýrt fram hvað vantar upp á til að ná endanlegri flokkun svo Suðurorka geti unnið markvisst í því að bæta úr, án þess að þurfa að leggja milljónatugi í ýmsa verkþætti sem ekki skipta máli við afgreiðslu rammaáætlunar. Óvissa og dráttur á niðurstöðum rammaáætlunar er að valda verkefninu auknum kostnaði m.a. vegna skilyrða í rannsóknarleyfi. Við mat á Búlandsvirkjun urðu eflaust nokkrir samverkandi þættir til þess að neikvæð stemming varð í kringum virkjanakostinn innan faghópa 1 og 2, s.s. óvönduð skjalastjórn verkefnisstjórnar, eignarhald Suðurorku, fyrri áform um miðlun í Langasjó, kosturinn er stór og veldur því eðlilega nokkru meiri áhrifum en minni kostir, meðbyr jarðvarmavirkjana umfram vatnsafl s.s.

vegna loftmengunar og umhverfisáhrifa. Ef þingmenn treysta sér ekki til að leiðrétta óréttlætið sem Suðurorka varð fyrir við afgreiðslu 2. áfanga rammaáætlunar og flokki Búlandsvirkjun í biðflokk er það lágmarks krafa að Suðurorka verði upplýst um hvaða upplýsingar vantar og sé gefinn kostur á að skila þeim til aðila með umboð til að breyta flokkuninni en þurfi ekki að bíða 3. áfanga rammaáætlunar.

Umsögn 100 - Sveitarfélagið Árborg (*ný gögn*)

Landsvæði: Suðurland - Ölfusá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Selfossvirkjun (38)

Verkefnisstjórn um rammaáætlun ákvað með eins atkvæðis mun að setja virkjun Ölfusár í biðflokk á þeim grundvelli að hugmyndina þurfi að rannsaka frekar. Með skýrslu Veiðimálastofnunar liggja fyrir nýjar upplýsingar, frummat og yfirlit yfir mögulegar mótvægisáðgerðir, sem ekki lágu fyrir þegar ákvörðun verkefnisstjórnar var tekin. Skýrsla Veiðimálastofnunar, þar sem teknar eru saman upplýsingar um fiskstofna á vatnasvæðinu og lagt frummat á hugsanleg áhrif af fyrirhugaðri Selfossvirkjun og einnig bent á mögulegar mótvægisáðgerðir til að tryggja að sem minnst rask verði fyrir fiskistofna á vatnasvæðinu, hefur verið send inn sem gagn í umsagnarferlið.

Umsögn 101 – Bjarni V. Guðmundsson

Landsvæði: Reykjanesskagi - Krýsuvíkursvæði (Háhiti)

Mótmæli öllum virkjunum í Reykjanesfólkvangi. Þetta svæði er einstakt þótt víða væri leitað út frá menningarsögu og jarðmyndunum. Við Íslendingar eigum að sýna þessum fólkvangi þá virðingu sem honum ber en það hefur ekki verið gert fram að þessu. Gera að þjóðgarði. Jarðskjálftahætta.

Umsögn 102 – Landsnet

Almenn umsögn

Almennar athugasemdir um mikilvægi rammaáætlunar og tengsl hennar við lögbundna starfsemi Landsnets. Ábendingar varðandi útreikninga tengikostnaðar í fyrirbyggjandi gögnum 2. áfanga rammaáætlunar. Aðferðarfræði faghóps IV um áætlun tengikostnaðar byggir á ákveðnum forsendum. Bent á að ein af forsendum þess að kostur 21, Hólmsárvirkjun neðri við Atley, er sett í biðflokk, er óvissa um línuleiðir. Tillögur um tengingu Hólmsárvirkjunar neðri við Atley við flutningskerfið, sem og Búlandsvirkjunar (40), hafa verið kynntar landeigendum og fengið jákvæða umfjöllun skipulagsyfirvalda í Skaftárhreppi. Almenn sátt virðist ríkja um tillögu Landsnets að línuleið.

Umsögn 103 – Eva Höfer

Landsvæði: Suðurland - Þjórsá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Urriðafossvirkjun (31)

I protest against placing of the hydropower stations along the lower river Thjórsá in "nýtingarflokkur" because of the resulting damages in nature. Waterfalls and traditional riding and walking paths will be destroyed. Salmon will probably die. Save Thjórsá for next generations and move the plans to "biðflokkur".

Umsögn 104 – Samtök atvinnulífsins

Almenn umsögn

Þingsályktunartillagan felur í all nokkrum tilvikum í sér frávik frá röðun verkefnisstjórnarinnar, þannig að virkjunarkostum sem í röðun verkefnisstjórnar lentu ofarlega út frá nýtingarsjónarmiðum er raðað í biðflokk eða jafnvel verndarflokk, s.s. Bitra, Norðlingaölduveita, Brennisteinsfjöll og Grændalur. Samtökin telja að við flokkun eigi röðun verkefnisstjórnar að hafa mest vægi og að ekki sé rétt að víkja frá þeirri röðun við flokkun virkjunarkosta nema gild rök standi til þess. Atriði eins og nafnlaus könnun meðal verkefnisstjórnar hlýtur að hafa umtalsvert minna gildi. Þá virðist það á skjön við markmið laga nr. 48/2011 að horfa til hagsmuna afmarkaðs svæði eins og höfuðborgarsvæðisins. Benda samtökin á að í frumvarp því sem varð að lögum nr. 48/2011 var byggt á því grundvallarsjónarmiði að ákvörðun um hvort nýta megi landsvæði til orkuvinnslu byggði á heildstæðu og faglegu mati. Samtökin taka undir það sjónarmið Samorku að vænlegasta leiðin til að stuðla að nokkuð víðtækri sátt um rammaáætlun sé fólgin í því að styðjast við röðun verkefnisstjórnar. Samtökin benda á að í athugasemdum við 5. gr. frumvarps sem síðar varð að lögum nr. 48/2011 er undirstrikað að ekki sé miðað við að afla þurfi svo nákvæmra upplýsinga um hvern og einn virkjunarkost og áhrif hans að jafna megi við mat á umhverfisáhrifum framkvæmda samkvæmt lögum nr. 106/2000. Í opinberri umræðu hefur það verið orðað svo að með rammaáætlun sé lagður grunnur að víðtækri sátt í orkunýtingar- og náttúruverndarmálum. Það er enginn grundvöllur sáttar að slá á frest ákvörðunum um nýtingu eða vernd með því að setja virkjunarkosti í biðflokk. Í þessu sambandi verður að hafa í huga að lög nr. 48/2011 taka til landsvæða innan eignarlanda og þau fela í sér takmarkanir á rétti landeigenda til að nýta réttindi sín. Þá verður að horfa til þess að fjárfestingar í orkuverum og tengdum iðjuverum eru grundvöllur þess að markmiðum um auknar fjárfestingar verði náð á næstu árum. Áhersla á fjárfestingar er lítils virði ef ekki liggja á borðinu virkjunarkostir sem unnt er að nýta. Það er áhyggjuefni að í þingsályktunartillögunni felst að af virkjunarkostum í nýtingarflokki eru einungis 700 MW að hámarki sem mögulegt er að ráðstafa á næstu tveimur árum, sbr. ábendingu Samorku.

Umsögn 105 - Samtök ferðapjónustunnar

Almenn umsögn

Virkjanahugmyndir sem nú eru settar í biðflokk eru margar á gríðarlega mikilvægu svæði fyrir ferðapjónustu þ.á.m. Búlandsvirkjun og Hólmsárvirkjanir og Hverfisfljót sem samtökin leggja til að fari í verndarflokk. Eins mótmæla samtökin að Fljótshnúksvirkjun og Búðartunguvirkjun séu settar í biðflokk í stað verndarflokks. Það er skoðun SAF að horfa verði á náttúruauðlindina á mun víðari

grunni en gert hefur verið hingað til og stefna þannig að því að ná saman skipulagi sem horfi til langtímamarkmiða við nýtingu og verndun íslenskrar náttúru.

Umsögn 106 - Sigurgeir Höskuldsson

Landsvæði: Suðurland – Ölfusá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: (Selfossvirkjun (38)

Stífla við Selfoss er hættuspil vegna jarðskjálftahættu, flóðahættu vegna hlaupa í Ölfusá af völdum leysinga og hækkaðs grunnvatns í jörðu. Óljós áhrif á fiskgengd.

Umsögn 107 - Veiðifélag Þjórsár

Landsvæði: Suðurland – Þjórsá (Vatnasvið)

Veiðifélag Þjórsár gerir alvarlegar athugasemdir við að neðri hluti Þjórsár skuli vera sett í nýtingarflokk í Rammaáætlun og gerir kröfu um að Þjórsá verði færð í biðflokk. Með virkjun neðri hluta Þjórsár verður öllum fiskgengum svæðum ógnað. Óljóst er hvernig þessum svæðum verður bjargað.

Umsögn 108 - Nadja Pietzshe (Umsögn á ensku)

Landsvæði: Suðurland – Þjórsá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Urriðafossvirkjun (31)

Þeirri hugmynd að setja Urriðafoss í nýtingarflokk er mótmælt. Neikvæð áhrif á laxagengd og fagrir fossar munu hverfa.

Umsögn 109 - Heike Wenke (umsögn á ensku)

Landsvæði: Suðurland – Þjórsá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Urriðafossvirkjun (31)

Þeirri hugmynd að setja Urriðafoss í nýtingarflokk er mótmælt. Neikvæð áhrif á laxagengd. Lagt til að virkjanahugmyndin fari í biðflokk.

Umsögn 110 - HS Orka

Almenn umsögn

HS Orka hf. fagnar drögum að þingsályktunartillögu og leggur áherslu á skilvirk vinnubrögð í framhaldinu svo endanleg verndar- og orkunýtingaráætlun liggi fyrir sem fyrst. HS Orka hf. gerir athugasemdir við flokkun virkjunarkosta, reglur fyrir biðflokk og setur fram ábendingar til frekari skoðunar.

HS tilkynnti til verkefnisstjórnar fimm virkjunarkosti sem höfnuðu í nýtingarflokki, þeir eru:

Stækkun Reykjanesvirkjunar, Stóra Sandvík, Eldvörp, Sandfell og Sveifluháls.

HS telur virkjunarkostina hafa fengið rökrétt flokkun m.t.t. röðunar sem viðkomandi valkostir fengu í úrvinnslu faghópa rammaáætlunar. HS leggur ríka áherslu á að virkjunarkostirnir verði áfram í nýtingarflokki enda standa fleiri rök til þess en að fella þá í annan hvorn hinna flokkanna.

Ljóst er að eftir úrvinnslu faghópa rammaáætlunar liggja fyrir ítarleg gögn á ólíkum fagsviðum um sérhvern virkjunarkost sem raðað hefur verið í nýtingarflokk. HS bendir á að hugsanlega geta þessi gögn nýst við gerð umhverfismats framkvæmdar og varpar HS hér fram þeirri hugmynd að þau verði með einhverjum hætti gerð aðgengileg fyrir framkvæmdaaðila og leyfisveitendur, t.d. gegn þóknun, þegar og ef virkjunarkostur kemur til álita sem fýsileg framkvæmd.

Umsögn 111 - Jón Páll Garðarsson

Almenn athugasemd

Nóg er komið af virkjunum og álverum ef ekki er gerð áætlun um framleiðsluferli til neytenda á þeim afurðum sem unnið er með. Hægt væri að spara gífurlega orku með að byggja verksmiðjur við hlið álvera og fleyta bræddu ál í röri á milli. Mín athugasemd á við um allar virkjanaráætlanir á Íslandi.

Umsögn 112 - Samtök iðnaðarins

Almenn umsögn

SI hafa ávallt stutt aðferðafræðina sem rammaáætlun byggir á og fagna því að verkefnið er svo langt komið. Gagnrýnt er að í lokaáfangi er vinnan færð frá faglegrri verkefnisstjórn yfir í pólitískt ferli. Í þingsályktunartillögunni er röðun virkjanakosta ekki í góðu samræmi við niðurstöðu verkefnisstjórnar. Pólitískar áherslur í lokahnykk ferlisins rýrir gildi þeirrar vinnu sem fram hefur farið til þessa og minnkar líkur á sátt um niðurstöðuna.

Umsögn 113 - Framtíðarlandið - Ómar Þ. Ragnarsson

Landsvæði: Norðausturland - Kröflusvæði (Háhití) Gjástykki

Svæðið Leirhnjúkur-Gjástykki er ein verðmætasta landslagsheild landsins. Þar er eini staðurinn á jörðinni þar sem hægt er að upplifa rek meginlandanna með ummerkjum og gögnum þar um og sjá æfingasvæði Marsfara. Svæðið gefur miklu meiri verðmæti sem verndarnýtingarsvæði en sem orkunýtingarsvæði.

Umsögn 114 - Samtök álframleiðenda á Íslandi

Almenn umsögn

Samtök álframleiðenda á Íslandi, fagna þessum áfanga í vinnu við Rammaáætlun um vernd og nýtingu náttúrusvæða með áherslu á vatnsafl og jarðhitasvæði. Þessi vinna, sem hófst árið 1999, er mikilvægur liður í að auka samfélagslega sátt um vernd og nýtingu auðlinda hér á landi. Það vekur athygli að í þingsályktunartillögunni er í mörgum tilfellum vikið frá þeirri flokkun sem fram kom í skýrslu Verkefnisstjórnar frá því í júní á þessu ári. Í skýrslunni er þeim virkjanakostum sem teknir voru til mats gefin einkunn eftir nýtingar- og verndargildi sínu. Röðun virkjanakosta í verndar-, bið- og nýtingarflokk í þingsályktunartillögunni er ekki í samræmi við þessa einkunnagjöf Verkefnisstjórnar. Með þessu fær vinna við Rammaáætlun á sig pólitískt yfirbragð. Mikilvægt er að um þennan málaflokk náist breið sátt sem unnt sé að vinna út frá næstu árin, bæði hvað varðar verndun og nýtingu. Gert er ráð fyrir að Rammaáætlun sé endurskoðuð með reglubundnum hætti og það er því mikilvægt að unnið sé út frá faglegum sjónarmiðum í hvívetna, óháð pólitísku landslagi hverju sinni.

Umsögn 115 - Stjórn Reykjanesfólkvangs – Sverrir Bollason

Landsvæði: Reykjanes

Fagna ber verndun Brennisteinsfjalla sem er friðsæl fjallavin við jaðar borgarmarkanna. Að sama skapi er leitt að Krýsuvíkursvæðið sé sett í nýtingarflokk þar sem önnur nýting, ferðamenska og náttúruskoðun er þegar fyrirferðamikil á svæðinu og óvíst um það hvort það fari saman.

Þessi niðurstaða gefur tilefni til hugleiðinga um tilgang þess að vernda svæðið með þeim skilyrðum sem um fólkvanga gildir. Einnig gefur það tilefni til vangaveltna um hlutverk fólkvanga almennt sem verkfæri til verndunar náttúru.

Umsögn 116 - Renate Hannemann & Ólafur Arnar Jónsson – HERRÍÐARHÓLL

Landsvæði: Suðurland – Þjórsá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Urriðafossvirkjun (31)

Urriðafossvirkjun - nei takk! Í meira en áratug hafa virkjanaáform í neðri hluta Þjórsár litað okkar líf. Óvelkomnar og tímafrekar heimsóknir frá Landsvirkjun og þeim tengdum aðilum, háir lögfræðingsreikningar til að fá aðstoð á ómaklegum fundum, takmarkað skipulagsfrelsi á sinu eigin landi, klofið samfélag, nagandi óvissa og endalausar umræður. Þetta er ekki mönnum boðlegt. Urriðafossvirkjun - nei takk!

Umsögn 117 - Umhverfisstofnun

Almenn umsögn

Í umsögn Umhverfisstofnunar er tillögunum fagnað og faglegum vinnubrögðum hrósað. Þá leggur Umhverfisstofnun áherslu á að reynt verði að skapa sem mest jafnvægi milli ólíkra sjónarmiða um vernd og nýtingu með sjálfbæra þróun íslensks samfélags og virðingu fyrir íslenskri náttúru að leiðarljósi.

Umsögn 118 - Gunnar Njálsson

Landsvæði: Suðurland – Þjórsá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Holtavirkjun – Urriðafossvirkjun (31)

Urriðafossvirkjun: (31)

Eyðileggingar sem þessar framkvæmdir valda eru margþættar. Stór og gróin landsvæði fara undir vatn og fiskigengd mun stórraskast. Áin mun bókstaflega hverfa. Áin hefur að geyma fallega fossa, eins og Búðafoss, sem mun hverfa og Urriðafoss sem er nú aflmesti foss landsins og mikið aðdráttarafl ferðamanna.

Áformum Landsvirkjunar mótmælt og þess krafist að Urriðafossvirkjun í Þjórsá verði færð úr orkunýtingarflokk í verndarflokk.

Holtavirkjun: (30)

Farvegur Þjórsár Árnessýslumegin yrði vatnslítill eða þurr á 8-9 km kafla. Lónið mun hafa áhrif á tún og beitilönd fjögurra jarða. Áformum Landsvirkjunar mótmælt og þess krafist að Holtavirkjun í Þjórsá verði færð úr orkunýtingarflokk í verndarflokk.

Umsögn 119 - Gunnar Njálsson

Landsvæði: Suðurland – Þjórsá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Hvammsvirkjun (29)

Ef áætlun Landsvirkjunar nær fram að ganga, mun ásýnd landbúnaðarhéraðanna umhverfis breytast til hins verra. Þjórsá mun verða vatnslítill neðan stíflu á löngum kafla og tún og gróðurlendi fara undir lónstæði. Neðan við hið fyrirhugaða lón er mjög sérstök eyja, sem hefur verið nefnd Minnanúpshólmi, eða Viðey, þakin um 2ja metra háu birkikjarri. Þetta er eini náttúrulegi birkiskógurinn sem þarna sést. Straumþung og djúp áin hefur hlíft eyjunni við ágangi manna og búfjár. Verndargildi eyjarinnar er mikið, en ef af virkjun yrði, nyti hún ekki lengur friðunar af ánni. Framburður Þjórsár myndi fljótlega fylla grunnt lónið og því er gert ráð fyrir að dæla honum upp og koma fyrir á nokkrum stöðum við ána. Áformum Landsvirkjunar mótmælt og þess krafist að Hvammsvirkjun í Þjórsá verði færð úr orkunýtingarflokk í verndarflokk.

Umsögn 120 - Gunnar Gunnarsson

Landsvæði: Suðurland – Ölfusá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Selfossvirkjun (38)

Ég undirritaður Gunnar Gunnarsson bóndi Selfossi 1 geri með þessu bréfi alvarlegar athugasemdir við tillögu til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, sem gerir ráð fyrir að virkjun Ölfusár við Selfoss verði sett í biðflokk. Ég tel að Ölfusá við Selfoss skuli sett í verndarflokk, til að vernda laxastofninn í ánni, mannlífið í Flóanum, náttúruna og hreinleika vatns og andrúmslofts. Áform Bæjarstjórnar Árborgar sem virkjunaraðila um uppkaup á veiðirétti bænda eru reifarakennd og algjörlega óraunhæf auk þess að vera ólögleg.

Umsögn 121 - Ólafur Sigurjónsson

Landsvæði: Suðurland – Þjórsá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Urriðafossvirkjun (31)

Farvegur Þjórsár verðu meira eða minna þurr. Mikil hætta á leka úr lóninu, miklar jarðskjálftasprungur á svæðinu og jarðskjálftahætta. Mikil röskun á grunnvatni. Fráveitur á Skeiðum og niður í Flóa gætu verið í hættu vegna mengunar verði virkjað. Minni framburður. Áhrif á fiskistofna við landgrunnið. Áhrif á landbúnaðarland. Fyrirsjáanleg áhrif á laxastofn í ánni. Lítið rannsakaðar fornminjar fara undir vatn. Ekki ásættanlegt að framkvæmdaaðili sjái sjálfur um umhverfismat. Hætta í byggð ef stíflur rofna. Þeir faghópar sem telja sig geta raðað blómlegum byggðum á dauðalista yfir stórvirkjanir, verða að átta sig á að það býr fólk á þessu svæði. Á kynningu á Selfossi sem faghópar rammaáætlunar stóðu fyrir var hvergi talað um fólk. Þetta eru forkastanleg vinnubrögð og talandi dæmi um það ofbeldi sem við íbúar á svæðinu höfum mátt þola í þessu efni.

Umsögn 122 - Skipulagsstofnun

Landsvæði: Almenn umsögn

Umhverfisáhrif verndar- og orkunýtingaráætlunar - umhverfismatskýrslan

Skipulagsstofnun telur mikilvægt að hafa í huga að sú tillaga sem nú liggur fyrir að verndar- og orkunýtingaráætlun er að mörg leyti sérstök áætlun. Þar sem röðun virkjanakosta af hálfu verkefnisstjórnar var ein meginforsenda við gerð tillögu að verndar – og orkunýtingaráætlun telur Skipulagsstofnun vert að hafa í huga að áætlunin byggir í grunninn á viðamikilli greiningu og mati á umhverfisáhrifum virkjanakostanna. Varðandi forsendur röðunar telur Skipulagsstofnun að betur þurfi að rökstyðja betur þar sem vikið er frá röðun verkefnisstjórnar í flokkun í þingsályktunartillögu. Sérstaklega þurfi að skýra betur könnun sem fram fór innan verkefnisstjórnar. Þessi forsenda er ógagnsæ og engin leið að átta sig á því sem liggur til grundvallar könnuninni annað en persónuleg afstaða þeirra sem sátu í verkefnisstjórn.

Skipulagsáætlanir. Allir þrír tilgreindir flokkar hafa áhrif á skipulagsgerð sveitarfélaga, ekki bara verndar og nýtingarflokkar.

Árétta þarf að djúpboranir geta ekki talist til rannsókna sem eru „ekki leyfisskyldar“.

Gera hefði þurft betri grein fyrir samlegðaráhrifum áætlunarinnar á aðra þætti en raforkugetu, svo sem á helstu náttúrufarsþætti.

Flokkun nokkurra virkjanakosta er rökstudd sérstaklega og telur Skipulagsstofnun að rökstyðja hefði þurft sérstaklega flokkun fleiri virkjanakosta og nefnir sérstaklega Urriðafossvirkjun og Brennisteinsfjöll.

Skýra þarf betur litakóða í töflum 3.4-3.6.

Eftir endanlega afgreiðslu skulu eftirtalin gögn send Skipulagsstofnun sbr. 9. gr. laga um umhverfismat áætlana, og f. lið 4. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

- a) Endanleg áætlun
- b) Greinargerð um hvernig umhverfissjónarmið voru felld inn í áætlunina og hvernig höfð var hliðsjón af umhverfisskýrslu og athugasemdum sem bárust á kynningartíma tillögu og umhverfisskýrslu og rökstuðningur fyrir endanlegri áætlun í ljósi þeirra valkosta sem skoðaðir voru.
- c) Hvernig haga skuli vöktun vegna líklegar verulegra umhverfisáhrifa komi áætlunin eða einstakir þættir hennar til framkvæmda.

Umsögn 123 - Erna Gunnarsdóttir

Landsvæði: Suðurland – Ölfusá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Selfossvirkjun (38)

Þess er krafist að virkjun Ölfusár verði sett í verndarflokk. Að virkjun á þessum stað skuli vera í biðflokki er óásættanleg staða. Það má aldrei gerast að Ölfusá verði virkjuð við Selfoss. Þeir fulltrúar í verkefnastjórn um rammaáætlun sem hafa af óskiljanlegum ástæðum fundið rök fyrir því að setja Selfossvirkjun í biðflokk hefðu átt að kynna sér hverjar afleiðingar virkjunar á þessum stað geta haft. Neðan við stíflu sem byggð yrði er þéttbýlasti hluti suðurlands. Í húfi eru þúsundir mannlífa, náttúra, lífríki, veiðihlunnindi, mannvirki og ímynd.

Umsögn 124 - Bergþóra Guðbergisdóttir

Landsvæði: Suðurland – Þjórsá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Urriðafoss (31)

Ég hef búið í Forsæti við bakka Þjórsár í 43 ár og hef mjög ákveðnar skoðanir á náttúruvernd. Mér finnst erfitt að hugsa til þess að komandi kynslóðir séu sviptar náttúruperlum sbr. Urriðafoss sem fólk hefur lifað með frá landnámi. Um allan heim er verið að fórnar landgæðum og náttúruperlum til stórfyrirtækja og rányrkja stunduð grimmt í skjóli hámenntaðs fólks sem ætti að vita betur. Tilveran snýst ekki eingöngu um peninga og endalusan hagvöxt. Nú er mál að staldra við og marka heilbrigða stefnu um það hvers konar þjóðfélag við viljum byggja upp til langs tíma litið en ekki keyra á skyndilausnum vatnsfallsvirkjana og stóriðju.

Umsögn 125 - Náttúruverndarsamtök Vestfjarða - Jóna Benediktsdóttir – Þórhallur Arason

Landsvæði: Vestfirðir – hálendi Vestfjarða – Ófeigsfjörður (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Hvalárvirkjun (4)

Náttúruverndarsamtök Vestfjarða eru ekki þeirrar skoðunar að færa skuli Hvalárvirkjun í Ófeigsfirði yfir í verndarflokk. Umhverfisspjöll á gróðri, dýraríki o.fl. er ekki hægt að ætla að verði veruleg umfram það sem kann að verða á afmörkuðum virkjunarstað Hvalárvirkjunar.

Umsögn 128 – Ásdís Hlökk Theodórsdóttir

Landsvæði: Almenn umsögn – Grein birt á visir.is 11.11.11.

Rammaáætlun virðist eiga að vera ótímabundin, þ.e. hún virðist eiga að skilgreina ramma um orkunýtingu vatnsafls og jarðvarma í landinu til allrar fyrirsjáanlegrar framtíðar. Miðað við fyrirliggjandi tillögu að rammaáætlun þýðir það að hægt verður að nýta, til viðbótar því sem þegar hefur verið nýtt, um 13 teravattstundir í vatnsafl og jarðvarma. Í því sambandi er sérstaklega athyglisvert að ríkisfyrirtækið Landsvirkjun hefur gefið það út að fyrirtækið hafi hug á að virkja 11 teravattstundir á næstu 15 árum, þ.e.a.s. nær alla virkjanlega orku í landinu til allrar framtíðar skv. rammaáætlun (ef ekki er horft til biðflokksins). Og þá erum við ekki farin að leggja við áform OR, HS og annarra aðila í virkjunarbransanum. Og þá getur maður spurt: Felur þessi yfirlýsing ríkisorkufyrirtækisins í sér stefnu stjórnvalda um orkunýtingu? Er það stefna stjórnvalda að það verði byggðar nýjar virkjanir upp á a.m.k. 11 teravattstundir á næstu 15 árum? Í því sambandi er rétt að muna að t.d. tvö ný álver myndu nýta lungann úr þessum 11 teravattstundum.

Í umsögninni er einnig velt upp tengslum rammaáætlunar og skipulagsvalds sveitarfélaga og umhverfisáhrifum orkunýtingar. Því er haldið fram að umhverfisskýrsla veiti engin svör um heildarumhverfisáhrif rammaáætlunar.

Umsögn 129 – Renate Bigler (umsögn á ensku)

Landsvæði: Suðurland – Þjórsá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Urriðafossvirkjun (31)

Þeirri hugmynd að setja Urriðafoss í nýtingarflokk er mótmælt. Neikvæð áhrif á laxagengd. Lagt til að virkjanahugmyndin fari í biðflokk.

Umsögn 130 – Áslaug Haraldsdóttir

Landsvæði: Suðurland – Þjórsá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Hvammsvirkjun (29)

Ég mótmæli frekari virkjunum í neðri hluta Þjórsár. ATH ekki hægt að opna viðhengi

Umsögn 131 – Valgerður Erlingsdóttir

Landsvæði: Suðurland – Þjórsá (Vatnasvið)

Ég undirrituð styð að virkjanir í neðri hluta Þjórsár, þ.e. Hvammsvirkjun, Holtavirkjun og Urriðafossvirkjun verði færðar úr nýtingarflokki í verndarflokk. Samfélagsleg áhrif Hvammsvirkjunar, Holtavirkjunar og Urriðafossvirkjunar hafa ekki verið könnuð, en áform um þær hafa þegar valdið miklum ágreiningi meðal íbúa í sveitum vestan Þjórsár. Mikil áhrif á laxastofninn. Þjórsá virkar í dag sem sauðfjárveikivarnargirðing milli Árnes og Rangárvallasýslna. Þyrfti að girða bakka árinna ef af virkjun yrði.

Umsögn 132 – Erlingur Loftsson

Landsvæði: Suðurland – Þjórsá (Vatnasvið)

Er mjög fylgjandi því að virkjanir í neðrihluta Þjórsár fari í svokallaðan biðflokk. Ótækt er að ekki skuli einu sinni liggja fyrir rannsóknir á lífríki árinna sem marktækar væru t.d. á fiskigengd vatnasvæðisins í heild. Veiðieigendur munu óska eftir að slík rannsókn verði unnin af óháðum aðilum. **ATH ekki hægt að opna viðhengi**

Umsögn 133 – Þorleifur Gunnlaugsson

Almenn umsögn

Í tillögunni eru settar fram hugmyndir um það hvernig Íslendingar eigi að nýta náttúrusvæði til framtíðar. Svæðin eru sett þrjá flokka eftir hugmyndum frá starfshópi Iðnaðarráðuneytisins. Þó mikil og góð vinna liggi til grundvallar þessari flokkun og mörgu beri að fagna verður að benda á að þar orkar margt tvímælis. Grundvöllur ákvarðanatöku veikur. Hætta á að hagsmunir orkufyrirtækjanna vegi þyngra en hagsmunir annarra vegna betri gagna. Tekið fram að litlar upplýsingar séu til um þætti taldir eru upp og talið að frekari upplýsingar vatni um: Samfélagsáhrif; náttúruvernd sem landnýting; sjálfbær nýting; hagsmunir annarra sem not gætu haft af sömu auðlind; ferðamennska og útivist, sérstaklega í grennd við höfuðborgarsvæðið; útivist heimamanna; ímynd svæða og að lokum landslag.

Umsögn 134 – Björg Eva Erlendsdóttir

Landsvæði: Suðurland – Þjórsá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Hvammsvirkjun (29)

Málaferli vegna hundrað ára samfélagsvanda. Þetta er dæmisaga um samfélagsleg álitamál tengd áformum um virkjanir við Þjórsá og hvernig óvissa um samninga og óvænt tækifæri til að græða ýta samskiptum fólks út fyrir eðlileg mörk og næra lagakrækjuréttarfar. Óvissa, lagakrækjur, sérkennilegir

samningar og vörpun ábyrgðar á saklausa borgara hafa einkennt ferlið við Þjórsá og annarsstaðar sem virkjað er. Þetta er ein af mörgum ástæðum þess að samfélags og stjórnsýsluþætti þessara mála þarf að taka alveg í gegn. Og það þarf að vernda samfélagið við Þjórsá með friðun eftir það sem á undan er gengið.

Umsögn 135 – Hrafnhildur Ágústsdóttir

Landsvæði: Suðurland – Þjórsá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Holtavirkjun (30)

Við ábúendur jarðarinnar Stöðulfells í Skeiða og Gnúpverjahreppi gerum alvarlegar athugasemdir við þingsályktun um Rammaáætlun lðnaðarráðuneytisins. Ef að þessari virkjun verður, verður mikil breyting á því umhverfi sem nú er. Fyrir utan að vatni árinna verði veitt úr sínum upprunalega farvegi og eyðileggur það útsýni sem við horfum nú á og verið hefur um aldir, þá takmarkast þau hlunnindi sem fylgt hafa jörðinni um árabíl það er lax og silungsveiði sem hafa verið nýtt eftir bestu getu og verið til tekna og búdrýginda. Búsvæði laxa munu tortímast.

Því er það krafa okkar að öll áform um virkjanir í Þjórsá verðar settar í biðflokk og farið verði yfir allar rannsóknir á Þjórsársvæðinu af hlutlausum erlendum aðilum.

Umsögn 136 – Margrét Öxnevad (umsögn á norsku)

Landsvæði: Suðurland – Þjórsá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Hvammsvirkjun (29)

Margrét mótmælir því að Þjórsá verði stífluð við Haga í Þjórsárdal. Segist þekkja svæðið vel og að þar sé amma sín fædd og uppalin. Erlendis eru Íslendingar öfundaðir af fagurri náttúru og þekkja virði hennar betur en Íslendingar sjálfir.

Umsögn 137 – NASF, Verndarsjóður villtra laxastofna

Landsvæði: Suðurland – Þjórsá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Urriðafossvirkjun (31)

NASF, Verndarsjóður villtra laxastofna (North Atlantic Salmon Fund), gerir með þessu bréfi alvarlegar athugasemdir við tillögu til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, sem gerir ráð fyrir að virkjanir í neðri hluta Þjórsár, Urriðafossvirkjun, Hvammsvirkjun og Holtavirkjun, verði settar í virkjunarflokk. NASF telur að þær skuli settar í verndarflokk, til að vernda laxa- og sjóbirtingsstofna í ánni, en til vara að virkjanirnar verði settar í biðflokk á meðan rannsóknir hæfra og óvilhallra vísindamanna fari fram til að meta áhrif framkvæmdanna á einstakan laxastofn árinna. Ennfremur telur NASF að greina þurfi afdrif sjóbirtingsstofns árinna áður en tekin er ákvörðun um virkjanaframkvæmdir.

Umsögn 138 – Verndarsjóður villtra laxastofna

Landsvæði: Suðurland – Þjórsá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Holtavirkjun (30)

NASF, Verndarsjóður villtra laxastofna (North Atlantic Salmon Fund), gerir með þessu bréfi alvarlegar athugasemdir við tillögu til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, sem gerir ráð fyrir að virkjanir í neðri hluta Þjórsár, Urriðafossvirkjun, Hvammsvirkjun og Holtavirkjun, verði settar í virkjunarflokk. NASF telur að þær skuli settar í verndarflokk, til að vernda laxa- og sjóbirtingsstofna í ánni, en til vara að virkjanirnar verði settar í biðflokk á meðan rannsóknir hæfra og óvilhallra vísindamanna fari fram til að meta áhrif framkvæmdanna á einstakan laxastofn árinna. Ennfremur telur NASF að greina þurfi afdrif sjóbirtingsstofns árinna áður en tekin er ákvörðun um virkjanaframkvæmdir.

Umsögn 139 – Bettina Morf Christiansdóttir (Umsögn á ensku)

Landsvæði: Suðurland – Þjórsá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Urriðafoss (31)

Mótmælir virkjanahugmyndum í Þjórsá.

Umsögn 140 – NASF, Verndarsjóður villtra laxastofna

Landsvæði: Suðurland – Þjórsá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Hvammsvirkjun (29)

NASF, Verndarsjóður villtra laxastofna (North Atlantic Salmon Fund), gerir með þessu bréfi alvarlegar athugasemdir við tillögu til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, sem gerir ráð fyrir að virkjanir í neðri hluta Þjórsár, Urriðafossvirkjun, Hvammsvirkjun og Holtavirkjun, verði settar í virkjunarflokk. NASF telur að þær skuli settar í verndarflokk, til að vernda laxa- og sjóbirtingsstofna í ánni, en til vara að virkjanirnar verði settar í biðflokk á meðan rannsóknir hæfra og óvilhallra vísindamanna fari fram til að meta áhrif framkvæmdanna á einstakan laxastofn árinna. Ennfremur telur NASF að greina þurfi afdrif sjóbirtingsstofns árinna áður en tekin er ákvörðun um virkjanaframkvæmdir.

Umsögn 141 – Veiðifélag Grenlækjar

Landsvæði: Suðurland – Skaftá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Búlandsvirkjun (40)

Veiðifélagið telur að flytja eigi Búlandsvirkjun (40) í verndarflokk. Vatnasvið Skaftár og samfella hennar við lindarvötnin á svæðinu er einstakt og enn eru þau óröskuð af virkjanaframkvæmdum. Lífríki sumra svæðanna var svo auðugt að þau voru sett á Náttúruminjaskrá og er vilji Umhverfisstofnunar að friðlýsa votlendi Grenlækjar og Eldvatns. Veiðimálastofnun telur verndargildi sjóbirtingsstofna lindarvatna í Landbroti og Meðallandi ótvírætt ekki aðeins á landsvísu heldur einnig á heimsvísu. Efnahagsleg verðmæti við nýtingu veiðihlunninda er mjög þýðingarmikill þáttur í afkomu fólks og byggðar á svæðinu. En í ljósi hvítbókar um náttúruvernd sem gefin var út af Umhverfisstofnuninni 2011 ætti þessu líkt ekki að endurtaka sig.

Umsögn 142 – Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

Almenn umsögn

Í meginráttum telur Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur (HER) að ígrunda þurfi betur hugsanleg heilsufarsáhrif á almenning vegna mengunar frá [jarðhita]virkjunum og að taka þurfi mið af samlegðaráhrifum virkjunarkosta hvað varðar mengun vegna brennisteinsvetnis og gera vatnsgæðum hærra undir höfði. Sérstakar athugasemdir eru gerðar við umhverfisskýrslu verndar- og orkunýtingaráætlunar. HER minnir á markmið laga um hollustuhætti og mengunarvarnir sem er að búa landsmönnum heilnæm lífsskilyrði og vernda þau gildi sem felast í heilnæmu og ómenguðu umhverfi. HER telur að ígrunda þurfi betur hugsanleg heilsufarsáhrif á fólk vegna mengunar en gert er í verndar- og orkunýtingaáætluninni, að taka þurfi mið af hugsanlegum samlegðaráhrifum milli virkjunarkosta og gera vatnsgæðum höfuðborgarsvæðisins hærra undir höfði. HER ítrekar að þau gæði sem felast í ástandi grunnvatns og neysluvatns á vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins eru ómetanleg auðlind sem á að verja til framtíðar með öllum tiltækum aðgerðum.

HER álitur allar framkvæmdir og aðgerðir sem mögulega geta ógnað gæðum neysluvatns höfuðborgarbúa og loftgæðum óásættanlegar. Hér er mikilvægt að varúðarreglan sé viðhöfð með hagsmunum heilbrigðis- og umhverfisþátta í huga í orkunýtingarmálum Íslands.

Umsögn 143 – Landeigendur Reykjahlíðar

Landsvæði: Norðurland – Gjástykkissvæðið (Háhiti)

Virkjunarhugmynd: Gjástykki (100)

Mótmælt er að Gjástykki sé sett í verndarflokk. Það vekur furðu sá yfirgangur og einhliða ákvörðun sem kemur fram í tillögu um að Gjástykki verði sett í verndarflokk, þar sem stærstur hluti svæðisins er með beinum eignarrétti, þ.e. eign landeigenda í Reykjahlíð. Áskilinn er réttur til skaðabóta.

Stjórn LR ehf. tekur undir umsögn allra sveitarfélaga á svæðinu dags. 2.11.2011 þ.e. Norðurþing, Þingeyjarsveit og Skútustaðahrepps um þessi drög að þingsályktun sem send hefur verið inn.

Umsögn 144 – Gunnar Hersveinn

Almenn umsögn

Mæta þar betur heilsufars- og umhverfisáhrif vegna mengunar í stefnunni en gert er í drögnum. Mikilvægt er að varúðarreglan sé ætíð viðhöfð með hagsmuni heilbrigðis- og umhverfisþátta í huga í orkunýtingarmálum Íslands. Ég hef meðal annars áhyggjur af losun brennisteinsvetnis út í andrúmsloftið. Gera þarf rétti almennings til heilnæms umhverfis hærra undir höfði. Blekking að virkjun jarðhita sé endurnýjanleg auðlind.

Umsögn 145 – Friðbjörg Ingimarsdóttir

Almenn umsögn

Varðandi jarðhitavarmavirkjanir var ég að hugsa um að þær þurfi að standast þær kröfur sem gerðar eru um útstreymi eitraðra lofttegunda eins og brennisteinsvetnis. Meta þarf bein hagræn áhrif, umhverfis- og samfélagsáhrif á heilsu og lífsgæði fólks og velferð, við gerð nýrra jarðvarmaverkefna.

ATH sami texti og í umsögn 144.

Umsögn 146 – Karsten Lemme (umsögn á ensku)

Landsvæði: Suðurland – Þjórsá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Urriðafossvirkjun (31)

Því mótmælt að tortíma eigi landi við Þjórsá.

Umsögn 147 – Albert Sigurjónsson

Landsvæði: Suðurland – Þjórsá (Vatnasvið)

Lífríki Þjórsá. Ásynd og umhverfi Þjórsár. Áhrif á ferðapjónustu. Áhætta og áhættumat. Áhrif á samfélag. **ATH get ekki opnað viðhengi**

Umsögn 148 – Johanna Posner (umsögn á ensku)

Landsvæði: Suðurland – Þjórsá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Urriðafossvirkjun (31)

Þeirri hugmynd að setja Urriðafoss í nýtingarflokk er mótmælt. Neikvæð áhrif á laxagengd. Lagt til að virkjanahugmyndin fari í biðflokk.

Umsögn 149 – Ómar Þ. Ragnarsson

Landsvæði: Reykjanesskagi – Svartsengissvæði (Háhiti)

Virkjunarhugmynd: Eldvörp (63)

Gígaröðina Eldvörp ætti að setja í verndarflokk. Fara þarf allt austur að Lakagígum til að finna hliðstæðu. Eldvörp eru í næsta nágrenni við alþjóðaflugvöll og aðdráttarafi fyrir ferðafólk. Eldvörp og Svartsengi eru með sameiginlegan jarðhitageymi og hann tæmist fyrr en ella með Eldvarpavirkjun.

Umsögn 150 – Ralf Koemen

Landsvæði: Suðurland – Þjórsá (Vatnasvið)

Urriðafossvirkjun (31)

Þeirri hugmynd að setja Urriðafoss í nýtingarflokk er mótmælt. Neikvæð áhrif á laxagengd. Lagt til að virkjanahugmyndin fari í biðflokk.

Umsögn 151 – Elín Guðmundsdóttir

Landsvæði: Suðurland – Þjórsá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Hvammsvirkjun (29)

Fyrirhuguð virkjanatillaga ofan við Viðey (Minnanúpshólma) í Þjórsá er byggð á átta ára gömlu mati á umhverfisáhrifum. Ný gögn hafa leitt í ljós að Viðey hafi gríðarlega sérstöðu á lífríki og var hún friðlýst sl. ágúst. Hvammsvirkjun í 1. orkunýtingarflokk byggir því á úreldum gögnum. Með stíflu mun rennsli árinna minna sem getur aukið áhrif manna og dýra í eygni og aukið líkur á breytingu á lífríki í eygni. Lagt til að virkjunarhugmyndin verði færð í verndarflokk.

Umsögn 152 – Sander (Umsögn á ensku)

Landsvæði: Suðurland – Þjórsá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Urriðafossvirkjun (31)

Því mótmælt að virkja eigi Þjórsá sem hafi neikvæð áhrif á náttúru, fossa og lax í ánni.

Umsögn 153 – Elke Sander (Umsögn á ensku)

Landsvæði: Suðurland – Þjórsá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Urriðafossvirkjun (31)

Því mótmælt að virkja eigi Þjórsá sem hafi neikvæð áhrif á náttúru, fossa og lax í ánni.

Umsögn 154 – Fabian Sander (Umsögn á ensku)

Landsvæði: Suðurland – Þjórsá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Urriðafossvirkjun (31)

Því mótmælt að virkja eigi Þjórsá sem hafi neikvæð áhrif á náttúru, fossa og lax í ánni.

Umsögn 155 – Eldvötn, samtök um náttúruvernd í Skaftárhreppi

Landsvæði: Suðurland – Skaftá (Vatnasvið)

Eldvötn – samtök um náttúruvernd í Skaftárhreppi leggja þunga áherslu á að allir virkjanakostir í Skaftárhreppi, sem fjallað er um í drögum að tillögu til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, verði í verndarflokki. Helstu rök samtakanna fyrir verndun svæðisins gegn virkjunum og afleiddum óafturkræfum framkvæmdum af þeirra völdum er hin mikla jarðfræðilega sérstaða svæðisins sem myndar stóra landslagsheild á um 7% af Íslandi. Svæðið einkennist af mikilli eldvirkni og samspili elds og íss. Vatnasvið Kúðafljóts, þar með talin Skaftá, Hólmsá og Tungufljót og vatnasvið jökuláanna í austurhluta svæðisins, Djúpá, Brunná og Hverfisfljót eru enn óröskuð af virkjanaframkvæmdum. Óröskuð vatnasvið eru mikil auðlind sem ber að vernda, ekki síst nú á tímum þegar lítt eða óröskuð vatnasvið heyra til undantekninga á heimsvísu.

Umsögn 156 - Radermacher, Nadine

Landsvæði: Suðurland - Þjórsá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Urriðafossvirkjun (31)

I protest against placing of the hydropower stations along the lower river Thjórsá in "nytingarflokkur" because of the resulting damages in nature. Waterfalls and traditional riding and walking paths will be destroyed. Salmon will propably die. Save Thjórsá for next generations and move the plans to "bidflokkur".

Umsögn 157 - Sander, Rebecca

Landsvæði: Suðurland - Þjórsá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Urriðafossvirkjun (31)

I protest against placing of the hydropower stations along the lower river Thjórsá in "nytingarflokkur" because of the resulting damages in nature. Waterfalls and traditional riding and walking paths will be destroyed. Salmon will propably die. Save Thjórsá for next generations and move the plans to "bidflokkur".

Umsögn 158 - Margrét Öxnevad

Landsvæði: Suðurland - Þjórsá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Hvammsvirkjun (29)

En sterk protest mot at elven Tjórsá blir lagt i rör og demmet opp ved Haga i Tjorsardalur. Jeg kjenner dette området godt i gjennom 40 år, der kom jeg først i 20 års alderen og föler sterk tilknytning til stedet hvor min bestemor ble födt og oppvokst og der jeg selv har vært med på sauesankning og uteliv og forskjellige aktiviteter i alle år. Jeg vil inderlig håpe at det ikke blir noe av planer om slike ödeleggelser fordi det er ödeleggelser av en enestående natur.

Umsögn 159 - Sander, Tobias

Landsvæði: Suðurland - Þjórsá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Urriðafossvirkjun (31)

I protest against placing of the hydropower stations along the lower river Thjórsa' in "nytingarflokkur" because of the resulting damages in nature. Waterfalls and traditional riding and walking paths will be destroyed. Salmon will propably die. Save Thjórsá for next generations and move the plans to "bidflokkur".

Umsögn 160 - Marianne Noack

Landsvæði: Suðurland - Þjórsá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Urriðafossvirkjun (31)

I protest against placing of the hydropower stations along the lower river Thjórsa' in "nytingarflokkur" because of the resulting damages in nature. Waterfalls and traditional riding and walking paths will be destroyed. Salmon will propably die. Save Thjórsá for next generations and move the plans to "bidflokkur".

Umsögn 161 - Ferðafélagið Útivist

Almenn umsögn

Útivist fagnar framkomnum drögum að tillögu til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða. Útivist telur að líta þurfi til miðhálandisins sem einnar samfelldrar heildar sem beri að vernda gegn frekari orkunýtingu og þá sérstaklega eftir að víðfeðm og verðmæt svæði á Austurlandi voru tekin undir Kárahnjúkavirkjun. Félagið leggjur ríka áherslu á að allir virkjanakostirnir á miðhálandi og við jaðar þess skuli fara í verndarflokk, um leið og því er fagnað að eftirtaldar virkjanir

hafi nú þegar verið settar í þann flokk. Það eru virkjanakostir vatnsafls: Markarfljótsvirkjun A og B (22, 23), Tungnálón (24), Bjallavirkjun (25), Norðlingaölduveita, 566-567,5 m.y.s. (27), Gýgjarfossvirkjun (32), Bláfellsvirkjun (33), Hólmsárvirkjun við Einhyrning, m/miðl. (20) ásamt háhitavirkjunarkostunum, Hverabotn (79), Neðri-Hveradalir (80), Kisubotnar (81) og Þverfell (82). Útivist leggur áherslu á að Búlandsvirkun (40) verði flutt úr biðflokk í verndarflokk. Útivist leggur til að Hverfisfljótsvirkjun verði flutt úr biðflokk í verndarflokk. Útivist leggur áherslu á að flytja eigi Hólmsárvirkjun neðri við Atley (21) úr biðflokk í verndarflokk. Útivist leggur áherslu á að Hólmsárvirkjun við Einhyrning – án miðlunar verði flutt úr biðflokk í verndarflokk.

Sandfell (64), Trölladyngja (65), Sveifluháls (66) og Austurengjar (67). Útivist lítur svo á að allir ofangreindir virkjunarkostir eigi að fara í verndarflokk. Þessi kostir eru staðsettir á vinsælu og verðmætu útivistarsvæði í nágrenni höfuðborgarsvæðisins og myndu valda verulegu óafturkræfu raski og skemmdum á landslagi. Auk þess hefur enginn sýnt fram á hvernig á að tengja þessar virkjanir raforkukerfinu án þess að valda alvarlegum náttúruspjöllum, hvort sem það er gert með háspennulínunum eða rafstrengjum í jörð. Útivist styður stofnun eldfjallagarðs á Reykjanesskaganum. Hágönguvirkjanir (91) og (104) og Skrokkölduvirkjun (26). Útivist gerir alvarlega athugasemd við að virkjanir þessar skuli settar í orkunýtingarflokk og telur að þær eigi heima í verndarflokki.

Umsögn 162 - Vinir Þjórsárvera

Landsvæði: Suðurland - Þjórsá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Norðlingaölduveita - 566-567,5 m y.s. (27)

Að Norðlingaölduveita sé sett í verndunarflokk. (Gat ekki opnað fylgiskjal).

Umsögn 163 - Ragnhildur Sigurðardóttir

Landsvæði: Norðausturland - Kröflusvæði (Háhiti)

Virkjunarhugmynd: Krafla I- stækkun (98)

Draga má í efa gæði gagna sem unnið var með fyrir flestar virkjunarhugmyndirnar í orkunýtingarflokki. Ég tel raunar að skoða þurfi betur flesta þá kosti sem settir hafa verið í orkunýtingarflokk þingsályktunartillögunnar og tek sem dæmi jarðhitavirkjanir í Mývatnssveit og vatnsaflsvirkjanir í neðri hluta Þjórsár máli mínu til stuðnings. Þingsályktunartillagan gengur út frá því að þær virkjanahugmyndir sem farið hafa í gegnum mat á umhverfisáhrifum séu yfir nánari skoðun hafnir. Ég tel svo ekki vera en stjórnvöld þurfa að gera sér grein fyrir því að lögformlegt mat á umhverfisáhrifum, eins og það er framkvæmt á Íslandi, er ekki óvilhallt mat á umhverfisáhrifum framkvæmdir, heldur einungis það ljós sem framkvæmdaraðili vill sýna mögulegar framkvæmdir í. Ég tel það ekki hafa verið sjónarmið þeirra sem stýrðu verkefnisstjórn rammaáætlunar að náttúruverndarsjónarmið ættu að standa jafnfætis orkunýtingarsjónarmiðum. Þar að auki mun Samorka hafa fengið að hafa síðasta orðið um það hverjir fengu að starfa við áætlunina og mun iðnaðarráðherra hafa ítrekað tekið undir þá skoðun orkufyrirtækjana að einstaklingar sem komið hafa nálægt náttúruverndarmálum eða hafi skoðanir sem snerta náttúruvernd ættu ekki erindi í vinnuna.

Ég tel algert grundvallaratriði að umhverfisáhrif Bjarnaflagsvirkjunar, stækkunar á Kröflu I, og Kröflu II verði metin sameiginlega út frá mengun á vatnasviði Mývatns, og ákomu brennisteins og annarra gastegunda á lífríki vatnasviðsins. Að mínu mati þarf frekari nýting jarðvarmaorku í Mývatnssveit að fara í biðflokk á meðan skorið verður út um áhrif framkvæmda á einstakt vistkerfi Mývatnssveitar, á heilsu ferðamanna og íbúa í sveitinni. Ég gerir jafnframt alvarlegar athugasemdir við tillögu til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, sem gerir ráð fyrir að virkjanir í neðri hluta Þjórsár, Urriðafossvirkjun, Hvammsvirkjun og Holtavirkjun, verði settar í virkjunarflokk. Ég tel að þær skuli settar í verndarflokk, til að vernda laxa- og sjóbirtingsstofna í ánni, en til vara að virkjanirnar verði settar í biðflokk á meðan rannsóknir hæfra og óvilhallra vísindamanna fari fram til að meta áhrif framkvæmdanna á einstakan laxastofn árinna.

Umsögn 164 - Ragnhildur Sigurðardóttir

Landsvæði: Norðausturland - Kröflusvæði (Háhiti)

Virkjunarhugmynd: Krafla II, 1. áfangi (99)

Sama umsögn og 163.

Umsögn 165 – Ragnhildur Sigurðardóttir

Landsvæði: Norðausturland - Kröflusvæði (Háhiti)

Virkjunarhugmynd: Krafla II, 2. áfangi (103)

Sama umsögn og 163 og 164.

Umsögn 166 – Ragnhildur Sigurðardóttir

Landsvæði: Norðausturland - Námafjallssvæði (Háhiti)

Virkjunarhugmynd: Bjarnaflag (97)

Sama umsögn og 163, 164 og 165.

Umsögn 167 - Sarah Netter

Landsvæði: Suðurland - Þjórsá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Urriðafossvirkjun (31)

I protest against placing of the hydropower stations along the lower river Thjórsá in "nýtingarflokkur" because of the resulting damages in nature. Waterfalls and traditional riding and walking paths will be destroyed. Salmon will probably die. Save Thjórsá for next generations.

Umsögn 168 – Ragnhildur Sigurðardóttir

Landsvæði: Suðurland - Þjórsá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Holtavirkjun (30)

Sama umsögn og 163, 164, 165 og 166.

Umsögn 169 – Ragnhildur Sigurðardóttir

Landsvæði: Suðurland - Þjórsá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Hvammsvirkjun (29)

Sama umsögn og 163, 164, 165, 166 og 168.

Umsögn 170 – Ragnhildur Sigurðardóttir

Landsvæði: Suðurland - Þjórsá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Urriðafossvirkjun (31)

Sama umsögn og 163, 164, 165, 166, 168 og 169.

Umsögn 171 - Ingibjörg Elsa Björnsdóttir (Náttúruverndarsamtök Suðurlands)

Almenn umsögn

Skoðun Náttúruverndarsamtaka Suðurlands er sú, að 2. áfangi Rammaáætlunar í heild sinni gefi skakka mynd af virkjunarmöguleikum Íslands þar sem vindorka og sjávarfallaorka (jafnvel ölduorka líka) er ekki höfð til samanburðar. Við teljum einnig að ef yfirvöld og Landsvirkjun myndu leggja meiri áherslu á vindorku, væri e.t.v. hægt að sleppa vatnsaflsvirkjunum t.d. í neðri hluta Þjórsár, en nota í stað vindorkumöguleika til að mæta þeirri eftirspurn eftir orku sem til staðar er. Einnig hljóta gríðarlegir möguleikar að vera fyrir hendi í vinnslu lífmassa úr þörungum í hafinu við Ísland, möguleikar sem enn eru að mestu ókannaðir. Á meðan slíkir möguleikar hafa ekki verið kannaðir til hlítar, er fáránlegt að fórnna náttúruvernd eins og Urriðafossi, eyðileggja laxveiði í Þjórsá til framtíðar, og valda óafturkræfum umhverfisspjöllum vegna stórra og dýrra orkuvera. Að auki má nefna að Hvalárvirkjun á Vestfjörðum er náttúrulega út í hött, þegar haft er í huga hversu fáir búa í Árneshreppi. Við sjáum því enga aðra leið færa en að hefja strax endurskoðun 2. Áfanga Rammaáætlunar þar sem vindorka- og sjávarfallaorka yrði tekin með í reikninginn og reynt yrði að velja frekar vindorku- heldur en stórar vatnsafls- eða jarðvarmavirkjanir. Samtökin leggja áherslu á að Hágöngur (91 og 104) og Skrokkalda (26) færist í verndarflokk. Færa verður Búðartunguvirkjun úr biðflokki yfir í verndunarflokk. Sandfell þarf að færa úr nýtingarflokki yfir í verndarflokk og

Trölladyngju þarf að færa úr biðflokki yfir í verndarflokk. Sveifluháls þarf að færa úr nýtingarflokki yfir í verndarflokk og Austurengjar þarf að færa úr biðflokki yfir í verndarflokk. Stóru Sandvík þarf að færa úr nýtingarflokki yfir í biðflokk vegna nálægðar við Reykjanesvirkjun og óvissu um sjálfbærni hennar. Eldvörp þarf að færa úr nýtingarflokki yfir í biðflokk vegna óvissu um sjálfbærni hennar. Leggjum við til að Meitilinn, Gráuhnúkar og Hverahlíð verði færð úr nýtingarflokki yfir í biðflokk. Innstadal, Þverárdal og Ölfusdal þarf að færa úr biðflokki yfir í verndarflokk. Urriðafossvirkjun verður að færa úr nýtingarflokki yfir í verndarflokk. Hvammsvirkjun og Holtavirkjun verður að færa úr nýtingarflokki yfir í biðflokk.

Umsögn 172 – Ragnhildur Sigurðardóttir

Landsvæði: Suðurland - Þjórsá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Holtavirkjun (30)

Sama umsögn og 163, 164, 165, 166, 168, 169 og 170.

Umsögn 173 - Janin Kundendorf

Landsvæði: Suðurland - Þjórsá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Urriðafossvirkjun (31)

I protest against placing of the hydropower stations along the lower river Thjórsa' in "nytingarflokkur" because of the resulting damages in nature. Waterfalls and traditional riding and walking paths will be destroyed. Salmon will propably die. Save Thjórsá for next generations and move the plans to "bidflokkur".

Umsögn 174 – Stefanía Geirsdóttir

Landsvæði: Suðurland - Þjórsá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Urriðafossvirkjun (31)

Í umræddri rammaáætlun eru virkjanir í neðri hluta Þjórsár settar í nýtingarflokk. Áætlað er að byggja í ánni þrjú stór uppistöðulón með öllu því raski sem því fylgir. Ljóst er að þessi framkvæmd mun hafa í för með sér veruleg, óafturkræf umhverfisspjöll. Fossar og flúðir munu verða að sprænum og eyjar í ánni heyra sögunni til. Þar fyrir utan er félagslegi þátturinn lítt rannsakaður. Fyrirhugaðar virkjanir með tilheyrandi lónum á að byggja á virku jarðskjálftasvæði og hripleku hrauni.

Umsögn 175 – Guðmundur Páll Ólafsson

Almenn umsögn

Þegar litið er til þeirra ógnvænlegu stöðu sem „nýtingarflokkur“ býður upp á, má hverjum læsum manni vera ljóst að heildarumhverfisáhrif nýtingarflokksins, náttúrufarsleg og samfélagsleg, hafa ekki verið könnuð. Nýtingarflokkur rammaáætlunar er uppskrift að heljarmistöku og forkastanlegum vinnubrögðum sem aðeins þjónar hagsmunum iðnaðar og stórverktaka. Í landinu eru lög um umhverfisáhrif framkvæmda og umhverfismat áætlana. Rammaáætlun hlýtur að falla undir umhverfismat áætlana. Skrokkölduvirkjun og Hágönguvirkjun á miðhálandi Íslands eru dæmi um virkjanir sem myndu eyða gríðarlega stórum og dýrmætum víðernum vestan Vatnajökuls og skiptir engu hvort þær eru einar og sér eða báðar saman, en Hágönguvirkjun myndi þó spilla ennþá meiri víðernum fyrst í stað. Glámuvirkjun er ákaflega neikvæð framkvæmd. Hún umturnar Glámuöræfum eða hálandi Vestfjarða og manngerir það fyrir eina smávirkjun (67MW). Hvalá hefur mikið aðdráttarafli fyrir ferðamenn sem um Strandir ferðast. Virkjun í Hvalá myndi spilla víðernum og umhverfi með háspennumöstrum. Hér er lagt til að allar jökulár sem lent hafa í bið og nýtingarflokkir verði settar í verndarflokk uns fullnægjandi gögn um skaðsemi liggja fyrir. Hugmyndir að virkjunum í Skaftártungu, Hverfisfljóti og Djúpa vekja mikinn ugg. Allar ættu þær að fara í verndarflokk vegna jarðminja og einstakra náttúrugæða. Mikið er ólært í tækni og umgengni við stórkostlegar auðlindir og á meðan svo er á ekki að vaða í framkvæmdir af offorsi eins og tíðkast hefur. Því legg ég til að allir virkjanakostir sem lent hafa í biðflokk eða nýtingarflokk fari í verndarflokk.

Umsögn 176 - Annika Rut Arnarsdóttir, Sigurlín Franziska Arnarsdóttir

Landsvæði: Suðurland - Þjórsá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Urriðafossvirkjun (31)

Við erum 10 og 12 ára og búum við Þjórsá. Okkur finnst að það má ekki virkja herna hjá okkur – það skemmir landið og við viljum eiga eitthvað eftir af náttúrunni í framtíðinni. Urriðafoss er svaka fallegur en ef það ætti að virkja væri þið búin að taka hann frá okkur. Virkjanir myndu eyðileggja reiðleiðir og sérstaklega Holtavirkjun. Hugið þið aðeins um framtíð barnanna!!

Umsögn 177 – Ágúst Valgarð Ólafsson

Landsvæði: Suðurland - Þjórsá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Urriðafossvirkjun (31)

Ég er sannfærður um að ríkjandi áhersla á stóriðju og vatnsaflsvirkjanir er þjóðinni ekki til heilla til langs tíma litið. Þetta er pólitísk afstaða sem erfitt eða ómögulegt er að rökstyðja vísindalegum staðreyndum. Möguleikarnir eru til staðar á Suðurlandi - en góðir hlutir gerast hægt. Stöldrum við og setjum virkjanir í neðri hluta Þjórsár í biðflokk. Nú ríður á að rasa ekki um ráð fram.

Umsögn 178 - Steinunn Fjóla Jónsdóttir

Landsvæði: Suðurland - Ölfusá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Selfossvirkjun (38)

Við teljum það vera afleita hugmynd að ætla að virkja Ölfusá við Selfoss. Það þýðir nánast vatnslausan árfarveg í gegnum bæinn. Þar sem Ölfusá rennur nú með 350-400 m³/sek áætla framkvæmdaaðili að gera margar manngerðar steynsteyptar bríkur sem ætlað yrði að sjá til þess að þeir 15 m³/sek sem renni enn í farveginum geti "bleitt" farveginn. Þar fyrir ofan, á móts við Laugardæli, mun rísa stífla sem vísar vatni Ölfusár í jarðgöng fram hjá þorpinu og út í farveginn á móts við Straum í Árbæjarhverfi. 2010 veiddust af laxastofnum Ölfusár-Hvítár um 18% af öllum laxi í náttúrulegum ám. Uppkaup á veiðirétti er ólögleg aðgerð og áformar Bæjarstjórn Árborgar slíkt. Flóðahætta af veðurfarsástæðum, til dæmis aukning á vatnsmagni. Förum við fram á að Selfossvirkjun verði færð í verndarflokk af ofangreindum ástæðum.

Umsögn 179 – Vigdís Guðjónsdóttir

Landsvæði: Suðurland - Þjórsá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Urriðafossvirkjun (31)

Ég undirrituð vil gera alvarlegar athugasemdir við því að setja Urriðafoss virkjun í nýtingarflokk. Ekki hafa verið gerðar fullnægjandi rannsóknir á áhrifum uppistöðulóns á grunnvatnið á svæðinu. Breytingar á grunnvatnsstöðu geta spilt búskaparmöguleikum á mörgum jörðum. Laxastofninn í Þjórsá er líklega stærsti villti laxastofninn á Íslandi. Með þessari virkjun er gerð röskun á gengdar svæði stofnsins og ekki hefur verið sýnt fram á að seiðin komist til sjávar eftir þessar framkvæmdir og eru þannig líkur á að stofninn hrynji.

Umsögn 180 – Sigrún Björnsdóttir

Landsvæði: Suðurland - Þjórsá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Hvammsvirkjun (29)

Í rammaáætlun er gert ráð fyrir virkjunum í neðri hluta Þjórsár sem munu ekki einungis spilla náttúruferi við ána og lífríki hennar um ókomna tíð, heldur hafa áhrif til frambúðar á mannlíf og samfélag. Gerð er krafa um frekari rannsóknir á samfélags- og félagslegum áhrifum stórvirkjana á lítil samfélög og nágrennasveitir áður en tekin er ákvörðun um skipan og forgangsröðum virkjunakosta í landinu. Sérstaklega er farið fram á að skoðað verði hver hugur heimamanna til virkjana í neðri hluta Þjórsár sé, hvernig þeir telji mannlífið hafa breyst í aðdraganda virkjunaráforma og hvernig þeir telji afleiðingarnar verða. Ég geri jafnframt kröfu um að neðri hluti Þjórsár verði tekinn úr nýtingarflokki og settur í verndarflokk – og til vara í biðflokk með vísan til víðtækra félagslegra og samfélagslegra áhrifa og þar með almannahagsmuna.

Umsögn 181 – Helga Tryggvadóttir

Almenn umsögn

Helsti galli Rammaáætlunar er sá að hún gerir ráð fyrir því að bygging nýrra virkjana sé sjálfsagður og eðlilegur hluti íslensk samfélags, en með því er efnahagslegri þörf landsins fyrir það að vera sífellt að byggja nýjar virkjanir viðhaldið, í stað þess að leita annarra, og sjálfbærari leiða, til að viðhalda efnahagslífinu. Áframhaldandi áhersla á skammtímalausnir. Fyrir utan þau rök að það muni aldrei takast að sætta þá aðila sem vilja vernda náttúruna og hina sem vilja nýta hana með ágengum hætti, má benda á að þörfin á frekari virkjunum byggir fyrst og fremst á þörfum stóriðju. Samfélagsleg áhrif virkjana hafa því ekki verið tekin inn í myndina við gerð Rammaáætlunar

Umsögn 182 – Finnbogi Jóhannsson

Landsvæði: Suðurland - Þjórsá (Vatnasvið)

Hvamms-, Holta- og Urriðafossvirkjanir, í neðri hluta Þjórsár, munu allar hafa í för með sér gríðarleg spjöll á lífríki og umhverfi Þjórsár. Með hliðsjón af því skora ég á stjórnvöld að færa þessar virkjanir úr nýtingarflokki í verndunarflokk, í svonefndri rammaáætlun, í frumvarpi iðnaðarráðherra. Að lokum bendi ég á mikinn fjölda athugasemda sem sveitastjórnnum í Skeiða-og Gnúpverjahreppi og Flóahreppi bárust í skipulagsferlinu þar sem varað er við þessum virkjunum.

Umsögn 183 - Veiðifélag Kálfár

Landsvæði: Suðurland - Þjórsá (Vatnasvið)

Veiðifélag Kálfár gerir alvarlegar athugasemdir við fyrirhugaðar virkjanir í neðri hluta Þjórsár. Þar er um nokkur atriði að ræða sem eru algjör grundvöllur fyrir fiskgengd í Þjórsá og þar með Kálfá, dragá í Gnúpverjahreppi hinum forna, en hún rennur í Þjórsá framundan bænum Bólstað í sömu sveit. Laxastofninn í Þjórsá er stærsti villti stofn í Norður Atlantshafi. Með virkjun yrði viðkvæmum búsvæðum hans veruleg hættu búin, þar sem ekki hefur verið sýnt fram á að hægt sé að koma seiðum heilum til sjávar, hvað þá að laxinn geti gengið upp í ána til að hrygna. Sjóbirtingur er í sömu hættu. Umhverfismat sem lagt er til grundvallar er gamalt og að mörgu leyti hafa rannsóknir farið fram á svæðinu eftir að það var lagt fram. Skipulagsstofnun setti þau skilyrði fyrir leyfisveitingu að laxasvæði yrðu ekki fyrir umtalsverðum umhverfisáhrifum og sett voru skilyrði um viðbótarrannsóknir. Stjórn Veiðifélags Kálfár telur algjört grundvallaratriði að uppfylla þessi skilyrði. Meðan svo er ekki gert, telur hún sjálfgert að umræddar virkjanir, Hvammsvirkjun, Holtavirkjun og Urriðafossvirkjun verði settar í biðflokk.

Umsögn 184 – Katrín Briem og Hugl Ármannsson

Landsvæði: Suðurland - Þjórsá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Hvammsvirkjun (29)

Okkar helsta krafa sem landeigenda og bænda við Þjórsá er að hætt verði alveg við Hvammsvirkjun og allt þetta umhverfi friðað. Til vara krefjumst við þess að virkjunin verði færð í biðflokk meðan nauðsynlegar rannsóknir á samfélagi og öllum umhverfisþáttum verða gerðar. Við fulltrúa

Landsvirkjunar höfum við sagt að við værum ekki til viðræðu um neina samninga, því við vildum ekki að þetta væri gert. Síðan hafa þeir ekki talað við okkur. Ég óttast að grunnvatnsstaðan breytist og að það geti haft áhrif á beit og gróður almennt og spillt búskaparmöguleikum á Stóra-Núpi. Þá óttast ég um fiskgengdina eins og blasir við öllum sem meðfram ánni búa. Svo er þessi leið mjög mikið farin af ríðandi fólki upp með Þjórsá. Það er mjög fallegur kafli með ánni í okkar landi. Það eru alltaf stórir hópar ferðamanna sem ríða upp með ánni á hverju ári og eins hópar hagnandi manna, frá Þjórsárholti og upp að landamerkjum Minna-Núps. Þar er leiðin greið með ánni og fallett umhverfi. Ef af virkjunv erður yrði að setja sauðfjárveikivarnargirðinu beggja megin, samkvæmt kröfu ríkisvaldins, meðfram allri ánni, þar sem vatnið er tekið af henni.

Umsögn 185 – Helga Tryggvadóttir

Landsvæði: Suðurland - Þjórsá (Vatnasvið)

Sem íbúi í Skeiða-og Gnúpverjahreppi fagna ég að Norðlingaölduveita hafi verið sett í verndarflokk. Á sama tíma mælist ég til að virkjanir í Neðri-Þjórsá verði settar í biðflokk á meðan rannsóknir á samfélagsáhrifum fara fram og einnig vegna nýlegra efasemda vatnalíffræðinga um áhrif þeirra á fiskgengd í Þjórsá. Áhrif virkjana á gróðurfar Viðeyjar í Þjórsá verður einnig að taka til athugunar.

Umsögn 186 – Kristín Guðmundsdóttir

Almenn umsögn

Í heimildaskrá fyrir t.d. Þjórsá í byggð er meira en helmingurinn af heimildunum frá Landsvirkjun eða þær unnar fyrir Landsvirkjun. Í heimildaskránni um Þjórsá í byggð eru engar ljósmyndir taldar upp. Mannlegi og samfélagslegi þátturinn er skilinn útundan í Rammaáætlun og þjóðhagslegi þátturinn í virkjunum er þess vegna með forgjöf. Það er ójafnt. Og orðnir langþeyttir íbúar vissra svæða landsins, þar sem kynslóðir koma og fara, meðan ævarandi ásókn orkufyrirtækja varir óhöggð, af þeim sökum að aldrei er „mælt rétt“. Þetta er háalvarlegt og ofangreindum vinnubrögðum Rammaáætlunar þarf að breyta, skuli ákvarðanir teknar á ábyrgan hátt og í sátt.

Umsögn 187 – Hjördís Finnbogadóttir

Landsvæði: Suðurland - Þjórsá (Vatnasvið)

Fer fram á að Þjórsá verði sett í verndarflokk (Holta-, Hvamms- og Urriðafossvirkjanir). Engin ástæða er til að spilla einni fallegustu sveit landsins frekar en orðið er með virkjunum í lífæð hennar Þjórsá. Tími er kominn til að íbúar við Þjórsá fái notið mannréttinda og hafi frið fyrir Landsvirkjun

Umsögn 188 – Kolbrún Halldórsdóttir

Almenn umsögn

Nokkuð hefur borið á því að hugmyndin um sjálfbæra þróun sé tengd umræðum um rammaáætlun, samt er ljóst að talsvert skortir á að verkefnisstjórn rammaáætlunar hafi látið fara fram nægilegar rannsóknir til að með réttu sé hægt að ganga frá endanlegri flokkun virkjanakosta. Dæmi um það eru hugmyndir um Þjórsárvirkjanir í byggð. Ef þau stjórnvöld sem leggja fram áætlunina ætlast til að vera tekin alvarlega hljóta þau að samþykkja að hugmyndir um virkjanakosti í neðri hluta Þjórsár verði settar í biðflokk, en ekki nýtingarflokk. Ástæðan er sú að samfélagsrannsóknir hafa ekki farið fram á þeim kostum. Jafnvel mætti segja að áformin ein hafi haft svo neikvæð áhrif á samfélagið í nágrenni Þjórsár, að það eitti ætti að fæla menn frá því að halda áformunum til streitu. Ef vilji er til að innleiða hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar við ákvarðanir um virkjanakosti, þá verða menn að gera sér grein fyrir dýptinni í þeirri hugmyndafræði. Samfélagslegir þættir ættu ófrávíkjanlega að vega jafnt og efnahagslegir- og umhverfislegir þættir við lokaákvörðun. Í þessu ljósi hlýtur að teljast skynsamlegt að setja alla virkjanakosti í neðri hluta Þjórsár í biðflokk. Með aðra þætti vísast til fyrri umsagnar minnar frá 3. maí 2010, þar er sérstaklega minnt á þörfina fyrir skilmerkilegt kort af áhrifasvæði virkjana á Íslandi;

a) þeirra sem þegar eru risnar

b) þeirra sem rammaáætlunin gerir ráð fyrir að settar verði í nýtingarflokk

c) þeirra sem áætlunin gerir ráð fyrir að settar verði í biðflokk

Umsögn 189 - Guðjón Vigfússon / Valgerður Auðunsdóttir

Landsvæði: Suðurland - Þjórsá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Urriðafossvirkjun (31)

Við gerum athugasemdir vegna hættu á umhverfisspjöllum og minni landgæða eftir að virkjað hefur verið og viljum að Urriðafossvirkjun verði sett í verndarflokk. Ekki hafa verið gerðar fullnægjandi rannsóknir á áhrifum uppistöðulóns á grunnvatnið á svæðinu. Breytingar á grunnvatnsstöðu geta spillt búskaparmöguleikum á mörgum jörðum. Laxastofninn í Þjórsá er líklega stærsti villti laxastofninn á Íslandi. Með þessari virkjun er gerð röskun á gengdar svæði stofnsins og ekki hefur verið sýnt fram á að seiðin komist til sjávar eftir þessar framkvæmdir og eru þannig líkur á að stofninn hrynji. Fastlega verður að gera ráð fyrir jarðvegsfoki frá uppþornuðum farvegi Þjórsár, auk þess er áætlað að dæla um 75.000 rúmmetrum af framburði á ári og ekki er hægt að koma í veg fyrir rykmengun frá henni.

Umsögn 190 - Árni Björn Guðjónsson

Landsvæði: Suðurland - Þjórsá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Hvammsvirkjun (29)

Áætlanir um virkjanir 'i neðri Þjórsá þ.e. Hvammsvirkjun eru aljörlega óásættanlegar vegna ógnvænlegra raskana á umhverfi vegna Hvammslóns einnig Holtsvirkjun vegna stíflugerðar við

Búðafoss. Einnig vegna eyðileggingar á einum stærsta laxastofni á Íslandi. Eg lít á verkið sem hryðjuverk gegn byggðum.

Umsögn 191 – Ómar Þ. Ragnarsson

Landsvæði: Norðausturland - Kröflusvæði (Háhití)

Heildstætt mat umbrotasvæðis Kröfluelda 1975-84 er lágmarks forsenda þess að komast að rökstuddri niðurstöðu, því að svæðið er ein og órofa landslagsheild og mesta gildi þess sem náttúruvættis liggur í ummerkjum, heimildum og myndum af Kröflueldum 1975-84. Samkvæmt gögnum Orkustofnunar er samanlögð vinnslugeta Kröflu og Námafjalls 310 MW til 50 ára, 155 MW til 100 ára og heil 62 MW til 250 ára sem er u.þ.b. núverandi stærð Kröfluvirkjunar. Hversu framsýn viljum við vera? Viljum við að þetta standist skilyrði sjálfbærrar þróunar, endurnýjalegrar orku og jafnréttis kynslóðanna? Niðurstaða þessarar umsagnar er sú að friða beri Vítismó, Leirhnjúk og Gjástykki sem eina heild er borið gæti heildarheitið Leirhnjúkur-Gjástykki eða Eldasvæði Kröflu. Virkjunarframkvæmdir vegna stækkunar Kröfluvirkjananna verði ekki meiri en orðið er á svæði norðan línu sem dregin yrði frá Hlíðarfjalli í Þríhyrninga og þaðan um norðurbrún Hlíðardals upp í Kröflufjall þannig að ekki verði um frekari sjónræna röskun vegna mannvirkja á svæðinu Leirhnjúkur-Gjástykki. Einnig verði tryggð varðveisla og verndun Hrafninnuhryggs.

Umsögn 192 – Elín Erlingsdóttir

Landsvæði: Suðurland - Þjórsá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Holtavirkjun (30)

Sem íbúi sem horfir yfir ána úr gluggunum í húsinu mínu, horfi á og hlusta á ána af bæjarhlaðinu mínu þar sem forfeður mínir og nánasta fjölskylda hafa búið í 100 ár, hlustað eftir sunnanhljóðinu í ánni til að spá fyrir um veður, vitað af öruggu vatni við ána fyrir búsmalann, horft á gæsir sem flytja sig milli staða með ánni haust og vor, riðið út á bökkum árinna, veitt fisk og étið, vaðið, sallað á sumrum, skoðað klakabönd og fylgst með vorleysingum við ána. Ég skora á Stjórn Rammaáætlunar að færa Holtavirkjun og einnig Hvammsvirkjun og Urriðafossvirkjun úr nýtingarflokki í biðflokk, rasa ekki um ráð fram, láta staðar numið, endurskoða ákvarðanir.

Umsögn 194 - Jóhanna Margrét Öxnevað

Landsvæði: Suðurland - Þjórsá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Hvammsvirkjun (29)

Andmæli vegna flokkunar Hvammsvirkjunar í nýtingarflokk Tilhugsunin um að það verði jökullón í næsta nágrenni við bæinn sem ég hef búið á í nærri hálfu öld er kvíðvænleg. Þarna er falleg náttúra sem er einstakur hluti af þessari sveit og mínu umhverfi. Þetta er umhverfið sem við Gnúpverjar höfum talið fallegasta svæði sveitarinnar. Ég óska þess af heilum hug að ríkisstjórn landsins beri gæfu

til að hugsa um framtíðina frekar en stundarhagsmuni og að hætt verði við allar virkjanir í byggð við neðri hluta Þjórsár.

Umsögn 195 – Pálína Axelsdóttir Njarðvík

Landsvæði: Suðurland - Þjórsá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Hvammsvirkjun (29)

Samkvæmt niðurstöðu verkefnisstjórnar rammaáætlunar fara Þjórsárver í verndarflokk og fagna ég þeirri niðurstöðu. Ég gagnrýni harðlega að Hvamms- og Holtavirkjun og Urriðafossvirkjun fari í nýtingarflokk. Með þeim verða unnin óbætanlega spjöll á náttúru og landslagi. Jafnvel þó virkjanahugmyndir þessar hafi farið í gegnum mat á umhverfisárhifum, er óhugsandi að þau umhverfisáhrif séu afturkræf.

Umsögn 197 - Friðrik Dagur Arnarson

Almenn umsögn

Fyrirfram var búist við að flest svæði sem metin voru færu í biðflokk. Rökin fyrir því voru þau að það vantaði víða svo miklar upplýsingar að ekki væri hægt að taka svo endanlega ákvörðun sem þá að svæði eigi að nýta til virkjunar. Svæði eru ekki sett í bið, þrátt fyrir að bent hafi verið á alvarlegan gagnaskort. Að öllu samanlögðu verður að segja að mjög takmarkaðar upplýsingar liggja fyrir um áhrif virkjana á samfélagið, einkum nærsamfélagið á virkjunarslóðum. Enginn faghópur fjallaði um náttúruvernd sem slíka. Í ljósi þess sem hér er talið upp að framan má ljóst vera að víða skorti verulega á upplýsingar sem þurfa að liggja fyrir áður en svo afdrifaríkar ákvarðanir, eins og að skilgreina tiltekna hugmynd inn í nýtingarflokk, er hægt að taka. Í raun gildir svipað um verndarflokkinn en þó er algjör eðlismunur á þessum tveimur flokkum. Á meðan ákvörðun um nýtingu þýðir að raska megi svæðum og breyta eðli þeirra og ásýnd með framkvæmdum þýðir flokkun í verndarflokki að svæðin eigi að fá að haldast óbreytt og varðveita útlit sitt og eiginleika. Það er því fyrst og fremst gagnvart nýtingarflokknum sem þarf að vera á verði. Það liggur í hlutarins eðli að ekki er hægt að sætta sig við niðurstöður sem verða bindandi um framtíðarnot stórra landsvæða og munu hafa varanleg áhrif á ímynd og þróun landsins, auðlindanýtingar og upplifun fólks meðan grundvöllur ákvarðanatökunnar er víða jafn veikur og raun ber vitni. Þjóðin hlýtur að gera þá skýlausu kröfu til Alþingis og ráðherra að öll þau svæði sem sett eru í nýtingarflokk og ekki er víðtæk samstaða um að á þeim megi virkja verði flutt í biðflokk. Þannig gefist tóm til að bæta þekkingargloppurnar áður en framtíðarnýting þessara svæða er endanlega ákveðin. Það er kjarni þeirra athugasemda sem hér eru á blaði. Verði ekki brugðist við þessari ósk með jákvæðum hætti er næsta víst að sú sátt sem stefnt var að með öðrum áfanga Rammaáætlunar mun ekki nást.

Umsögn 198 - Renate Hannemann

Landsvæði: Suðurland - Þjórsá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Urriðafossvirkjun (31)

Ógilt ferli? Bréf með athugasemdum sem hafa löngu borist til ráðuneytisins innan frests hafa ekki verið birt hérna á vefnum, eins og stendur undir <http://www.rammaaetlun.is/umsagnir/um-ferlid/spurt-og-svarad/>. Hvar standa lýðræðismálin? Á að fela einhverjar athugasemdir?

Umsögn 200 - Sigyn Eiríksdóttir

Almenn umsögn

Skýlaus krafa að virkjanahugmyndir þar sem mikilvægar upplýsingar skortir eða mikil átök standa um verði að minnsta kosti settar í biðflokk en ekki hafðar í nýtingarflokki. Það verður að skapa tóm til að ljúka nauðsynlegum rannsóknum og skipuleggja alla nýtingu í einhverju heildarsamræmi þannig að við göngum ekki um of á þá dýrðmætu auðlind sem óspillt, íslensk náttúra er. Sömuleiðis verður að forgangsraða í flokkuninni út frá því hvernig nýting hennar gefur þjóðinni mestan arð og gleði og þar skiptir margt meira máli en virkjanir. Ég skora því á Alþingi og ráðherra að sjá til þess að þau náttúrusvæði sem bent hefur verið á að upplýsingar skorti um fari úr nýtingarflokki yfir í biðflokk þar til gleggri upplýsingar liggja fyrir um eðli þeirra og stöðu, bæði náttúrfarslega og samfélagslega.

Umsögn 201 – Græna netið

Almenn umsögn

Græna netið fagnar þeirri tillögu til þingsályktunar sem hér er í mótun. Hún og vinnan að baki hennar er grundvöllur vandaðrar ákvarðanatöku í orkunýtingar- og skipulagsmálum. Eðli máls samkvæmt er í þessum málaflokki iðulega um óáfturkræfar framkvæmdir að ræða og því óverjandi annað en að ákvarðanir séu byggðar á bestu fáanlegu upplýsingum. Að mati Græna netsins er þó enn talsvert langt í land með að hægt sé að taka ákvörðun um að setja tiltekin svæði í nýtingarflokk. Afla þarf frekari gagna og taka fleira með í reikninginn en gert var að þessu sinni. Því leggur Græna netið til að nokkur svæði sem sett voru í nýtingarflokk fari í biðflokk. Einnig færir Græna netið rök fyrir því að nokkur svæði sem sett hafa verið í biðflokk fari í verndarflokk. Stóra Sandvík (62) færir í biðflokk. Eldvörp (Svartsengi) (63) færir í biðflokk. Sandfell (64) og Trölladyngja (65) færir í verndarflokk. Sveifluháls (Krýsuvík) (66) og Austurengjar (67) færir í verndarflokk. Brennisteinsfjöll (68) haldist í verndarflokki. Meitillinn (69), Gráuhnúkar (70), Hverahlíð (71) færir í biðflokk. Bitra (74) og Grændalur (77) verði áfram í verndarflokki. Innstidalur (73), Þverárdalur (Ölfusvatnslendur) (75), Ölfusdalur (76) færir í verndarflokk.

Umsögn 202 - Erlingur Loftsson, Sandlæk 1

Almenn umsögn

Er mjög fylgjandi því að virkjanir í neðrihluta Þjórsár fari í svokallaðan biðflokk. Ótækt er að ekki skuli einu sinni liggja fyrir rannsóknir á lífríki árinna sem marktækar væru t.d. á fiskigeingd vatnasvæðisins í heild. Veiðieigendur munu óska eftir að slík rannsókn verði unnin af óháðum aðilum.

Umsögn 203 - Sigbrúður Jónsdóttir og Axel Árnason Njarðvík

Landsvæði: Suðurland - Þjórsá (Vatnasvið)

Samkvæmt niðurstöðu verkefnisstjórnar rammaáætlunar fara Þjórsárver í verndarflokk og fögnum við þeirri niðurstöðu. Athygli vekur að Þjórsárdalur fær aðeins einkunn 7,72 fyrir ferðamennsku og útivist. Ljóst er að hvorki er tekið inn í dæmið saga svæðisins, sem áður var afar vinsæll ferðamannastaður, né þeir vannýttu möguleika sem dalurinn býr yfir. Hvamms- og Holtavirkjun og Urriðafossvirkjun fara samkvæmt rammaáætlun í nýtingarflokk. Því erum við ósammála og teljum að þeir virkjunarmöguleikar eigi í það minnsta að færast upp í biðflokk. Jafnvel þó virkjanahugmyndir þessar hafi farið í gegnum mat á umhverfisáhrifum, skorti þar upplýsingar m.a. um áhrif á fiskistofna og annað lífríki árinna, samfélagsáhrif, upplifunar og tilfinngalegt gildi náttúrunnar og landslags sem fórnarð yrði vegna framkvæmdanna. Í mati á umhverfisáhrifum var lífríki eyja í Þjórsá ekki skoðað, en flestar þeirra færu á kaf en aðrar yðu vart eyjar eftir að farvegur árinna yrði nánast vatnslaus. Samfélagsáhrif. Við lestur lokaskýrslu verkefnisstjórnar rammaáætlunar kemur fram að hún telur að upplýsingar skorti um samfélagsáhrif virkjananna. Því verður að færa þessar virkjanahugmyndir úr nýtingarflokki í biðflokk og gera allar þær rannsóknir sem þarf til að vita hvaða áhrif þær hafa á náttúru, efnahag, menningu og samfélag. Komi í ljós að þær hafi slæm áhrif verður tafarlaust að hætta við þær. Sé einhver vafi á náttúran að njóta hans, sbr. varðúðarregluna.

Umsögn 204 – Logi Pálsson

Landsvæði: Suðurland - Þjórsá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Hvammsvirkjun (29)

Ég geri athugasemdir við að virkjanir Þjórsár í byggð séu settar í nýtingarflokk í frumvarpi iðnaðaðarráðuneytisins sem byggir á rammaáætlun um vernd og nýtingu náttúruauðlinda. Þær ættu helst að fara í verndarflokk en annars í biðflokk ef hægt verður að virkja í framtíðinni án þess að eyðileggja eins mikið og nú virðist vera stefnt að. Ég er uppallinn að hluta í þessari sveit innan um marga jafnaldra mína. Þeir hafa flestir flutt úr sveitinni og það lítur ekki út fyrir að margir þeirra ætli að búa í sveitinni áfram. Til þess er óvissan of mikil. Mér finnst fallett í þessari sveit og ég vil ekki að þar verði virkjað.

Umsögn 205 – Ólafía Jakobsdóttir

Almenn umsögn

Mín framtíðasýn fyrir sveitarfélagið Skaftárhrepp er að fallið verði frá öllum virkjanahugmyndum í jökulvötnum á svæðinu. Þegar kemur að ákvarðanatöku um framkvæmdir í Skaftárhreppi sem hafa áhrif á umhverfi og náttúru þá verði sjálfbær þróun höfð að leiðarljósi við alla ákvarðanatöku. Ekki þarf nema eina virkjun til að eyðileggja heildarmynd svæðisins og óspillta ímynd þess. Undirrituð styður heilshugar umsagnir Náttúrverndarsamtaka Suðurlands, Eldvatna- samtaka um náttúruvernd

í Skaftárhreppi og umsögn frá Frjálsum félagasamtökum um náttúruvernd á Íslandi um drög að þingsályktunartillögu um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða.

Umsögn 206 – Snorri Páll Jónsson

Landsvæði: Suðurland - Þjórsá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd:

Við gerð draga að þingsályktunartillögu um Rammaáætlun virðist sem órökstudd og uppblásin krafa ákveðinna ríkis- og markaðsafla um virkjun Þjórsár hafi vegið þyngra en rök, reynsla og þekking þeirra sem virkilega hafa lagt sig fram við að útvega raunsæja og rétta mynd af fyrirhuguðum virkjanaframkvæmdum og alhliða áhrifum þeirra. Ítreka ég andstöðu mína við veru neðri Þjórsár í nýtingarflokki Rammaáætlunar og krefst þess að verði hún ekki færð beint upp í verndarflokk sé henni í það minnsta gefið háseti í biðflokki þangað til nægri skynsemi hefur verið safnað saman meðal þartilgerðra ákvarðanahafa til að taka loks ákvörðun um verndun hennar.

Umsögn 207 – Árdís Jónsdóttir

Landsvæði: Suðurland - Þjórsá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Hvammsvirkjun (29)

Fagna því að Þjórsárver fari í verndarflokk, mál til komið eftir áratuga baráttu fyrir verndun þeirra. Það er aftur á móti undrunarefni að virkjanir í neðri hluta Þjórsár skuli lenda í nýtingarflokki. Ég mótmæli því og rök mín miðast fyrst og fremst vegna Hvamms- og Holtavirkjana. Samfélagsleg áhrif eru ein af grunnstoðum í sjálfbærri þróun. Því er nauðsynlegt að tekið sé tillit til áhrifa slíkra framkvæmda á nærsamfélagið. Það er mikill ágreiningur um Hvamms- Holta- og Urriðafossvirkjanir í viðkomandi sveitarfélögum. Mín athugasemd gengur fyrst og fremst út á að áhrifin á fólkið og samfélagið er einskis metið. Litið gert úr landslagi og landslagsbreytinum og lífríkið hefur ekki verið rannsakað sem skyldi. Við verðum að láta náttúruna njóta vafans.

Umsögn 208 – Ómar Þ. Ragnarson

Landsvæði: Norðausturland - Skjálfandafljót (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Hrafnabjargavirkjun A (10)

Þetta er virkjun sem myndi valda allt of miklu umhverfistjóni ef af henni yrði. Með henni yrði vatn tekið af Aldeyjarfossi, einum fegursta og óvenjulegasta fossi landsins vegna samspils síns við fagra stuðlabergshvelfinu. Þetta er vinsæll ferðamannastaður og getur orðið enn vinsælli. En fyrir innan hann eru nokkrir fallegir fossar sem einnig yrðu lemstraðir. Það hefur háð því að þessi dalur fengi verðskuldað orðspor og kynningu að afar hljótt hefur verið um hann og helstu náttúruperlur hans, svo sem fossana fyrrnefndu, samspil hrauns og gróðurlendis og síðast en ekki síst gljúfrin á báðar

hendur innst inni í honum þar sem hið magnaða Kiðagil leynist sem einhver best varðveitta leyndarmál miðhálandisins. Mun meira verðmæti dalsins til verndarnýtingar en orkunýtingar og ber því að vernda hann.

Umsögn 209 - Valgerður Halldórsdóttir formaður Sólar í Straumi

Landsvæði: Suðurland - Þjórsá (Vatnasvið)

Formaður Sólar í Straumi minnir á að grasrótarsamtök almennings fylgjast vel með framvindu mála vegna undirbúnings stórframkvæmda sem ekki er alltaf í þágu almennings heldur erlendrar aðila og stóriðjufyrirtækja. Til að mynda hefur Sólar á Suðurlandi margtrefkað andstöðu sína að virkjanir í byggð við neðri hluta Þjórsá fari í nýtingarflokk. Formaður Sólar í Straumi lýsir stuðningi við starf félaga sinna í Sólar á Suðurlandi.

Umsögn 210 – Rannveig Magnúsdóttir

Almenn umsögn

56 bls. skýrsla frá Áhugahópur um verndun Jökulsáanna í Skagafirði, Eldvötn - samtök um náttúruvernd í Skaftárhreppi, Félag um verndun hálandis Austurlands, Framtíðarlandið, Fuglavernd, Landvernd, Náttúruvaktin, Náttúruverndarsamtök Austurlands (NAUST), Náttúruverndarsamtök Íslands, Náttúruverndarsamtök Suðurlands, Náttúruverndarsamtök Suðvesturlands, Samtök um náttúruvernd á Norðurlandi (SUNN) og Sólar á Suðurlandi.

Frjáls félagasamtök um náttúruvernd leggja hér fram metnaðarfulla framtíðarsýn fyrir stór svæði á Íslandi þar sem horfið er frá flestum hugmyndum um orkunýtingu á vatnsafl og jarðvarma. Þessa sýn byggjum við á efnislegum og andlegum verðmætum sem felast í lítt snortinni náttúru Íslands, óskertum víðernum og stórbrotnu landslagi sem að okkar mati ber að vernda fyrir heill okkar samtíðar og komandi kynslóða. Við hvetjum alþingismenn til þess að taka ríkt tillit til sameiginlegrar umsagnar samtaka okkar við gerð þingsályktunartillögu um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða. Jafnframt lýsum við okkur reiðubúin til að koma á fundi hjá nefndum Alþingis til að skýra mál okkar betur.

Við teljum að frekari uppbygging stóriðju á Íslandi sé á skjön við framtíðarhagsmuni þjóðarinnar og stórfelldar virkjanir svari ekki raunverulegri þörf á orku. Aukinni orkuþörf til almennra nota má mæta með orkusparnaði [2, 5] og þróun annarra endurnýjanlegra orkugjafa, s.s. vindorku, sjávarfallaorku og sólarorku, sem skapa „græn“ störf. Kanna ber umhverfisáhrif slíkra kosta gaumgæfilega, en mikilvægt er að rammaáætlun þróist þannig að hún taki að líta til fleiri orkugjafa en vatnsafls og jarðvarma. Í þessu mætti horfa til þróunar í öðrum löndum, t.d. Danmerkur og Bandaríkjunum og Þýskalandi [121]. Þá mætti hugsa sér að rammaáætlun á næstu stigum tengdist betur nýframkominni orkustefnu ríkisstjórnarinnar. Jafnframt þarf í 3. áfanga rammaáætlunar að auðvelda aðgang að grunnögnum sem mat faghópa byggir á.

Með verndun þeirra svæða sem við höfum hér fjallað um felast ótal tækifæri, m.a. í sjálfbærri ferðaþjónustu, og auk þess mikil lífsgæði. Slík lífsgæði felast í ómetanlegu upplifunargildi hinnar lítt

snortnu náttúru sem verður æ verðmætari auðlind eftir því sem svæði Jarðar verða þéttbýlli og setnari. Við berum ábyrgð á þessari auðlind gagnvart okkur sjálfum, afkomendum okkar og heiminum öllum. Verndum þennan einstaka náttúruarf okkar.

Umsögn 211 – Halla Guðmundsdóttir

Landsvæði: Suðurland - Þjórsá (Vatnasvið)

Við undirrituð, eigendur og ábúendur að Ásum í Skeiða- og Gnúpverjahreppi, gerum athugasemdir við fyrirhugaðar virkjanir í neðri hluta Þjórsár. Ekki hefur verið sýnt fram á arðsemi framkvæmdanna fyrir sveitarsamfélagið, heldur þvert á móti: veiði tapast, lífríki breytist, fegurð spillist. Mikið nauðsynjamál að virkjanir í neðri hluta Þjórsár verði settar í biðflokk á meðan rannsókn hæfustu vísindamanna fari fram til að meta áhrif slíkra framkvæmda á lax og sjóbirting árinna.

Umsögn 212 – Margrét Eiríksdóttir

Landsvæði: Suðurland - Þjórsá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Hvammsvirkjun (29)

Ég mótmæli því að ósnortið fagurt land og falleg tún verði lögð í bleyti. Því mega virkjanir í neðri hluta Þjórsár ekki vera í nýtingarflokki, Þjórsá á að vera í verndarflokki, látið hana friði.

Umsögn 213 – Margrét Steinþórsdóttir

Verkefnisstjórn rammaáætlunar hefur komist að því að Þjórsárver fari í verndarflokk og að Norðlingaölduveita sé þar með úr sögunni. Það er mikið fagnaðarefni. Ég mótmæli því að virkjanir í neðri hluta Þjórsár fari í nýtingarflokk. Það er margt sem enn hefur ekki verið rannsakað og deilumál vegna virkjananna hafa haft mjög slæm áhrif á mannlífið í sveitunum. Maður efast líka um að allar upplýsingar séu uppi á borðinu

Umsögn 214 – Hjördís Finnbogadóttir

Landsvæði: Norðausturland - Námafjallssvæði (Háhiti)

Virkjunarhugmynd: Bjarnarflag (97)

Framkvæmdir við gufuafsvirkjanir í Bjarnaflagi og við Kröflu verði stöðvaðar og settar í biðflokk á meðan rannsakað verði af óvilhóllum aðilum hver áhrif þessarar margföldunar á útblæstri og eitruðu affallsvatni verði á lífríki Mývants og umhverfi manna á svæðinu.

Umsögn 215 - Sigurður Hreinn Sigurðsson

Almenn umsögn

Lýsi ánægju minni með það að sjá Bitru og Grændal í verndarflokki, auk Kerlingarfjalla og Gjástykkis. Ég vona svo sannarlega að engir svokallaðir “virkjunarkostir” verði færðir um flokk. Hágöngusvæði og Krýsuvíkursvæði verði færð úr orkunýtingarflokki. Ennfremur styð ég þær mörgu umsagnir sem óska eftir því að virkjanir í neðri Þjórsá verði færðar úr orkunýtingarflokk. Hvað varðar biðflokk er skelfilegt að sjá þar talin upp svæði sem að mínu mati á alls ekki að hrófla við. Ég nefni helst Hólmsá, Skjálfandafljót (Aldeyjarfoss), Hveravelli og Krýsuvíkursvæðið, Sveifluháls og Trölladyngju. Ég vil með þessari umsögn minni vekja sérstaka athygli á því mikla ójafnvægi sem viðgengst á milli þeirra sem hafa lífsviðurværi sitt af því að tala fyrir orkuframleiðslu og þeirra sem starfa beinlínis við náttúruvernd

Umsögn 216 – Kjartan Ágústsson

Landsvæði: Suðurland - Þjórsá (Vatnasvið)

Mikið skortir á að nægar rannsóknir hafi verið unnar vegna lífríkis og náttúru í og við Þjórsá. Þá hafa aðvaranir virtra vísindamanna á borð við Pál Einarsson verið hunsaðar. Hann hefur varað ítrekað við því að virkjanirnar eru á e-u virkasta sprungu kerfi landsins. Það bjóði heim hættu á leka úr lónum og hækkunar grunnvatns með ófyrirsjáanlegum afleiðingum á neysluvatn og frárennsli. Grunnvatn er nú þegar það hátt t.a.m. að litlu má muna að fráveitur virki ekki þegar mest rignir eins og nú í neðri hluta Skeiða. Ég sem íbúi sætti mig ekki við þessa óvissu þar sem ég er bóndi og þessi ógn snertir framtíðarmöguleika mína til búskapar. Hætta á mengun er veruleg með því að skólþ komist í neysluvatn. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur bent á þetta en e.t.v. vegna pólitískra tengsla hefur það ekki beitt sér sem skyldi. Rannsóknir á þessu eru ónógar. Fyrirhuguðum virkjanaf framkvæmdum fylgir mikil röskun á lífríki. Við svipaðar aðstæður annars staðar hafa þær hugmyndir sem á að nota til að lax komist leiðar sinnar í Þjórsá mistekist að verulegu leyti. Vatnsmesti foss landsins, Urriðafoss, verður eyðilagður og ýmsar aðrar náttúruperlur stórskemmdar eða eyðilagðar með öllu. Sandfok og landeyðing vegna framkvæmda munu verða veruleg. Meðan svo mikið vantar uppá óvilhalla rannsóknir tel ég að ekki komi annað til greina en að setja virkjanir í neðri hluta Þjórsár í verndarflokk þar sem marga þætti þarf að rannsaka mun betur og þá af öðrum en Landsvirkjun eða aðilum sem hún styrkir beint eða óbeint.

Umsögn 217 – Veiðifélag Árnesinga

Landsvæði: Suðurland - Ölfusá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Selfossvirkjun (38)

Ölfusárvirkjun við Selfoss er sett í biðflokk. Þrátt fyrir að fátæklegar upplýsingar liggi fyrir um þennan virkjunarkost og áhrif hans telur stjórn Veiðfélags Árnesinga að nægar upplýsingar hafi legið fyrir eða mátt liggja fyrir svo Selfossvirkjun yrði sett í verndarflokk. Byggir þetta á að hverskonar stífla eða þrenging í Ölfusá á fyrirhuguðum stað skapar óhjákvæmilega flóðahættu og aðeins spurning um hvenær Ölfusá muni flæða og stefna fólki við og neðan fyrirhugaðrar stíflu í bráða lífshættu. Einnig

telur stjórnin að mönnum megi vera það ljóst að núverandi þekking og tækni getur ekki tryggt göngufiski og seiðum för upp og niður ánda við virkjunina enda um vatnsmestu jökulá landsins að ræða. Staðsetning virkjunarinnar er neðst á vatnasvæðinu og leiðir til þess að stærstu laxfiskastofnum Íslands verður stefnt í óforsvaranlega hættu og hugsanlega útrýmingu eins víða hefur gerst ofan stíflna á Íslandi og öðrum löndum. Komi ekki til þess að Selfossvirkjun verði flutt yfir í verndarflokk krefst sjórn Veiðifélags Árneseinga a.m.k. þess að virkjunin verði áfram í biðflokk þar til frekari rannsóknir og upplýsingar liggi fyrir.

Umsögn 218 – Ásahreppur

Almenn umsögn

Hreppsnefnd telur að Norðlingaölduveita eigi að fara í biðflokk en ekki verndarflokk. Fullnægjandi rannsóknir hafa ekki farið fram, þ.m.t. umhverfismat á síðustu útfærslu. Einn hagkvæmasti virkjanakosturinn í rammaáætlun.

Umsögn 219 – Landgræðsla ríkisins

Almenn umsögn

Landgræðslan gerir ekki athugasemdir en leggur þunga áherslu á að við undirbúning virkjanaframkvæmda verði þess gætt að sem minnstur skaði verði á vistkerfum og tryggt verði að glötuð eða skemmd vistkerfi verði bætt með mótvægisáðgerðum.

Umsögn 220 – Gunnar Njálsson

Landsvæði: Suðurland - Kaldakvísl (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Skrokkölduvirkjun (26)

Undirritaður bendir á, að þessar fyrirhuguðu virkjunarframkvæmdir eru á og nálægt mikilvægum ferðasvæðum ferðafólks, þar sem er Sprengisandur, Þjórásarver, Vonarskarð og allt of nálægt Eyrarrósargili sem er sunnan undir Skrokköldu. Sjáanleg mannvirki virkjunarinnar verða of mikil og ég sé ekki tilganginn með að hleypa öllu straumvatni Köldukvíslar niður í Kvísláveitur. Þar að auki þarf að leggja, samkvæmt áætlun, 60. Km. langa háspennulínu frá stöðvarhúsi að Vatnsfellsvirkjun. Það er skömm að því, að stefna að því, að þurrka upp allan farveg Köldukvíslar neðan Hágöngulóns. Ég mótmæli allri þessari hugmynd í Rammaáætlun og krefst þess að Skrokkölduvirkjun verði tekin úr nýtingarflokki og sett í biðflokk. Eftir það gæfist tími til að huga betur að framtíð þessa svæðis.

Umsögn 221 – Hjörleifur Guttormsson

Almenn umsögn

Lýsing á aðdraganda málsins eins og hann birtist með þessum drögum að þingsályktunartillögu gefur alranga mynd af upptökum Rammaáætlunar og óskast það leiðrétt í endanlegri tillögu sem lögð verður fyrir Alþingi. Gera verður þá kröfu til stjórnvalda að þau áætli það heildarmagn framleiddrar orku sem þau telji nauðsynlegt að afla út frá þjóðhagslegri nauðsyn og með tilliti til alþjóðlegra skuldbindinga (loftslagsmál) í fyrirsjáanlegri framtíð og að Rammaáætlun taki mið af því. Þannig væri hægt að gera sér grein fyrir heildaráhrifum slíkrar áætlunar. Enga viðleitni í þessa átt er að finna í Rammaáætlun eða drögum að þingsályktunartillögunni. Ég tel að við flokkun „virkjunarkosta“ í vatnsafli hefði m.a. átt að fylgja þeirri stefnu, að valin vatnsföll sem ekki hefur verið raskað með virkjunum hingað til verði áfram látin ósnortin og þau friðlýst. Legg ég til að eftirtalin vatnsföll verði í heild friðuð fyrir röskun af virkjunarframkvæmdum og „virkjunarkostir“ í þeim verði allir fluttir í verndarflokk og/eða ekki verði hróflað við þeim „kostum“ sem þar er þegar að finna samkvæmt tillögunni.

Jökulsá á Fjöllum. Arnardals- og Helmingsvirkjun haldist í verndarflokki.

Hvítá í Borgarfirði. Kljáfossvirkjun flytjist í verndarflokk.

Jökulsár í Skagafirði. Skatastaðavirkjun B og C og Villinganesvirkjun flytjist í verndarflokk.

Skjálfandafljót. Fljótshnjúkvirkjun, Hrafnabjargavirkjun A og Eyjadalsárvirkjun flytjist í verndarflokk.

Hverfisfljót. Hverfisfljótsvirkjun flytjist í verndarflokk.

Skaftá. Búlandsvirkjun flytjist í verndarflokk.

Hólmsá. Hólmsárvirkjun við Einhyrning (án miðlunar) og Hólsmárvirkjun neðri við Atley flytjist í verndarflokk.

Farið við Hagavatn. Hagavatnsvirkjun flytjist í verndarflokk.

Hvítá í Árnessýslu. Búðartunguvirkjun, Haukholtsvirkjun, Vörðufellsvirkjun og Hestvatnsvirkjun ásamt með Selfossvirkjun í Öflusá flytjist í verndarflokk.

Eftirtaldir „virkjunarkostir“ í vatnsafli verði færðir til, ýmist úr nýtingu yfir í biðflokk eða í verndarflokk. Fyrirliggjandi tillögur um vatnsafli í verndarflokki skv. þlfl. haldist óbreyttar.

Skrokkölduvirkjun. færist í verndarflokk. Virkjunin er á áður lítt röskuðu svæði á miðhálandinu. Háspennulínur frá henni myndu raska stórum ósnortnum svæðum.

Þjórsá. Hvammsvirkjun og Holtavirkjun færist úr nýtingu í biðflokk. M.a. vantar rannsóknir á samfélagslegum áhrifum þessara virkjana.

Þjórsá. Urriðafossvirkjun færist úr nýtingu í verndarflokk. Þetta er gullfallegur foss rétt við þjóðveg. Áhrif á veiði yrðu tilfinnanleg.

Eftirtaldir „virkjunarkostir“ í jarðvarma flytjist í verndarflokk. Fyrirliggjandi tillögur um jarðhita í verndarflokki skv. þlfl. haldist óbreyttar.

Reykjanesskagi. Stóra-Sandvík, Eldvörp, Sandfell og Sveifluháls flytjist úr nýtingu í verndarflokk. Þetta eru að mestu ósnortin svæði sem fella ætti inn í Eldfjallapjóðgarð.

Reykjaneskagi – Hengilssvæði. Meitillinn, Gráuhjúkar og Hverahlíð flytjast úr nýtingu í biðflokk. Langtum meiri rannsóknar er þörf áður en endanleg ákvörðun verði tekin um verndun eða nýtingu þessara svæða.

Reykjaneskagi – Hengilssvæði. Innstidalur flytjast úr biðflokki í verndarflokk.

Reykjaneskagi- Krýsuvíkursvæði. Trölladyngja og Austurengjar flytist úr biðflokki í verndarflokk.

Suðurland – Hágöngusvæði. Hágönguvirkjun, 1. og 2. áfangi flytjast úr nýtingu yfir í verndarflokk. Hér er um að ræða jarðhitasvæði fast við mörk Vatnajökulsþjóðgarðs inni á miðhálandinu sunnan Vonarskarðs. Jarðvarmavirkjun á þessu svæði væri óbætanlegt stórslys vegna sjónrænna áhrifa, affallsvatns og raflína. Hágöngulón átti aldrei að byggja, það sjá nú flestir. Bygging jarðvarmavirkjunar á svæðinu væri að bæta gráu ofan á svart.

Norðausturland – Námafjallssvæði. Bjarnarflag færast úr nýtingarflokki í verndarflokk. Engu má hætta til um mengun í Mývatn frá slíkri virkjun, og hugsanleg skáborun undir Námafjall myndi setja jarðhitasvæðið við Hverarönd í hættu þannig að hætta er á að því verði raskað.

Norðausturland – Kröflusvæði. Krafla II, 1. og 2. áfangi. Verndar ber Vítismó og svæðið næst Leirhnjúk fyrir frekari vinnslu, sem og næsta nágrenni Vítis.

Norðausturland – Hnútháls svæði. Hnúthálsar og Fremrinámar flytjast úr biðflokki í verndarflokk. Hnúthálsar eru á þjóðlendu skv. nýföllnum dómi og eiga sem slíkir heima í Vatnajökulsþjóðgarði. Virkjun í Fremrinámum myndi raska afar stóru ósnortnu víðerni sunnan Mývatnsfjalla. Leita ætti samninga við umráðaaðila um að fella Ketildyngju með Fremrinámum inn í Vatnajökulsþjóðgarð.

Norðurland - Hveravallasvæði. Hveravellir flytjast úr biðflokki í verndarflokk. Óskiljanlegt er hvernig nokkrum dettur í hug að virkja á þessari hálandisperlu og fjölsóttu áningarstað við Kjalveg í miðju landsins.

Umsögn 222 – Guðmundur Páll Ólafsson

Almenn umsögn

Sama umsögn og umsögn 175.

Umsögn 223 – Borgarbyggð

Almenn umsögn

Borgarbyggð gerir ekki athugasemdir við tillöguna. Í tillögunni er nefndur einn virkjunarmöguleiki í Borgarbyggð, en það er virkjun við Kljáfoss í Hvítá. Lagt er til að sá virkjunarkostur fari í biðflokk og tekur sveitarstjórn Borgarbyggðar undir þá tillögu. Virkjunin er ekki á aðalskipulagi Borgarbyggðar.

Umsögn 224 – Borgarráð Reykjavíkur

Almenn umsögn

Bókun frá fundi Umhverfis- og samgönguráðs kveður á um að mikilvægt er að leita leiða til að hægja á framkvæmdum á Hengilsvæðinu. Fagna hver mörg svæði falla í verndarflokk. Gera hefði átt verndun vatns og vatnsgæða hærra undir höfði en gert er í áætluninni. Ónógar upplýsingar liggja fyrir um hvernig mæla eigi loftgæði. Litlar upplýsingar liggja fyrir um hvaða áhrif virkjun hefur á samfélagið.

Samantekt um umsagnir við Rammaáætlun

Skjal 2 – Samantekt eftir virkjunarkostum

HAGAVATNSVIRKJUN (39) (fjöldi umsagna 5)

Umsögn 1 - Kristinn Geir Steindórsson Briem

Landsvæði: Suðurland - Farið við Hagavatn (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Hagavatnsvirkjun (39)

Ég bý fyrir neðan virkjunina og sé sandstrókin í rokinu. Það var reynt að græða upp sandinn en gekk ekki vegna sandfoks. Í sambandi við svo kallað ferðafólk þá er raskið á landinu nú þegar orðið það mikið að það skiptir ekki máli hvort það komi smá virkjun. Skil ekki kostnað við flutning á rafmagni.

Umsögn 24 – Bláskógabyggð

Landsvæði: Suðurland - Farið við Hagavatn (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Hagavatnsvirkjun (39)

Athugasemdir sveitarstjórnar Bláskógabyggðar lúta að því, að virkjunarkosturinn Hagavatnsvirkjun verði flutt til um flokk, þ.e. úr biðflokk í orkunýtingarflokk. Með tilliti til allra þeirra rannsókna sem hafa átt sér stað um umhverfispætti svæðisins, getur sveitarstjórn Bláskógabyggðar ekki verið annað en algerlega ósammála þeim rökstuðningi sem fram kemur í tillögu um þingsályktun, það sem lýtur að Hagavatnsvirkjun. Fyrir liggja í dag hugmyndir um virkjun Hagavatns, sem hefur tekið umtalsverðum breytingum frá fyrri hugmyndum. Um er að ræða mun umhverfissvænni útfærslu. Virkjunin verði m.a. útfærð sem rennlisvirkjun sem mun tryggja mun stöðugra vatnsyfirborð ofan stíflu. Rafmagnstengingar verði að mestu leyti í jarðstrengjum. Vegslóðar og reiðleiðir verði samræmdar til að stemma stigu við utanvegaakstur m.a. við Jarlhettur. Við útfærslu virkjunarinnar gefst einnig kostur á að opna fyrir ýmsa möguleika á frekari tengingu við starfsemi ferðapjónustu á svæðinu. Byggðaráð vill leggja áherslu á, að með þessari framkvæmd er verið að endurheimta fyrra horf Hagavatns, hefta jarðvegsfok, auka möguleika á landgræðslu og bæta lífsgæði íbúa á áhrifasvæði uppfoksins.

Umsögn 32 - Ásborg Arnþórsdóttir, ferðamálafulltrúi Uppsveita Árnessýslu

Landsvæði: Suðurland - Farið við Hagavatn (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Hagavatnsvirkjun (39)

Tillaga til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landssvæða gerir ráð fyrir að Hagavatn fari í biðflokk. Í ljósi nýrra áætlana um virkjun Hagavatns með umhverfissjónarmið að leiðarljósi er

brýnt að þessi virkjunarkostur verði endurmetinn og fluttur í orkunýtingarflokk. Breið samstaða er um málið meðal heimamanna, sveitarstjórnar og ferðapjónustu. Markmiðið er að nýta fallorkuna á umhverfisvænan hátt, en jafnframt mun virkjunin koma í veg fyrir gífurlegt sandfok sem er á svæðinu og opna nýja spennandi möguleika í ferðapjónustu.

Umsögn 50 - Íslensk Vatnsorka

Landsvæði: Suðurland – Farið við Hagavatn (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Hagavatnsvirkjun (39)

Óskað er eftir því að virkjunarhugmyndir við Hagavatn falli í nýtingarflokk. Allt frá árinu 2007 hafa farið fram ítarlegar athuganir á útfærslu virkjunarhugmynda og áhrifum þeirra á umhverfið. Með breyttri útfærslu virkjunarinnar eru áhrifin hlutfallslega lítil og að miklu leyti jákvæð á umhverfið. Íslensk Vatnsorka óskaði sérstaklega eftir umsögn Landgræðslunnar um málið og sendi Landgræðslan umsögn sína þangað. Mat Landgræðslunnar að lónstæði, sem hluti af rennslisvirkjun, muni draga verulega úr sandfoki á þessum slóðum og setja eitthvað af uppsprettum sandfoks undir vatn. Brýnt að vatnsborðshæðinni yrði haldið sem jafnastri. Því ekki haldið fram að hækkun vatnsborðs í Hagavatni muni leysa allan vanda vegna sandfoks á þessum slóðum.

Umsögn 44 – Ólafur Björnsson hrl.

Landsvæði: Suðurland - Farið við Hagavatn (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Hagavatnsvirkjun (39)

Umsögn landeigenda Úthlíðartorfu, Bláskógabyggð vegna fyrirhugaðrar Hagavatnsvirkjunar. Hið mikla jarðvegsfok frá svæðinu ætti flestum að vera alkunna, en oft á tíðum er þetta einna stærsti valdur að svifryksmengun á suðvesturhluta landsins, s.s. í Reykjavík. Með tilliti til allra þeirra rannsókna sem hafa átt sér stað um umhverfisþætti svæðisins, eru landeigendur algerlega ósammála þeim rökstuðningi sem fram kemur í tillögu um þingsályktun, það sem lýtur að Hagavatnsvirkjun. Fyrir liggja í dag hugmyndir um virkjun Hagavatns, sem hefur tekið umtalsverðum breytingum frá fyrri hugmyndum. Um er að ræða mun umhverfisvænni útfærslu. Landeigendur leggja áherslu á, að með þessari framkvæmd er verið að endurheimta fyrra horf Hagavatns, hefta jarðvegsfok, auka möguleika á landgræðslu og bæta lífsgæði íbúa á áhrifasvæði uppfoksins. Þá telja landeigendur að framkvæmdin sé jákvæði fyrir ferðapjónusu á svæðinu. Landeigendur Úthlíðartorfu fara þess eindregið á leit við iðnaðarráðuneytið og frummælendur fyrirliggjandi þingsályktunartillögu að Hagavatnsvirkjun verði færð til um flokk, þ.e. úr biðflokki í orkuvinnsluflokk. Önnur niðurstaða yrði óásættanleg skerðing á eignarréttindum landeigenda, og áskilja landeigendur sér allan rétt í því sambandi. Landeigendur telja að mikill stuðningur sé við verkefnið í heimabyggð og benda á að ársþing SASS, haldið í Vík 28. og 29. október 2011 ályktaði um stuðning við hugmyndir um að vatnsyfirborð Hagavatns verði fært til upprunalegs horfs með stíflu í Farinu.

HESTVATNSVIRKJUN (37) (fjöldi umsagna 1)

Umsögn 3 - Kristinn Geir Steindórsson Briem

Landsvæði: Suðurland - Hvítá í Árnassýslu (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Hestvatnsvirkjun (37)

Að mínu viti er þetta besti virkjunarkosturinn í neðri Hvítá. Það er hægt að hemja ána við Hestfjall og láta affallið renna í farvegi Hvítár og hindra rennsli niður í Flóa. Það minnkar líkur á klakastíflum við Hrossatanga en þar er land nokkuð ósnortið. Hluti af eigendum eru "grænir" svo að samningar gætu orðið erfiðir.

GJÁSTYKKI (100) (fjöldi umsagna 6)

Umsögn 8 - Hreinn Hjartarson

Landsvæði: Norðausturland - Gjástykkissvæði (Háhití)

Virkjunarhugmynd: Gjástykki (100)

Mótmælir ofbeldi stjórnvalda að þvinga Gjástykki í verndarflokk þvert á niðurstöður sérfræðinga rammaáætlunar. Faghópar rammaáætlunar mátu 50 möguleg virkjunarsvæða á Íslandi. Í þeim samanburði taldist Gjástykki 26. mikilvægasta svæðið af um 50 til verndunar. Ekki var kastað til höndum við þetta mikilvæga mat og þá búið að leggja hátt í tvo milljarða í matsferlið. Til verksins völdust margir okkar færustu sérfræðingar á ýmsum á ýmsum þekkingarsviðum. Þvert á niðurstöður sérfræðinga er lagt til að Gjástykki verði friðað.

Umsögn 18 - Eiríkur S. Svavarsson, hrl., fyrir hönd sveitarfélaganna Norðurþings, Þingeyjarsveitar og Skútustaðahrepps

Landsvæði: Norðausturland - Gjástykkissvæði (Háhití)

Virkjunarhugmynd: Gjástykki (100)

Mótmælt tillögu um að setja Gjástykki í verndarflokk. Helstu atriði umsagnar eru:

- Gildandi svæðisskipulag, sem er staðfest af umhverfisráðherra, gerir ráð fyrir þeim möguleika að nýta 2,45 % af landssvæði Gjástykkis til allt að 45 MW orkunýtingar.
- Svæðisskipulagið var unnið í tengslum við fyrirætlanir um orkuppbyggingu í Þingeyjarsýslum sem ríkisstjórnin átti aðkomu að.

- Niðurstaða faghópa rammaáætlunar leiddu ekki til þeirrar niðurstöðu að setja ætti Gjástykki í heild í verndarflokk.

- Gögn málsins benda til þess að skoðanakönnun verkefnastjórnar hafi ráðið úrslitum um að Gjástykki var sett í verndarflokk. Nafnlaus skoðanakönnun meðal 12 fulltrúa verkefnastjórnar getur hvorki talist faglegur né málefnalegur grundvöllur að ákvörðun um að setja Gjástykki í verndarflokk, sérstaklega þegar niðurstaða skoðanakönnunarinnar er í andstöðu við gildandi svæðisskipulag og meginniðurstöðu faghópa rammaáætlunar.

- Óbreytt ákvörðun um Gjástykki í verndarflokk getur leitt til bótaskyldu vegna tjóns þeirra sem lagt hafa til grundvallar gildandi svæðisskipulag í undirbúningi sínum að atvinnuuppbyggingu í Þingeyjarsýslum. Áskilinn er réttur til skaðabóta.

- Stjórnvöld eru bundin af því ferli friðlýsingar sem þau hófu þann 18. mars 2010 og verða að ljúka honum í samræmi við gildandi ákvæði náttúruverndarlaga áður en þau leita fyrir sér um verndun umrædds landsvæðis á öðrum grundvelli.

Umsögn 40 – Þingeyjarsveit

Landsvæði: Almenn umsögn

Virkjunarhugmynd: Gjástykki (100)

Mótmæli við tillögu um að setja Gjástykki í verndarflokk. Sama umsögn og umsögn nr. 18.

Umsögn 66 - Gaukur Hjartarson

Landsvæði: Norðausturland – Gjástykkissvæði (Háhiti)

Virkjunarhugmynd: Gjástykki

Helstu atriði þessarar umsagnar eru: - Gildandi svæðisskipulag, sem er staðfest af umhverfisráðherra, gerir ráð fyrir þeim möguleika að nýta 2,45 % af landssvæði Gjástykkis til allt að 50 MW orkunýtingar. - Svæðisskipulagið var unnið í tengslum við fyrirætlanir um orkuppbyggingu í Þingeyjarsýslum sem ríkisstjórnin átti aðkomu að. - Niðurstaða faghópa rammaáætlunar leiddu ekki til þeirrar niðurstöðu að setja ætti Gjástykki í heild í verndarflokk. - Gögn málsins benda til þess að skoðanakönnun verkefnastjórnar hafi ráðið úrslitum um að Gjástykki var sett í verndarflokk. Nafnlaus skoðanakönnun meðal 12 fulltrúa verkefnastjórnar getur hvorki talist faglegur né málefnalegur grundvöllur að ákvörðun um að setja Gjástykki í verndarflokk, sérstaklega þegar niðurstaða skoðanakönnunarinnar er í andstöðu við gildandi svæðisskipulag og meginniðurstöðu faghópa rammaáætlunar.

Umsögn 113 - Framtíðarlandið - Ómar Þ. Ragnarsson

Landsvæði: Norðausturland - Kröflusvæði (Háhiti) Gjástykki

Svæðið Leirhnjúkur-Gjástykki er ein verðmætasta landslagsheild landsins. Þar er eini staðurinn á jörðinni þar sem hægt er að upplifa rek meginlandanna með ummerkjum og gögnum þar um og sjá æfingasvæði Marsfara. Svæðið gefur miklu meiri verðmæti sem verndarnýtingarsvæði en sem orkunýtingarsvæði.

Umsögn 143 – Landeigendur Reykjahlíðar

Landsvæði: Norðurland – Gjástykkissvæðið (Háhiti)

Virkjunarhugmynd: Gjástykki (100)

Mótmælt er að Gjástykki sé sett í verndarflokk. Það vekur furðu sá yfirgangur og einhliða ákvörðun sem kemur fram í tillögu um að Gjástykki verði sett í verndarflokk, þar sem stærstur hluti svæðisins er með beinum eignarrétti, þ.e. eign landeigenda í Reykjahlíð. Áskilinn er réttur til skaðabóta. Stjórn LR ehf. tekur undir umsögn allra sveitarfélaga á svæðinu dags. 2.11.2011 þ.e. Norðurþing, Þingeyjarsveit og Skútustaðahrepps um þessi drög að þingsályktun sem send hefur verið inn.

GRÆNDALUR (77) (fjöldi umsagna 1)

Umsögn 9 – Bæjarráð Hveragerðisbæjar

Landsvæði: Reykjanesskagi - Hengilssvæði (Háhiti)

Virkjunarhugmynd: Grændalur (77)

Í ályktun bæjarráðs er því fagnað að gert er ráð fyrir verndun Bitru og Grændals. Bæjarstjórn „hvetur Alþingi til að samþykkja tillöguna“. Með því er sérstaða dalanna og svæðisins ofan byggðar í Hveragerði viðurkennd.

BÚLANDSVIRKJUN (40) (fjöldi umsagna 4)

Umsögn 12 - Heiða Guðný Ásgeirsdóttir

Landsvæði: Suðurland - Skaftá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Búlandsvirkjun (40)

Er þinglýstur eigandi jarðarinnar Ljótastaða í Skaftártungu Skaftárhreppi og stundar þar sauðfjárbúskap með 500 vetrarfóðraða gripi. „Það af landi mínu sem færi undir fyrirhugað lón Búlandsvirkjunar liggur meðfram Tungufljóti vestanverðu og er láglendasta beitiland jarðar minnar sem öll er í yfir 200 metra hæð yfir sjó, það land er mér því algerlega nauðsynlegt til að geta haldið

búskap á jörðinni. Svo er einnig um fleiri bændur í þessari sveit sem treysta á beit í Ljótastaðaheiði og láglandasta hluta Búlandsheiðar sem einnig fer undir lónið.

Einkennileg stefna að taka land sem nýtt er til matvælaframleiðslu og sökkva því á kaf í vatn. Fyrirhuguð Búlandsvirkjun mun einnig hafa þau áhrif að vatnsmagn í Tungufljóti mun stórminka með ófyrirsjáanlegum afleiðingum fyrir fiskigengd sem er þar töluverð í dag, brottám og eyðilegging blátærrar veiðiár getur tæplega talist vistvænt eða skynsamlegt.

„Sandfokið mun koma yfir byggðina úr tveimur áttum og ekki þarf lengi að horfa yfir Eldhraunið til að sjá hvaða áhrif stöðugt sandfok hefur á gróður.

Með ofangreindum rökum vil ég fylgja eftir þeirri eindregnu skoðun minni að Búlandsvirkjun eigi hvergi heima nema í verndunarflokki rammaáætlunar.“

Umsögn 36 - Jóna Björk Jónsdóttir

Landsvæði: Suðurland - Skaftá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Búlandsvirkjun (40)

Flytja eigi Búlandsvirkjun úr biðflokki í verndarflokk. Virkjunin, þ.e. uppistöðulón og stíflumannvirki er mjög nálægt Eldgjá en hún er hluti af um 40 km langri gossprungu sem vitnar um stórkostleg eldsumbrot á nútíma. Skaftá ber með sér mikið magn silts og leir og ekki hjá því komið að set safnist fyrir í lóninu en það mun sveiflast frá 9,2 km² í 5 km². Lónstæðið sem er um 9,2 km² er á grónu svæði sem hingað til hefur verið mikilvægt til beitar á þessu svæði. Í hvítbók um náttúruvernd sem gefin var út 2011 segir: “Mikilvægt er að stuðla að verndun heildstæðra vatnasviða af ólíkum vatnagerðum. Einna brýnast er að standa vörð um lindavatnskerfi á eldvirka belt landsins þar sem er að finna ungar gropnar og lekar hraunmyndanir sem myndast hafa í gosum eftir að síðasta jökulskeiði lauk...” (bls 69). Skaftá er enn óskert vatnasvið og rennur á svæði þar sem stærstu hraun landsins hafa runnið frá landnámi og ber að vernda þetta samspil. Sjálfbær þróun er hugtak þar sem reynt er að ná jafnvægi milli efnahagslegra, félagslegra og umhverfislegra þátta. Hvað viðkemur Búlandsvirkjun hefur enginn könnun verið gerð á félagslegum áhrifum þessarar virkjunar. Ljóst er að virkjunin er ekki sjálfbær m.t.t. umhverfisþátta heldur ganga á gæði landsins með óafturkræfum hætti og enn fleiri atriði ber að taka tillit til vegna óvissu um afleiðingar hennar á vistkerfin á svæðinu. Í efnahagslegu tilliti er ljóst að nokkrir bændur munu bera skaða af virkjuninni og óljóst hver áhrifin verða á ferðaþjónustu á svæðinu. Að þessu framansögðu legg ég áherslu á að Búlandsvirkjun verði flutt í verndunarflokk rammaáætlunar.

Umsögn 99 – Suðurorka ehf.

Landsvæði: Suðurland - Skaftá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Búlandsvirkjun (40)

Suðurorka fagnar því að loks hilli undir lok á vinnu við rammaáætlun. Suðurorka gerir þó athugasemdir við niðurstöður rammaáætlunar og vinnubrögð. Afgreiðsla Búlandsvirkjunar innan

rammaáætlunar ber merki um að önnur sjónarmið en þau faglegu hafi haft of mikið að segja um niðurstöðu. Þá er með henni lögð hindrun í veg fyrir ábyrgri stefnu Skaftárhrepps um nýtingu landsvæða innan sveitarfélagsins. Að Búlandsvirkjun sé sett í biðflokk er illskiljanlegt því næg gögn liggja fyrir til að flokka valkostinn endanlega og að okkar álit í nýtingarflokk. Öll viðbótavinna færustu sérfræðinga skilaði síðan slakari gagnaekinn í 2. áfanga rammaáætlunar eða 1 A, 2 B og 2 C. Þarna hefur Búlandsvirkjun orðið fyrir því að meiri þekking leiðir til þess að enn meiri kröfur voru gerðar til gagna en ella. Á fundi á skrifstofu orkumálastjóra 28. ágúst 2009 var formanni faghóps 4, Guðna Jóhannessyni, orkumálastjóra, afhent skjöl sem lýstu kostinum. Það var gert eftir leiðsögn frá starfsmanni verkefnisstjórnar rammaáætlunar. Af ókunnum orsökum var samt ekki búið að skilgreina sérstakan valkost vegna umsóknar Suðurorku í nóvember 2009. Í byrjun desember 2009 var ítrekuð beiðni um að fá kost Suðurorku metinn. Í janúar 2010 var kosturinn endurskírður Búlandsvirkjun til þess að fá hann tekinn fyrir. Á fundi um málið samþykkti verkefnisstjóri rammaáætlunar að um mistök hefði verið að ræða hjá verkefnisstjórn. Slík mistök á einkafyrirtækið Suðurorka ekki að þurfa að gjalda fyrir. Suðurorka gerði allt sem mögulegt var til að liðka fyrir málinu. Virkjunarkosturinn var ekki seint fram kominn heldur tregðaðist faghópur 1 við að taka hann til mats sem olli vandræðagangi allra annarra sem að málinu komu. Verði það ákvörðun Alþingis að setja Búlandsvirkjun í biðflokk er nauðsynlegt að fyrir því liggja trúverðugur rökstuðningur. Setja þarf skýrt fram hvað vantar upp á til að ná endanlegri flokkun svo Suðurorka geti unnið markvisst í því að bæta úr, án þess að þurfa að leggja milljónatugi í ýmsa verkþætti sem ekki skipta máli við afgreiðslu rammaáætlunar. Óvissa og dráttur á niðurstöðum rammaáætlunar er að valda verkefninu auknum kostnaði m.a. vegna skilyrða í rannsóknarleyfi. Við mat á Búlandsvirkjun urðu eflaust nokkrir samverkandi þættir til þess að neikvæð stemming varð í kringum virkjanakostinn innan faghópa 1 og 2, s.s. óvönduð skjalastjórn verkefnisstjórnar, eignarhald Suðurorku, fyrri áform um miðlun í Langasjó, kosturinn er stór og veldur því eðlilega nokkru meiri áhrifum en minni kostir, meðbyr jarðvarmavirkjana umfram vatnsafl s.s. vegna loftmengunar og umhverfisáhrifa. Ef þingmenn treysta sér ekki til að leiðrétta óréttlætið sem Suðurorka varð fyrir við afgreiðslu 2. áfanga rammaáætlunar og flokki Búlandsvirkjun í biðflokk er það lágmarks krafa að Suðurorka verði upplýst um hvaða upplýsingar vantar og sé gefinn kostur á að skila þeim til aðila með umboð til að breyta flokkuninni en þurfi ekki að bíða 3. áfanga rammaáætlunar.

Umsögn 141 – Veiðifélag Grenlækjar

Landsvæði: Suðurland – Skaftá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Búlandsvirkjun (40)

Veiðifélagið telur að flytja eigi Búlandsvirkjun (40) í verndarflokk. Vatnasvið Skaftár og samfella hennar við lindarvötnin á svæðinu er einstakt og enn eru þau óröskuð af virkjanaf framkvæmdum. Lífriki sumra svæðanna var svo auðugt að þau voru sett á Náttúruminjaskrá og er vilji Umhverfisstofnunar að friðlýsa votlendi Grenlækjar og Eldvatns. Veiðimálastofnun telur verndargildi sjóbirtingsstofna lindarvatna í Landbroti og Meðallandi ótvírætt ekki aðeins á landsvísu heldur einnig á heimsvísu. Efnahagsleg verðmæti við nýtingu veiðihlunninda er mjög þýðingarmikill þáttur í afkomu fólks og byggðar á svæðinu. En í ljósi hvítbókar um náttúruvernd sem gefin var út af Umhverfissráðuneytinu 2011 ætti þessu líkt ekki að endurtaka sig.

BITRA (74) (fjöldi umsagna 1)

Umsögn 14 – Bæjarráð Hveragerðisbæjar

Landsvæði: Reykjanesskagi - Hengilssvæði (Háhiti)

Virkjunarhugmynd: Bitra (74)

Í ályktun bæjarráðs er því fagnað að gert er ráð fyrir verndun Bitru og Grændals. Bæjarstjórn „hvetur Alþingi til að samþykkja tillöguna“. Með því er sérstaða dalanna og svæðisins ofan byggðar í Hveragerði viðurkennd.

NORÐLINGAÖLDUVEITA 566-567,5 m y. s. (27) (fjöldi umsagna 2)

Umsögn 15 – Sveitarstjórn Skeiða-og Gnúpverjahrepps

Landsvæði: Suðurland - Þjórsá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Norðlingaölduveita - 566-567,5 m y.s. (27)

Meirihluti sveitarstjórn Skeiða-og Gnúpverjahrepps (fjórir af fimm) fagnar því að vinna við rammaáætlun skuli vera á lokastigi. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við röðun tillögunnar að öðru leiti en því að við teljum að Norðlingaölduveita í 566-567,5 m y.s. án setlóns hefði átt að fara í biðflokk en ekki í verndunarflokk eins og tillagan gerir ráð fyrir. Rökin fyrir því álitu er að ekki hefur farið fram sérstakt umhverfismat vegna þeirrar framkvæmdar og þess vegna liggur ekki fyrir hver áhrif hennar yrðu á umhverfið og þá einkum Þjórsárverin. Veita í fyrr greindri hæð kæmi til með að standa utan veranna. „Röksemdarfærsla formanns nefndarinnar á kynningarfundu um rammaáætlun á Selfossi þann 21. september 2011 fyrir því að setja veituna í verndunarflokk voru að gert væri ráð fyrir stækkun friðlandsins í Þjórsárverum í náttúruverndaráætlun en samkvæmt henni virðast mörkin til suðurs dregin talsvert útfyrir það sem fólk á þessu svæði hefur talið vera hin eiginlegu Þjórsárver. Rétt er að vekja athygli á því að náttúruverndaráætlun 2009-2013 var lögð fram eftir að 12 manna verkefnisstjórn rammaáætlunar var skipuð í september 2007. Þess vegna er eðlilegt að spurt sé hvers vegna verið var að taka einn kost sem var til skoðunar í rammaáætlun og útiloka hann áður en vinna verkefnastjórnar rammaáætlunar lauk? Eins má líka spyrja hvers vegna var þá ekki þessi kostur tekinn strax út úr vinnu verkefnastjórnar þegar náttúruverndaráætlun 2009-2013 lá fyrir ef hún útilokaði veituna? Einnig er rétt að benda á að um nokkurt skeið hefur verið starfandi nefnd sem átti að vinna að hugmyndum um stækkun friðlandsins í Þjórsárverum, áhugi á starfi þeirrar nefndar virðist hafa gufað upp eftir að ljós kom að fulltrúar sveitarfélaganna á svæðinu töldu eðlilegast að friðlandsmörkin réðust endanlega eftir að verkefnisstjórnin um rammaáætlun hefði lagt faglegt mat á fyrirhugaða Norðlingaölduveitu í 566-567,5 m y.s. án setlóns.“

Umsögn 162 - Vinir Þjórsárvera

Landsvæði: Suðurland - Þjórsá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Norðlingaölduveita - 566-567,5 m y.s. (27)

Að Norðlingaölduveita sé sett í verndunarflokk. (Ekki unnt að opna fylgiskjal).

HÓLMSÁRVIRKJUN NEÐRI VIÐ ATLEY (21) (fjöldi umsagna 3)

Umsögn 16 – Orkusalan ehf.

Landsvæði: Suðurland - Hólmsá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Hólmsárvirkjun neðri við Atley (21)

Orkusalan fagnar því að nú hilli undir lok hinnar viðamiklu vinnu sem liggur að baki annars áfanga rammaáætlunar og vonar að með þeirri vinnu verði hægt að nálgast sátt um orkuöflun og nýtingu í landinu. Þær niðurstöður sem sjá má í þeim drögum að tillögu til þingsályktunar sem nú liggja frammi til umsagnar komu þó forsvarsmönnum Orkusölunnar verulega á óvart, en eini virkjanakosturinn sem Orkusalan ehf. er með í undirbúningi, Hólmsárvirkjun neðri við Atley (nr. 21), er þar settur í biðflokk. Orkusalan telur með vísan til þessa að röðun á virkjanakosti Hólmsár með miðlunarlóni við Atley í biðflokk sé byggð á misskilningi eða mistökum við vinnslu matsins sem liggur til grundvallar þeirri röðun og væntir þess að það mat verði endurskoðað og leiðrétt áður en að tillagan til þingsályktunar verður lögð fyrir Alþingi til umfjöllunar. Það er mat Orkusölunnar að ekkert hafi komið fram í vinnu rammaáætlunar sem gefi tilefni til annars en að þessi virkjunarkostur, sem hentar sérstaklega vel til að virkja fyrir almennan markað með mjög takmörkuðum umhverfisáhrifum, verði settur í nýtingarflokk.

Umsögn 17 – Vígfús Gunnar Gíslason

Landsvæði: Suðurland - Hólmsá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Hólmsárvirkjun neðri við Atley (21)

Ástæða þess að ég tel nauðsynlegt að vekja athygli á staðháttum á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði hugsanlegrar Hólmsárvirkjunar með stíflun Hólmsár við Atley er að ég hef þrúfaldlega að undanfögnu orðið var við þann misskilning hjá sérfræðingum og þeim sem taka þátt í umræðunni um virkjunina, að þessi virkjun og það sem henni tengist sé á landi og í umhverfi sem ekki sé eftirsjá að. Landið sé að mestu sandar og áraurar sem engum nýtist. Umhverfisáhrif eru mjög mikil og óafturkræf. Fyrirhugað lón er eitt þúsund hektarar eða 10 km². Hólmsárvirkjun neðri eigi að vera í verndarflokki Rammaáætlunar.

Umsögn 29 – Jóna Lís Gísladóttir

Landsvæði: Suðurland - Hólmsá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Hólmsárvirkjun neðri við Atley (21)

Mótfallin virkjunarhugmyndum í Hólmsá vegna margra ástæðna. Nálægð lónsstæðis við eldstöðina Kötlu. Línustæði frá stöðvarhúsi að flutningslínu (Sigöldulínu) liggur um Skaftártunguheiðar á um 30 km. Kafla og eru þessar heiðar eru nær óraskaðar, hafa mikið jarðfræðilegt gildi. Virkjunin mun þrengja að hefðbundnum sauðfjárbúskap í Skaftártungu, en nú þegar leigja bændur þar beitarlönd og slægjur. Hólmsárvirkjun megi ekki verða að veruleika og eigi að færast úr biðflokki yfir í verndarflokk Rammaáætlunar.

EYJADALSÁRVIRKJUN (11) (fjöldi umsagna 1)

Umsögn 19 – Fallorka ehf.

Landsvæði: Norðausturland - Skjálfafljót (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Eyjadalsárvirkjun (11)

Bent á að fyrirhuguð virkjun er 8 MW, þ.e. minni en þau 10 MW sem kveðið er á um í lögum nr. 48/2011. Er því farið fram á að hún verði tekin út úr tillögu til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða.

HÓLMSÁ (fjöldi umsagna 1)

Umsögn 23 – Runólfur Birgir Leifsson

Landsvæði: Suðurland - Hólmsá (Vatnasvið)

Tekur undir með Vigfúsi Gíslasyni frá Flögu, en „hann hefur sent inn mjög góða greinargerð og rök fyrir því að þetta svæði verði verndað. Ég óska því að hlustað verði á hans rök í málinu og legg til að svæðið verði verndað“.

URRIÐAFOSSVIRKJUN (31) (fjöldi umsagna 50)

Umsögn 26 – Svanhvít Hermannsdóttir

Landsvæði: Suðurland - Þjórsá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Urriðafossvirkjun (31)

Athugasemdir við fyrirhuguð áform um virkjanir í neðri hluta Þjórsár og legg til að þær verði færðar úr nýtingarflokki í biðflokk. Umhverfisleg áhrif eru óhjákvæmileg ef virkjað verður í Þjórsá. Sjónræn áhrif verða vegna uppistöðulóna, varnargarða, skurða, hauga, nýrra vega og stöðvarhúss. Rannsóknir skortir á uppfoki úr árfarveginum við minnkað rennsli árinna svo og á grunnvatnstöðu á Skeiðum og í Flóa og á lífríki sjávar undan ósum Þjórsár. Ef virkjað verður í Þjórsá er ráðist inn á viðkvæm göngusvæði villtra laxa. Laxastofninn í Þjórsá er líklega stærsti villti laxastofn á Íslandi. Ekki hefur verið sýnt fram á að lausn hafi fundist sem með óyggjandi hætti bjargi laxastofninum.

Umsögn 28 – Skálmholt

Landsvæði: Suðurland - Þjórsá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Urriðafossvirkjun (31)

Ábúandi jarðarinnar Skálmholts í Flóahreppi krefst þess að Urriðafossvirkjun í neðri hluta Þjórsár verði færð úr nýtingarflokki í biðflokk af eftirtöldum ástæðum:

- Umhverfismat sem gert var er ófullnægjandi. Áhrif fyrirhugaðrar virkjunar á lífríki, grunnvatn og jarðskjálfta ásamt uppfoki úr efnishaugum og þurrum árfarvegum eru ekki nægjanlega þekkt.
- Rannsóknunum á lífríki árinna er verulega áfátt.
- Veiðifélag Þjórsár hefur verið sniðgengið af Landsvirkjun og Veiðimálastofnun.
- Landsvirkjun hefur orðið uppvís að margvíslegum frávikum frá því sem segir í umhverfismatsskýrslu.

Umsögn 34 – Halldóra Gunnarsdóttir

Landsvæði: Suðurland - Þjórsá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Urriðafossvirkjun (31)

Leggur til að virkjanir í neðri hluta Þjórsár verði færðar úr nýtingarflokki í biðflokk. Sjónræn áhrif verða mikil og rannsóknir skortir á veigamiklum þáttum á lífríki í og við Þjórsá og sjávarins úti fyrir ósum hennar. Samfélagsáhrif hafa ekki verið rannsökuð en þau eru veruleg og neikvæð nú þegar í byggðunum við Þjórsá.

Umsögn 35 – Sigríður Guðjónsdóttir

Landsvæði: Suðurland - Þjórsá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Urriðafossvirkjun (31)

Mótmælir virkjunum í neðri hluta Þjórsár og vil að þær verði færðar úr nýtingarflokki. Ég mótmæli því að til standi að eyðileggja mikilvæga og merkilega fiskistofna í Þjórsá og taka áhættu með fiskinn í sjónum. Að ætla að virkja í hlaðvarpanum hjá hópi af fólki, það er ekki mönnum þjóðandi.

Umsögn 37 – Almar Sigurðsson

Landsvæði: Suðurland - Þjórsá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Urriðafossvirkjun (31)

Mótmæli því að Urriðafossvirkjun verði sett í nýtingaflokk og fer fram á að hún fari í biðflokk. Ljóst má vera að laxastofninn í Þjórsá verður nánast þurrkaður út. Ásýnd Þjórsár mun gjörbreytast og ég sem leiðsögumaður mótmæli slíkum breytingum á náttúrunni út frá sjónrænum verðmætum. Margra kílómetra langir varnargarðar og stíflur munu gjöreðileggja ásýndina og valda óafturkræfum umhverfisspjöllum sem verða ekki metinn til fjár. Fornleifar eru þar sem fyrirhugað lón á að vera og verða þær fornleifar eyðilagðar ef af Urriðafossvirkjun verður.

Umsögn 41 – Ragnar Böðvarsson

Landsvæði: Suðurland - Þjórsá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Urriðafossvirkjun (31)

Stærsta röksemdin fyrir því að setja Urriðafossvirkjun í biðflokk er að mínu viti sú að áhrifin á lífríki sjávarins eru allsendis óljós. Við vitum hins vegar að fiskurinn í sjónum er okkur geysi mikils virði og við vitum líka að breytingar sem virkjanir í Þjórsá kunna að hafa á hagana hans verða ekki aftur teknar.

Umsögn 42 – Jóhanna Einarsdóttir

Landsvæði: Suðurland - Þjórsá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Urriðafossvirkjun (31)

Gerir alvarlega athugasemd við fyrirhugaða virkjun Urriðafoss. Vatnsmesti foss landsins, einstök náttúrperla. Þetta á að víkja fyrir skammtíma gróðasjónarmiðum. Hefur þessi þjóð ekki enn lært af mistökunum.

Umsögn 48 - Gauti Gunnarsson

Landsvæði: Suðurland – Þjórsá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Urriðafossvirkjun (31)

Legg til að Urriðafossvirkjun fari ekki í nýtingarflokk. Breytingar verða áá grunnvatnsstöðu, óvissa um áhrif og staðsetningu á haugsetningu framburðarefna, mikil áhrif á laxastofna og lífríki sjávar og breytingar á ásýnd umhverfis.

Umsögn 59 - Merle Sellenriek (umsögn á ensku)

Landsvæði: Suðurland – Þjórsá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Urriðafossvirkjun (31)

Þeirri hugmynd að setja Urriðafoss í nýtingarflokk er mótmælt. Neikvæð áhrif á laxagengd. Lagt til að virkjanahugmyndin fari í biðflokk.

Umsögn 60 - Gesche Zimmermann (umsögn á ensku)

Landsvæði: Suðurland – Þjórsá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Urriðafossvirkjun (31)

Þeirri hugmynd að setja Urriðafoss í nýtingarflokk er mótmælt. Neikvæð áhrif á laxagengd. Lagt til að virkjanahugmyndin fari í biðflokk.

Umsögn 61 - Janine Aebischer (umsögn á ensku)

Landsvæði: Suðurland – Þjórsá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Urriðafossvirkjun (31)

Þeirri hugmynd að setja Urriðafoss í nýtingarflokk er mótmælt. Neikvæð áhrif á laxagengd. Lagt til að virkjanahugmyndin fari í biðflokk.

Umsögn 62 - Beatrice Teucher (umsögn á ensku)

Landsvæði: Suðurland – Þjórsá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Urriðafossvirkjun (31)

Þeirri hugmynd að setja Urriðafoss í nýtingarflokk er mótmælt. Neikvæð áhrif á laxagengd. Lagt til að virkjanahugmyndin fari í biðflokk.

Umsögn 65 - Ingo (ums. á ensku)

Landsvæði: Suðurland – Þjórsá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Urriðafossvirkjun (31)

Mikil skaði ef land fer undir vatn á svæðinu og þar með að eilífu glatað. Mælist til þess að stjórnvöld komi í veg fyrir framkvæmdir svo hann geti notið náttúrunnar.

Umsögn 67 - Skeggi Gunnarsson

Landsvæði: Suðurland – Þjórsá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Urriðafossvirkjun (31)

Gerir alvarlegar athugasemdir við þá tillögu starfshóps um rammaáætlun að setja Urriðafoss virkjun í nýtingarflokk. Hvetur stjórnvöld eindregið til að setja Urriðafossvirkjun í verndunarflokk.

Umsögn 68 - Sonja Noack (ums. á ensku)

Landsvæði: Suðurland – Þjórsá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Urriðafossvirkjun (31)

Þeirri hugmynd að setja Urriðafoss í nýtingarflokk er mótmælt. Neikvæð áhrif á laxagengd. Lagt til að virkjanahugmyndin fari í biðflokk.

Umsögn 69 - Vipke (ums. á ensku)

Landsvæði: Suðurland – Þjórsá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Urriðafossvirkjun (31)

Þeirri hugmynd að setja Urriðafoss í nýtingarflokk er mótmælt. Neikvæð áhrif á laxagengd. Lagt til að virkjanahugmyndin fari í biðflokk.

Umsögn 71 - Monique Stähli (ums. á ensku)

Landsvæði: Suðurland – Þjórsá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Urriðafossvirkjun (31)

Þeirri hugmynd að setja Urriðafoss í nýtingarflokk er mótmælt. Neikvæð áhrif á laxagengd. Lagt til að virkjanahugmyndin fari í biðflokk.

Umsögn 72 – Anna Raab

Landsvæði: Suðurland - Þjórsá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Urriðafossvirkjun (31)

I protest against placing of the hydropower stations along the lower river Thjórsá in "nytingarflokkur" because of the resulting damages in nature. Waterfalls and traditional riding and walking paths will be destroyed. Salmon will probably die. Save Thjórsá for next generations and move the plans to "bidflokkur".

Umsögn 73 – Katrin Gier

Landsvæði: Suðurland - Þjórsá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Urriðafossvirkjun (31)

I protest against placing of the hydropower stations along the lower river Thjórsá in "nytingarflokkur" because of the resulting damages in nature. Waterfalls and traditional riding and walking paths will be destroyed. Salmon will probably die. Save Thjórsá for next generations and move the plans to "bidflokkur".

Umsögn 76 – Lea Raab

Landsvæði: Suðurland - Þjórsá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Urriðafossvirkjun (31)

I protest against placing of the hydropower stations along the lower river Thjórsá in "nytingarflokkur" because of the resulting damages in nature. Waterfalls and traditional riding and walking paths will be destroyed. Salmon will probably die. Save Thjórsá for next generations and move the plans to "bidflokkur".

Umsögn 78 – Elsa Rozie

Landsvæði: Suðurland - Þjórsá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Urriðafossvirkjun (31)

I protest against placing of the hydropower stations along the lower river Thjórsá in "nytingarflokkur" because of the resulting damages in nature. Waterfalls and traditional riding and walking paths will be destroyed. Salmon will probably die. Save Thjórsá for next generations and move the plans to "bidflokkur".

Umsögn 103 – Eva Höfer

Landsvæði: Suðurland - Þjórsá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Urriðafossvirkjun (31)

I protest against placing of the hydropower stations along the lower river Thjórsá in "nýtingarflokkur" because of the resulting damages in nature. Waterfalls and traditional riding and walking paths will be destroyed. Salmon will probably die. Save Thjórsá for next generations and move the plans to "bidflokkur".

Umsögn 108 - Nadja Pietzsche (Umsögn á ensku)

Landsvæði: Suðurland – Þjórsá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Urriðafossvirkjun (31)

Þeirri hugmynd að setja Urriðafoss í nýtingarflokk er mótmælt. Neikvæð áhrif á laxagengd og fagrir fossar munu hverfa.

Umsögn 109 - Heike Wenke (umsögn á ensku)

Landsvæði: Suðurland – Þjórsá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Urriðafossvirkjun (31)

Þeirri hugmynd að setja Urriðafoss í nýtingarflokk er mótmælt. Neikvæð áhrif á laxagengd. Lagt til að virkjanahugmyndin fari í biðflokk.

Umsögn 116 - Renate Hannemann & Ólafur Arnar Jónsson – Herríðarhóll

Landsvæði: Suðurland – Þjórsá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Urriðafossvirkjun (31)

Urriðafossvirkjun - nei takk! Í meira en áratug hafa virkjanaáform í neðri hluta Þjórsár litað okkar líf. Óvelkomnar og tímafreakar heimsóknir frá Landsvirkjun og þeim tengdum aðilum, háir lögfræðingsreikningar til að fá aðstoð á ómaklegum fundum, takmarkað skipulagsfrelsi á sinu eigin landi, klofið samfélag, nagandi óvissa og endalausar umræður. Þetta er ekki mönnum boðlegt. Urriðafossvirkjun - nei takk!

Umsögn 118 - Gunnar Njálsson

Landsvæði: Suðurland – Þjórsá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Holtavirkjun – Urriðafossvirkjun (31)

Urriðafossvirkjun: (31)

Eyðileggingar sem þessar framkvæmdir valda eru margþættar. Stór og gróin landsvæði fara undir vatn og fiskigengd mun stórraskast. Áin mun bókstaflega hverfa. Áin hefur að geyma fallega fossa, eins og Búðafoss, sem mun hverfa og Urriðafoss sem er nú aflmesti foss landsins og mikið aðdráttarafli ferðamanna.

Áformum Landsvirkjunar mótmælt og þess krafist að Urriðafossvirkjun í Þjórsá verði færð úr orkunýtingarflokk í verndarflokk.

Holtavirkjun: (30)

Farvegur Þjórsár Árnæssýslumegin yrði vatnslítill eða þurr á 8-9 km kafla. Lónið mun hafa áhrif á tún og beitolönd fjögurra jarða. Áformum Landsvirkjunar mótmælt og þess krafist að Holtavirkjun í Þjórsá verði færð úr orkunýtingarflokk í verndarflokk.

Umsögn 121 - Ólafur Sigurjónsson

Landsvæði: Suðurland – Þjórsá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Urriðafossvirkjun (31)

Farvegur Þjórsár verðu meira eða minna þurr. Mikil hætta á leka úr lóninu, miklar jarðskjálftasprungur á svæðinu og jarðskjálftahætta. Mikil röskun á grunnvatni. Fráveitur á Skeiðum og niður í Flóa gætu verið í hættu vegna mengunar verði virkjað. Minni framburður. Áhrif á fiskistofna við landgrunnið. Áhrif á landbúnaðarland. Fyrirsjáanleg áhrif á laxastofn í ánni. Lítið rannsakaðar fornminjar fara undir vatn. Ekki ásætlanlegt að framkvæmdaaðili sjái sjálfur um umhverfismat. Hætta í byggð ef stíflur rofna. Þeir faghópar sem telja sig geta raðað blómlegum byggðum á dauðalista yfir stórvirkjanir, verða að átta sig á að það býr fólk á þessu svæði. Á kynningu á Selfossi sem faghópar rammaáætlunar stóðu fyrir var hvergi talað um fólk. Þetta eru forkastanleg vinnubrögð og talandi dæmi um það ofbeldi sem við íbúar á svæðinu höfum mátt þola í þessu efni.

Umsögn 124 - Bergþóra Guðbergsdóttir

Landsvæði: Suðurland – Þjórsá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Urriðafoss (31)

Ég hef búið í Forsæti við bakka Þjórsár í 43 ár og hef mjög ákveðnar skoðanir á náttúruvernd. Mér finnst erfitt að hugsa til þess að komandi kynslóðir séu sviptar náttúruperlum sbr. Urriðafoss sem fólk hefur lifað með frá landnámi. Um allan heim er verið að fórn landgæðum og náttúruperlum til stórfyrirtækja og rányrkja stunduð grimmt í skjóli hámenntaðs fólks sem ætti að vita betur. Tilveran snýst ekki eingöngu um peninga og endalausán hagvöxt. Nú er mál að staldra við og marka heilbrigða stefnu um það hvers konar þjóðfélag við viljum byggja upp til langs tíma lítið en ekki keyra á skyndilausnum vatnsfallsvirkjana og stóriðju.

Umsögn 129 – Renate Bigler (umsögn á ensku)

Landsvæði: Suðurland – Þjórsá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Urriðafossvirkjun (31)

Þeirri hugmynd að setja Urriðafoss í nýtingarflokk er mótmælt. Neikvæð áhrif á laxagengd. Lagt til að virkjanahugmyndin fari í biðflokk.

Umsögn 137 – NASF, Verndarsjóður villtra laxastofna

Landsvæði: Suðurland – Þjórsá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Urriðafossvirkjun (31)

NASF, Verndarsjóður villtra laxastofna (North Atlantic Salmon Fund), gerir með þessu bréfi alvarlegar athugasemdir við tillögu til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, sem gerir ráð fyrir að virkjanir í neðri hluta Þjórsár, Urriðafossvirkjun, Hvammsvirkjun og Holtavirkjun, verði settar í virkjunarflokk. NASF telur að þær skuli settar í verndarflokk, til að vernda laxa- og sjóbirtingsstofna í ánni, en til vara að virkjanirnar verði settar í biðflokk á meðan rannsóknir hæfra og óvilhallra vísindamanna fari fram til að meta áhrif framkvæmdanna á einstakan laxastofn árinna. Ennfremur telur NASF að greina þurfi afdrif sjóbirtingsstofns árinna áður en tekin er ákvörðun um virkjanaframkvæmdir.

Umsögn 139 – Bettina Morf Christiansdóttir (Umsögn á ensku)

Landsvæði: Suðurland – Þjórsá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Urriðafoss (31)

Mótmælir virkjanahugmyndum í Þjórsá.

Umsögn 146 – Karsten Lemme (umsögn á ensku)

Landsvæði: Suðurland – Þjórsá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Urriðafossvirkjun (31)

Því mótmælt að tortíma eigi landi við Þjórsá.

Umsögn 148 – Johanna Posner (umsögn á ensku)

Landsvæði: Suðurland – Þjórsá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Urriðafossvirkjun (31)

Þeirri hugmynd að setja Urriðafoss í nýtingarflokk er mótmælt. Neikvæð áhrif á laxagengd. Lagt til að virkjanahugmyndin fari í biðflokk.

Umsögn 150 – Ralf Koemen

Landsvæði: Suðurland – Þjórsá (Vatnasvið)

Urriðafossvirkjun (31)

Þeirri hugmynd að setja Urriðafoss í nýtingarflokk er mótmælt. Neikvæð áhrif á laxagengd. Lagt til að virkjanahugmyndin fari í biðflokk.

Umsögn 152 – Sander (Umsögn á ensku)

Landsvæði: Suðurland – Þjórsá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Urriðafossvirkjun (31)

Því mótmælt að virkja eigi Þjórsá sem hafi neikvæð áhrif á náttúru, fossa og lax í ánni.

Umsögn 153 – Elke Sander (Umsögn á ensku)

Landsvæði: Suðurland – Þjórsá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Urriðafossvirkjun (31)

Því mótmælt að virkja eigi Þjórsá sem hafi neikvæð áhrif á náttúru, fossa og lax í ánni.

Umsögn 154 – Fabian Sander (Umsögn á ensku)

Landsvæði: Suðurland – Þjórsá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Urriðafossvirkjun (31)

Því mótmælt að virkja eigi Þjórsá sem hafi neikvæð áhrif á náttúru, fossa og lax í ánni.

Umsögn 156 - Radermacher, Nadine

Landsvæði: Suðurland - Þjórsá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Urriðafossvirkjun (31)

I protest against placing of the hydropower stations along the lower river Thjórsá in "nytingarflokkur" because of the resulting damages in nature. Waterfalls and traditional riding and walking paths will be destroyed. Salmon will propably die. Save Thjórsá for next generations and move the plans to "bidflokkur".

Umsögn 157 - Sander, Rebecca

Landsvæði: Suðurland - Þjórsá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Urriðafossvirkjun (31)

I protest against placing of the hydropower stations along the lower river Thjórsa' in "nytingarflokkur" because of the resulting damages in nature. Waterfalls and traditional riding and walking paths will be destroyed. Salmon will propably die. Save Thjórsá for next generations and move the plans to "bidflokkur".

Umsögn 159 - Sander, Tobias

Landsvæði: Suðurland - Þjórsá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Urriðafossvirkjun (31)

I protest against placing of the hydropower stations along the lower river Thjórsa' in "nytingarflokkur" because of the resulting damages in nature. Waterfalls and traditional riding and walking paths will be destroyed. Salmon will propably die. Save Thjórsá for next generations and move the plans to "bidflokkur".

Umsögn 160 - Marianne Noack

Landsvæði: Suðurland - Þjórsá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Urriðafossvirkjun (31)

I protest against placing of the hydropower stations along the lower river Thjórsa' in "nytingarflokkur" because of the resulting damages in nature. Waterfalls and traditional riding and walking paths will be destroyed. Salmon will propably die. Save Thjórsá for next generations and move the plans to "bidflokkur".

Umsögn 167 - Sarah Netter

Landsvæði: Suðurland - Þjórsá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Urriðafossvirkjun (31)

I protest against placing of the hydropower stations along the lower river Thjórsa' in "nytingarflokkur" because of the resulting damages in nature. Waterfalls and traditional riding and walking paths will be destroyed. Salmon will propably die. Save Thjórsá for next generations.

Umsögn 170 – Ragnhildur Sigurðardóttir

Landsvæði: Suðurland - Þjórsá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Urriðafossvirkjun (31)

Sama umsögn og 163, 164, 165, 166, 168 og 169.

Umsögn 173 - Janin Kunzendorf

Landsvæði: Suðurland - Þjórsá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Urriðafossvirkjun (31)

I protest against placing of the hydropower stations along the lower river Thjórsá in "nytingarflokkur" because of the resulting damages in nature. Waterfalls and traditional riding and walking paths will be destroyed. Salmon will probably die. Save Thjórsá for next generations and move the plans to "bidflokkur".

Umsögn 174 – Stefanía Geirsdóttir

Landsvæði: Suðurland - Þjórsá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Urriðafossvirkjun (31)

Í umræddri rammaáætlun eru virkjanir í neðri hluta Þjórsár settar í nýtingarflokk. Áætlað er að byggja í ánni þrjú stór uppistöðulón með öllu því raski sem því fylgir. Ljóst er að þessi framkvæmd mun hafa í för með sér veruleg, óafturkræf umhverfisspjöll. Fossar og flúðir munu verða að sprænum og eyjar í ánni heyra sögunni til. Þar fyrir utan er félagslegi þátturinn lítt rannsakaður. Fyrirhugaðar virkjanir með tilheyrandi lónum á að byggja á virku jarðskjálftasvæði og hripleku hrauni.

Umsögn 176 - Annika Rut Arnarsdóttir, Sigurlín Franziska Arnarsdóttir

Landsvæði: Suðurland - Þjórsá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Urriðafossvirkjun (31)

Við erum 10 og 12 ára og búum við Þjórsá. Okkur finnst að það má ekki virkja herna hjá okkur – það skemmir landið og við viljum eiga eitthvað eftir af náttúrunni í framtíðinni. Urriðafoss er svaka fallegur en ef það ætti að virkja væri þið búin að taka hann frá okkur. Virkjanir myndu eyðileggja reiðleiðir og sérstaklega Holtavirkjun. Hugsid þið aðeins um framtíð barnanna!!

Umsögn 177 – Ágúst Valgarð Ólafsson

Landsvæði: Suðurland - Þjórsá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Urriðafossvirkjun (31)

Ég er sannfærður um að ríkjandi áhersla á stóriðju og vatnsaflsvirkjanir er þjóðinni ekki til heilla til langs tíma litið. Þetta er pólitísk afstaða sem erfitt eða ómögulegt er að rökstyðja vísindalegum staðreyndum. Möguleikarnir eru til staðar á Suðurlandi - en góðir hlutir gerast hægt. Stöldrúm við og setjum virkjanir í neðri hluta Þjórsár í biðflokk. Nú ríður á að rasa ekki um ráð fram.

Umsögn 179 – Vigdís Guðjónsdóttir

Landsvæði: Suðurland - Þjórsá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Urriðafossvirkjun (31)

Ég undirrituð vil gera alvarlegar athugasemdir við því að setja Urriðafoss virkjun í nýtingarflokk. Ekki hafa verið gerðar fullnægjandi rannsóknir á áhrifum uppistöðulóns á grunnvatnið á svæðinu. Breytingar á grunnvatnsstöðu geta spilt búskaparmöguleikum á mörgum jörðum. Laxastofninn í Þjórsá er líklega stærsti villti laxastofninn á Íslandi. Með þessari virkjun er gerð röskun á gengdar svæði stofnsins og ekki hefur verið sýnt fram á að seiðin komist til sjávar eftir þessar framkvæmdir og eru þannig líkur á að stofninn hrynji.

Umsögn 189 - Guðjón Vigfússon / Valgerður Auðunsdóttir

Landsvæði: Suðurland - Þjórsá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Urriðafossvirkjun (31)

Við gerum athugasemdir vegna hættu á umhverfisspjöllum og minni landgæða eftir að virkjað hefur verið og viljum að Urriðafossvirkjun verði sett í verndarflokk. Ekki hafa verið gerðar fullnægjandi rannsóknir á áhrifum uppistöðulóns á grunnvatnið á svæðinu. Breytingar á grunnvatnsstöðu geta spilt búskaparmöguleikum á mörgum jörðum. Laxastofninn í Þjórsá er líklega stærsti villti laxastofninn á Íslandi. Með þessari virkjun er gerð röskun á gengdar svæði stofnsins og ekki hefur verið sýnt fram á að seiðin komist til sjávar eftir þessar framkvæmdir og eru þannig líkur á að stofninn hrynji. Fastlega verður að gera ráð fyrir jarðvegsfoki frá uppþornuðum farvegi Þjórsár, auk þess er áætlað að dæla um 75.000 rúmmetrum af framburði á ári og ekki er hægt að koma í veg fyrir rykmengun frá henni.

Umsögn 198 - Renate Hannemann

Landsvæði: Suðurland - Þjórsá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Urriðafossvirkjun (31)

Ógilt ferli? Bréf með athugasemdum sem hafa löngu borist til ráðuneytisins innan frests hafa ekki verið birt hérna á vefnum, eins og stendur undir <http://www.rammaaetlun.is/umsagnir/um-ferlid/spurt-og-svarad/>. Hvar standa lýðræðismálin? Á að fela einhverjar athugasemdir?

HVAMMSVIRKJUN (29) (fjöldi umsagna 24)

Umsögn 30 - Jóhanna Jóhannsdóttir í Haga

Landsvæði: Suðurland - Þjórsá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Hvammsvirkjun (29)

Hingað til hafa stórbýli eins og landnámsjörðin Hagi staðið fyrir sínu og varla batnar jörðin við að túnunum sé sökkt. Það er mikil hættu á því að hér bregði menn búi á bestu jörðunum í sveitinni, sögufrægum landnámsjörðum, sem búið hefur verið á um ómunatíð.

Umsögn 38 – Guðfinna Eydal

Landsvæði: Suðurland - Þjórsá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Hvammsvirkjun (29)

Umsögnin beinist að Hvammsvirkjun. Því er mótmælt að þessi virkjun sé sett í nýtingarflokk og farið fram á að hún sé sett í verndunarflokk eða a.m.k. biðflokk. Hvammsvirkjun hefði í för með sér ófyrirsjáanlegar afleiðingar.

Umsögn 52 - Guðbjörg Friðriksdóttir

Landsvæði: Suðurland – Þjórsá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Hvammsvirkjun (29)

Fólk og samfélag hundsáð við Þjórsá. Mannlega þáttinn vantar alveg í rammaáætlun. Deilur um virkjanir hafa verið deilur um líf og líðan fólks í samfélaginu. Mörgum spurningum um náttúruna ósvarað. Áhrif á Minnanúpshólma (Viðey).

Umsögn 56 - Anna Sigríður Valdimarsdóttir

Landsvæði: Suðurland – Þjórsá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Hvammsvirkjun (29)

Ég mótmæli því að Þjórsá á áhrifsvæði fyrirhugaðrar Hvammsvirkjunar sé í nýtingarflokki og legg til að hún verði færð í verndarflokk.“ Náttúruleg friðun Viðeyjar í Þjórsá í hættu verði af virkjun.

Samfélaginu í Skeiða- og Gnúpverjahreppi stefnt í voða með virkjunarframkvæmdum. „Þar sem áður ríkti sátt ríkir glundroði.

Umsögn 63 - Guðrún St. Haraldsdóttir

Landsvæði: Suðurland – Þjórsá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Hvammsvirkjun (29)

Fyrirhugðu náttúruspjöll sem verði við stórvirkjanir í neðri hluta Þjórsár er „nánast eins og að selja ömmu sína, „landslagsmorð“ til að fá fljótþinginn auð. Mikil áhrif á ferðaþjónustu, áhrif á byggðir við fyrirhugaðar virkjanir, laxastofninn í Þjórsá í hættu. Ég undirrituð neita virkjunum í neðri hluta Þjórsár einkum Hvammsvirkjun sem skiptir mig miklu máli, þar sem uppistöðulónið verður fyrir neðan frístundalandið mitt, með sínum náttúruspjöllum.

Umsögn 93 – Edda Pálsdóttir

Landsvæði: Suðurland - Þjórsá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Hvammsvirkjun (29)

Mig langði að koma á framfæri nokkrum athugasemdum við rammaáætlun vegna virkjana í neðri hluta Þjórsár. Annars vegar er um að ræða ritgerð sem ég vann ásamt tveimur öðrum nemendum við Háskóla Íslands í áfanganum jarðfræði fyrir verkfræðinga. Þar er farið yfir jarðfræðilega áhættuþætti sem fylgja því að reisa virkjun á þessu svæði. Sem dæmi um stóran áhættuþátt má nefna þá staðreynd að fyrirhuguð virkjun yrði reist á virku jarðskjálftasvæði. Hins vegar langaði mig að benda á að fram hafa farið friðsamlega mótmæli hjá ungliðahreyfingu Sólar á Suðurlandi, en í henni sitja bæði heimamenn og aðrir sem er annt um svæðið. Nú síðast settum við upp listaverk og framkvæmdum gjörning til að vekja athygli á málsstaðnum sem hluta af Listahátíð Háskóla Íslands vegna aldarafmæli háskólans.

Umsögn 98 - Björg Eva Erlendsdóttir

Landsvæði: Suðurland - Þjórsá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Hvammsvirkjun (29)

Ekki ber öll verkefnisstjórnin ábyrgð á því þingmáli sem hér er til umfjöllunar. verkefnisstjórn um rammaáætlun lauk aldrei starfi sínu á þann hátt sem upphaflega var ráð fyrir gert og helmingur fulltrúa hennar var settur út úr starfinu áður en endanleg röðun virkjanakosta fór fram. Það tel ég brjóta í bága við erindisbréf verkefnisstjórnarinnar og bókaði við því mótmæli sem fylgja þessari athugasemd. Hálf verkefnisstjórnin ber því enga ábyrgð á röðuninni eins og hún birtist í þingsályktunartillögum. Þeirri röðun er ég ósammála hvað varðar allar þær virkjanahugmyndir sem illar deilur eru um vegna samfélags, stjórnarfars, réttindi almennings og landslags í byggð. Þannig

tókst forystu verkefnisstjórnarinnar að breyta skýrri afstöðu um að verkefnisstjórn hefði ekki lokið starfi sínu í ósk um að samfélagsáhrif yrðu rannsökuð betur í framtíðinni. Þetta hefði verið í lagi, ef allar virkjanir þar sem rannsóknir skortir hefðu verið settar í biðflokk. En forystusveit rammaáætlunar sem lauk röðuninni í samstarfi inni í iðnaðarráðuneytinu lagði það ekki til. Það finnst mér hryggilegt. Flokkunarhópurinn gekk út frá að í biðflokk færi aðeins það sem rannsóknir vantar en gaf sér furðu þröngar og rangar forsendur. Málið virðist því vera þannig vaxið að verkefnisstjórn um vernd og nýtingu rammaáætlunar tók ekki mark á eigin niðurstöðum og kaus að láta sjálfbærnina vikja fyrir þrýstingi um hraðari hagvaxtarsnúning. Skýrsla rammaáætlunar er þrátt fyrir þetta virkilega mikið unnin og margir þættir yfirfarnir vandlega og af kostgæfni góðra vísindamanna. Það er einnig ljóst að starf verkefnisstjórnarinnar bætir stöðu umhverfisverndar á Íslandi frá því sem var. Enda var hún nær engin. En að sama skapi hljóta menn að harma að þrátt fyrir viðurkennda vöntun á rannsóknum er lagt til að ráðist verði í virkjanir einmitt þar sem slíkar rannsóknir skortir sárast. Það meðal annars við um Þjórsárvirkjanir sem mikil andstaða hefur verið við lengi. Þar skortir rannsóknir á stjórnsýslu, landslagi og samfélagsþáttum en einnig á umhverfi og lífríki, eins og fram hefur komið í umræðum um laxastofninn síðustu vikurnar. Skortur á rannsóknum á samfélagslegum áhrifum kom berlega í ljós við samantekt athugasemda almennings eftir að faghópar höfðu kynnt niðurstöður sínar um páskana 2009. Margar athugasemdanna sneru beint að samfélagsáhrifunum en voru ekki gagnrýni á vinnu þeirra faghópa sem lokið höfðu verki sínu. Alvarlegasta gagnrýnin hafi var á faghópinn sem aldrei var stofnaður og vantaði inni í vinnuna. Hópurinn sem metur sjálft samfélagið og áhrif framkvæmdanna á það. Annar stór galli á skipan faghópa og verkefnum þeirra er að enginn hópur hefur fjallað um náttúruverndina sjálfa og þá sem landnýtingu. Og það vantar nær algjörlega rannsóknir á landslagi. Rammaáætlunin er því vægast sagt götött plagg hvað varðar verndun náttúru og samfélags. Það er góðra gjalda vert og bráðnauðsynlegt að rannsaka greppumosa, sjaldgæfar örverur, skófir og jarðmyndanir, setlög og fornminjar. En það er ekki síður nauðsynlegt að rannsaka landslag og náttúru út frá sjónarmiði samfélagsins. Og það á eftir að gera. Ég vil leggja til að faghópur um samfélagsleg áhrif fái eitt til tvö ár til að skila röðun virkjanahugmynda á forsendum samfélagsins og að endanleg röðun Rammaáætlunar bíði þeirra niðurstaðna. Í ljósi erfiðrar stöðu atvinnulífsins í landinu verði teknar út fyrir sviga þær virkjanir sem enginn sýnilegur ágreiningur er um eða framkvæmdir eru hafnar við.

Umsögn 119 - Gunnar Njálsson

Landsvæði: Suðurland – Þjórsá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Hvammsvirkjun (29)

Ef áætlun Landsvirkjunar nær fram að ganga, mun ásýnd landbúnaðarhéraðanna umhverfis breytast til hins verra. Þjórsá mun verða vatnslítil neðan stíflu á löngum kafla og tún og gróðurlendi fara undir lónstæði. Neðan við hið fyrirhugaða lón er mjög sérstök eyja, sem hefur verið nefnd Minnanúpshólmi, eða Viðey, þakin um 2ja metra háu birkikjarri. Þetta er eini náttúrulegi birkiskógurinn sem þarna sést. Straumpung og djúp áin hefur hlíft eyjunni við ágangi manna og búfjár. Verndargildi eyjarinnar er mikið, en ef af virkjun yrði, nyti hún ekki lengur friðunar af ánni. Framburður Þjórsár myndi fljótlega fylla grunnt lónið og því er gert ráð fyrir að dæla honum upp og koma fyrir á nokkrum stöðum við ána. Áformum Landsvirkjunar mótmælt og þess krafist að Hvammsvirkjun í Þjórsá verði færð úr orkunýtingarflokk í verndarflokk.

Umsögn 130 – Áslaug Haraldsdóttir

Landsvæði: Suðurland – Þjórsá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Hvammsvirkjun (29)

Ég mótmæli frekari virkjunum í neðri hluta Þjórsár. **ATH ekki hægt að opna viðhengi**

Umsögn 134 – Björg Eva Erlendsdóttir

Landsvæði: Suðurland – Þjórsá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Hvammsvirkjun (29)

Málaferli vegna hundrað ára samfélagsvanda. Þetta er dæmisaga um samfélagsleg álitamál tengd áformum um virkjanir við Þjórsá og hvernig óvissa um samninga og óvænt tækifæri til að græða ýta samskiptum fólks út fyrir eðlileg mörk og næra lagakrækjuréttarfar. Óvissa, lagakrækjur, sérkennilegir samningar og vörpun ábyrgðar á saklausa borgara hafa einkennt ferlið við Þjórsá og annarsstaðar sem virkjað er. Þetta er ein af mörgum ástæðum þess að samfélags og stjórnsýsluþætti þessara mála þarf að taka alveg í gegn. Og það þarf að vernda samfélagið við Þjórsá með friðun eftir það sem á undan er gengið.

Umsögn 136 – Margrét Öxnevad (umsögn á norsku)

Landsvæði: Suðurland – Þjórsá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Hvammsvirkjun (29)

Margrét mótmælir því að Þjórsá verði stífluð við Haga í Þjórsárdal. Segist þekkja svæðið vel og að þar sé amma sín fædd og uppalin. Erlendis eru Íslendingar öfundaðir af fagurri náttúru og þekkja virði hennar betur en Íslendingar sjálfir.

Umsögn 140 – NASF, Verndarsjóður villtra laxastofna

Landsvæði: Suðurland – Þjórsá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Hvammsvirkjun (29)

NASF, Verndarsjóður villtra laxastofna (North Atlantic Salmon Fund), gerir með þessu bréfi alvarlegar athugasemdir við tillögu til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, sem gerir ráð fyrir að virkjanir í neðri hluta Þjórsár, Urriðafossvirkjun, Hvammsvirkjun og Holtavirkjun, verði settar í virkjunarflokk. NASF telur að þær skuli settar í verndarflokk, til að vernda laxa- og sjóbirtingsstofna í ánni, en til vara að virkjanirnar verði settar í biðflokk á meðan rannsóknir hæfra og óvilhallra vísindamanna fari fram til að meta áhrif framkvæmdanna á einstakan laxastofn árinna.

Ennfremur telur NASF að greina þurfi afdrif sjóbirtingsstofns árinna áður en tekin er ákvörðun um virkjanaframkvæmdir.

Umsögn 151 – Elín Guðmundsdóttir

Landsvæði: Suðurland – Þjórsá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Hvammsvirkjun (29)

Fyrirhuguð virkjanatillaga ofan við Viðey (Minnanúpshólma) í Þjórsá er byggð á átta ára gömlu mati á umhverfisáhrifum. Ný gögn hafa leitt í ljós að Viðey hafi gríðarlega sérstöðu á lífríki og var hún friðlýst sl. ágúst. Hvammsvirkjun í 1. orkunýtingarflokk byggir því á úreldum gögnum. Með stíflu mun rennsli árinna minka sem getur aukið áhrif manna og dýra í eygni og aukið líkur á breytingu á lífríki í eygni. Lagt til að virkjunarhugmyndin verði færð í verndarflokk.

Umsögn 158 - Margrét Öxnevad

Landsvæði: Suðurland - Þjórsá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Hvammsvirkjun (29)

En sterk protest mot at elven Tjórsá blir lagt i rör og demmet opp ved Haga i Tjorsardalur. Jeg kjenner dette området godt i gjennom 40 år, der kom jeg først i 20 års alderen og føler sterk tilknytning til stedet hvor min bestemor ble født og oppvokst og der jeg selv har vært med på sauesankning og uteliv og forskjellige aktiviteter i alle år. Jeg vil inderlig håpe at det ikke blir noe av planer om slike ødeleggelser fordi det er ødeleggelser av en enestående natur.

Umsögn 169 – Ragnhildur Sigurðardóttir

Landsvæði: Suðurland - Þjórsá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Hvammsvirkjun (29)

Sama umsögn og 163, 164, 165, 166 og 168.

Umsögn 180 – Sigrún Björnsdóttir

Landsvæði: Suðurland - Þjórsá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Hvammsvirkjun (29)

Í rammaáætlun er gert ráð fyrir virkjunum í neðri hluta Þjórsár sem munu ekki einungis spilla náttúrufari við ána og lífríki hennar um ókomna tíð, heldur hafa áhrif til frambúðar á mannlíf og samfélag. Gerð er krafa um frekari rannsóknir á samfélags- og félagslegum áhrifum stórvirkjana á lítil

samfélög og nágrennasveitir áður en tekin er ákvörðun um skipan og forgangsröðum virkjunakosta í landinu. Sérstaklega er farið fram á að skoðað verði hver hugur heimamanna til virkjana í neðri hluta Þjórsár sé, hvernig þeir telji mannlífið hafa breyst í aðdraganda virkjunaráforma og hvernig þeir telji afleiðingarnar verða. Ég geri jafnframt kröfu um að neðri hluti Þjórsár verði tekinn úr nýtingarflokki og settur í verndarflokk – og til vara í biðflokk með vísan til víðtækra félagslegra og samfélagslegra áhrifa og þar með almannahagsmuna.

Umsögn 184 – Katrín Briem og Hugi Ármannsson

Landsvæði: Suðurland - Þjórsá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Hvammsvirkjun (29)

Okkar helsta krafa sem landeigenda og bænda við Þjórsá er að hætt verði alveg við Hvammsvirkjun og allt þetta umhverfi friðað. Til vara krefjumst við þess að virkjunin verði færð í biðflokk meðan nauðsynlegar rannsóknir á samfélagi og öllum umhverfisþáttum verða gerðar. Við fulltrúa Landsvirkjunar höfum við sagt að við værum ekki til viðræðu um neina samninga, því við vildum ekki að þetta væri gert. Síðan hafa þeir ekki talað við okkur. Ég óttast að grunnvatnsstaðan breytist og að það geti haft áhrif á beit og gróður almennt og spillt búskaparmöguleikum á Stóra-Núpi. Þá óttast ég um fiskgengdina eins og blasir við öllum sem meðfram ánni búa. Svo er þessi leið mjög mikið farin af ríðandi fólki upp með Þjórsá. Það er mjög fallegur kafli með ánni í okkar landi. Það eru alltaf stórir hópar ferðamanna sem ríða upp með ánni á hverju ári og eins hópar hagnandi manna, frá Þjórsárholti og upp að landamerkjum Minna-Núps. Þar er leiðin greið með ánni og fallett umhverfi. Ef af virkjunv erður yrði að setja sauðfjárveikivarnargirðinu begga megin, samkvæmt kröfu ríkisvaldins, meðfram allri ánni, þar sem vatnið er tekið af henni.

Umsögn 190 - Árni Björn Guðjónsson

Landsvæði: Suðurland - Þjórsá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Hvammsvirkjun (29)

Áætlanir um virkjanir 'i neðri Þjórsá þ.e. Hvammsvirkjun eru aljörlega óásættanlegar vegna ógnvænlegra raskana á umhverfi vegna Hvammslóns einnig Holtsvirkjun vegna stíflugerðar við Búðafoss .Einnig vegna eyðileggingar á einum stærsta laxastofni á Íslandi. Eg lít á verkið sem hryðjuverk gegn byggðum.

Umsögn 194 - Jóhanna Margrét Öxnevad

Landsvæði: Suðurland - Þjórsá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Hvammsvirkjun (29)

Andmæli vegna flokkunar Hvammsvirkjunar í nýtingarflokk Tilhugsunin um að það verði jökullón í næsta nágrenni við bæinn sem ég hef búið á í nærri hálfra öld er kvíðvænleg. Þarna er falleg náttúra sem er einstakur hluti af þessari sveit og mínu umhverfi. Þetta er umhverfið sem við Gnúpverjar höfum talið fallegasta svæði sveitarinnar. Ég óska þess af heilum hug að ríkisstjórn landsins beri gæfu til að hugsa um framtíðina frekar en stundarhagsmuni og að hætt verði við allar virkjanir í byggð við neðri hluta Þjórsár.

Umsögn 195 – Pálína Axelsdóttir Njarðvík

Landsvæði: Suðurland - Þjórsá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Hvammsvirkjun (29)

Samkvæmt niðurstöðu verkefnisstjórnar rammaáætlunar fara Þjórsárver í verndarflokk og fagna ég þeirri niðurstöðu. Ég gagnrýni harðlega að Hvamms- og Holtavirkjun og Urriðafossvirkjun fari í nýtingarflokk. Með þeim verða unnin óbætanlega spjöll á náttúru og landslagi. Jafnvel þó virkjanahugmyndir þessar hafi farið í gegnum mat á umhverfisáhrifum, er óhugsandi að þau umhverfisáhrif séu afturkræf.

Umsögn 204 – Logi Pálsson

Landsvæði: Suðurland - Þjórsá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Hvammsvirkjun (29)

Ég geri athugasemdir við að virkjanir Þjórsár í byggð séu settar í nýtingarflokk í frumvarpi iðnaðaðarráðuneytisins sem byggir á rammaáætlun um vernd og nýtingu náttúruauðlinda. Þær ættu helst að fara í verndarflokk en annars í biðflokk ef hægt verður að virkja í framtíðinni án þess að eyðileggja eins mikið og nú virðist vera stefnt að. Ég er uppallinn að hluta í þessari sveit innan um marga jafnaldra mína. Þeir hafa flestir flutt úr sveitinni og það lítur ekki út fyrir að margir þeirra ætli að búa í sveitinni áfram. Til þess er óvissan of mikil. Mér finnst fallegt í þessari sveit og ég vil ekki að þar verði virkjað.

Umsögn 207 – Árdís Jónsdóttir

Landsvæði: Suðurland - Þjórsá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Hvammsvirkjun (29)

Fagna því að Þjórsárver fari í verndarflokk, mál til komið eftir áratuga baráttu fyrir verndun þeirra. Það er aftur á móti undrunarefni að virkjanir í neðri hluta Þjórsár skuli lenda í nýtingarflokki. Ég mótmæli því og rök mín miðast fyrst og fremst vegna Hvamms- og Holtavirkjana. Samfélagsleg áhrif eru ein af grunnstoðum í sjálfbærri þróun. Því er nauðsynlegt að tekið sé tillit til áhrifa slíkra framkvæmda á nærsamfélagið. Það er mikill ágreiningur um Hvamms- Holta- og Urriðafossvirkjanir í

viðkomandi sveitarfélögum. Mín athugasemd gengur fyrst og fremst út á að áhrifin á fólkið og samfélagið er einskis metið. Litið gert úr landslagi og landslagsbreytinum og lífríkið hefur ekki verið rannsakað sem skyldi. Við verðum að láta náttúruna njóta vafans.

Umsögn 212 – Margrét Eiríksdóttir

Landsvæði: Suðurland - Þjórsá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Hvammsvirkjun (29)

Ég mótmæli því að ósnortið fagurt land og falleg tún verði lögð í bleyti. Því mega virkjanir í neðri hluta Þjórsár ekki vera í nýtingarflokki, Þjórsá á að vera í verndarflokki, látið hana friði.

Umsögn 213 – Margrét Steinþórsdóttir

Landsvæði: Suðurland - Þjórsá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Hvammsvirkjun (29)

Verkefnisstjórn rammaáætlunar hefur komist að því að Þjórsárver fari í verndarflokk og að Norðlingaölduveita sé þar með úr sögunni. Það er mikið fagnaðarefni. Ég mótmæli því að virkjanir í neðri hluta Þjórsár fari í nýtingarflokk. Það er margt sem enn hefur ekki verið rannsakað og deilumál vegna virkjananna hafa haft mjög slæm áhrif á mannlífið í sveitunum. Maður efast líka um að allar upplýsingar séu uppi á borðinu

ELDVÖRP (15) (fjöldi umsagna 2)

Umsögn 45 - Grindavíkurbær

Landsvæði: Reykjanesskagi – Svartsengi (Háhiti)

Virkjunarhugmynd: Eldvörp (15)

Bæjarráð Grindavíkurbæjar fjallað um tillöguna og aflaði umsagnar skipulags- og umhverfisnefndar. Ekki eru gerðar efnislegar athugasemdir við tillöguna. Með framlagðri tillögu til þingsályktunar um vernd og orkunýtingu landsvæða er reynt að setta ólík sjónarmið um vernd og nýtingu landsvæða og fagnar bæjarráð Grindavíkur því að áætlunin sé komin fram. Áætlunin skapar vonandi grunn til að nú geti hafist markviss uppbyggingu og nýting orkuauðlinda á þeim svæðum sem sátt er um að nýta og að sama skapi geti ferðaþjónusta og aðrar greinar nýtt þau tækifæri sem skapast með verndun annarra svæða. Bæjarráð tekur hinsvegar undir álit skipulags- og umhverfisnefndar Grindavíkurbæjar að með áætluninni sé að vissu leyti gengið á skipulagsvald sveitarfélaganna og að eðlilegra sé að

sveitarfélögin komi nánar að ákvörðun um verndun og orkunýtingu innan skipulagssvæðis sveitarfélaganna.

Umsögn 149 – Ómar Þ. Ragnarsson

Landsvæði: Reykjanesskagi – Svartsengissvæði (Háhiti)

Virkjunarhugmynd: Eldvörp (63)

Gígaröðina Eldvörp ætti að setja í verndarflokk. Fara þarf allt austur að Lakagígum til að finna hliðstæðu. Eldvörp eru í næsta nágrenni við alþjóðaflugvöll og aðdráttarafl fyrir ferðafólk. Eldvörp og Svartsengi eru með sameiginlegan jarðhitageymi og hann tæmist fyrr en ella með Eldvarpavirkjun.

HVERFISFLJÓTSVIRKJUN (15) (fjöldi umsagna 1)

Umsögn 47 - Ragnar Jónsson

Landsvæði: Suðurland – Hverfisfljót (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Hverfisfljótsvirkjun (15)

Óskað eftir því að Hverfisfljótsvirkjun verði flutt úr biðflokk í nýtingarflokk. Eignarhald á virkjunarsvæði, ánni, landi og áhrifasvæði virkjunar eru öll á hendi eigenda jarðarinnar Dalshöfða sem jafnframt hafa unnið að undirbúningi virkjunar í Hverfisfljóti. Með undirbúningi að virkjun Hverfisfljóts erum við landeigendur að nýta rétt okkar til að nýta auðlindir á eigin jörð.

ÞJÓRSÁ (VATNASVIÐ) (fjöldi umsagna 19)

Umsögn 55 - Sjöfn Ingólfssdóttir (Bjarni Ólafsson)

Landsvæði: Suðurland – Þjórsá (Vatnasvið)

Ég geri athugasemdir við að virkjanir Þjórsár í byggð séu settar í nýtingarflokk í frumvarpi iðnaðarráðuneytisins sem byggir á rammaáætlun um vernd og nýtingu náttúruauðlinda. Þær ættu helst að fara í verndarflokk en til þrautavara í biðflokk ef hægt verður að virkja í framtíðinni án þeirra náttúrufórna sem nú blasir við að verði.

Umsögn 57 - Svanborg R. Jónsdóttir

Landsvæði: Suðurland – Þjórsá (Vatnasvið)

Ég mótmæli því að Þjórsá á áhrifasvæði fyrirhugaðra Holts-, Hvamms- og Urriðafossvirkjana verði hafðar í virkjanaflokk og legg til að þær veðri færðar í verndarflokk. Áhrif verði mikil á laxastofninn í ánum og sauðfjárrækt á svæðinu. Einnig vanti rannsóknir á samfélagsáhrifum, en miklar deilur hafi skapast um fyrirhugaðar virkjanir.

Umsögn 64 - Atli Gíslason

Landsvæði: Suðurland – Þjórsá (Vatnasvið)

Gerir kröfu um að neðri hlut Þjórsár verði settur í verndarflokk en til vara í biðflokk. Veruleg óafturkræf spjöll. Lagastofn í útrýmingarhættu. Mótvægisáðgerðir muni engu skila. Grunnvatnsstaða á svæðinu muni breytast við virkjanir. Gerir athugasemdir við tillögur um breytingu á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps að sínum. **ATH gat ekki opnað viðhengi**

Umsögn 79 – Guðgeir Kristmundsson

Landsvæði: Suðurland - Þjórsá (Vatnasvið)

Nú þegar við þurfum að endurmeta okkar gildi eftir tímabil græðgi, skammsýni, bóluskapandi hagvaxtarhugmyndafræði og ofnýtingu á náttúruauðlindum okkar, eigum við að setja þessar hugmyndir á frest og leggja meiri áherslu á náttúruvernd.

Umsögn 88 - Þóra Kristín Ásgeirsdóttir

Landsvæði: Suðurland - Þjórsá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Hvammsvirkjun, Holtavirkjun og Urriðafossvirkjun

Ég lýsi yfir harðri andstöðu við Hvammsvirkjun, Holtavirkjun og Urriðafossvirkjun og lýsi fyllstu samstöðu og samúð með öllu því fólki sem búið hefur við misrétti, þöggun og ósannindi af völdum opinberra aðila í meira en áratug. Ég hef þekkt þessa sveit frá barnæsku og best síðustu tíu árin. Það hefur verið sorglegt að fylgjast með þróun byggðar og þeirri miklu vinnu sem fólk hefur lagt á sig án sýnilegs árangurs til að verja sig gegn ofríki hins opinbera. Sú vinna er talin í árum.

Umsögn 95 – Rangárþing ytra

Landsvæði: Suðurland - Þjórsá (Vatnasvið)

Rangárþing ytra fagnar þeim áfanga sem nú er náð að fyrir liggi drög að þingsályktunartillögu um vernd og orkunýtingu náttúrusvæða. Fara þarf gætilega ef og þegar Skrokkölduvirkjun verður byggð. Fullt samráð verði haft við landeigendur vegna Hvammsvirkjana og Holtavirkjunar. Sveitarstjórn furðar sig á þeirri ákvörðun að setja Norðlingaölduveitu í verndarflokk þegar hagkvæmnin er svona

mikil og áhrif á náttúruna takmörkuð. Frekar biðflokk. Sveitarfélagið njóti ávallt hags af nýtingu auðlinda í lögsögu þess.

Umsögn 107 - Veiðifélag Þjórsár

Landsvæði: Suðurland – Þjórsá (Vatnasvið)

Veiðifélag Þjórsár gerir alvarlegar athugasemdir við að neðri hluti Þjórsár skuli vera sett í nýtingarflokk í Rammaáætlun og gerir kröfu um að Þjórsá verði færð í biðflokk. Með virkjun neðri hluta Þjórsár verður öllum fiskgengum svæðum ógnað. Óljóst er hvernig þessum svæðum verður bjargað.

Umsögn 131 – Valgerður Erlingsdóttir

Landsvæði: Suðurland – Þjórsá (Vatnasvið)

Ég undirrituð styð að virkjanir í neðri hluta Þjórsár, þ.e. Hvammsvirkjun, Holtavirkjun og Urriðafossvirkjun verði færðar úr nýtingarflokki í verndarflokk. Samfélagsleg áhrif Hvammsvirkjunar, Holtavirkjunar og Urriðafossvirkjunar hafa ekki verið könnuð, en áform um þær hafa þegar valdið miklum ágreiningi meðal íbúa í sveitum vestan Þjórsár. Mikil áhrif á laxastofninn. Þjórsá virkar í dag sem sauðfjárveikivarnargirðing milli Árnes og Rangárvallasýslna. Þyrfti að girða bakka árinna ef af virkjun yrði.

Umsögn 132 – Erlingur Loftsson

Landsvæði: Suðurland – Þjórsá (Vatnasvið)

Er mjög fylgjandi því að virkjanir í neðrihluta Þjórsár fari í svokallaðan biðflokk. Ótækt er að ekki skuli einu sinni liggja fyrir rannsóknir á lífríki árinna sem marktækar væru t.d. á fiskigengd vatnasvæðisins í heild. Veiðieigendur munu óska eftir að slík rannsókn verði unnin af óháðum aðilum. **ATH ekki hægt að opna viðhengi**

Umsögn 147 – Albert Sigurjónsson

Landsvæði: Suðurland – Þjórsá (Vatnasvið)

Lífríki Þjórsá. Ásýnd og umhverfi Þjórsár. Áhrif á ferðapjónustu. Áhætta og áhættumat. Áhrif á samfélag. **ATH get ekki opnað viðhengi**

Umsögn 182 – Finnbogi Jóhannsson

Landsvæði: Suðurland - Þjórsá (Vatnasvið)

Hvamms-, Holta- og Urriðafossvirkjanir, í neðri hluta Þjórsár, munu allar hafa í för með sér gríðarleg spjöll á lífríki og umhverfi Þjórsár. Með hliðsjón af því skora ég á stjórnvöld að færa þessar virkjanir úr nýtingarflokki í verndunarflokk, í svonefndri rammaáætlun, í frumvarpi iðnaðarráðherra. Að lokum bendi ég á mikinn fjölda athugasemda sem sveitastjórnur í Skeiða-og Gnúpverjahreppi og Flóahreppi bárust í skipulagsferlinu þar sem varað er við þessum virkjunum.

Umsögn 183 - Veiðifélag Kálfár

Landsvæði: Suðurland - Þjórsá (Vatnasvið)

Veiðifélag Kálfár gerir alvarlegar athugasemdir við fyrirhugaðar virkjanir í neðri hluta Þjórsár. Þar er um nokkur atriði að ræða sem eru algjör grundvöllur fyrir fiskgengd í Þjórsá og þar með Kálfá, dragá í Gnúpverjahreppi hinum forna, en hún rennur í Þjórsá framundan bænum Bólstað í sömu sveit. Laxastofninn í Þjórsá er stærsti villti stofn í Norður Atlantshafi. Með virkjun yrði viðkvæmum búsvæðum hans veruleg hættu búin, þar sem ekki hefur verið sýnt fram á að hægt sé að koma seiðum heilum til sjávar, hvað þá að laxinn geti gengið upp í ána til að hrygna. Sjóbirtingur er í sömu hættu. Umhverfismat sem lagt er til grundvallar er gamalt og að mörgu leyti hafa rannsóknir farið fram á svæðinu eftir að það var lagt fram. Skipulagsstofnun setti þau skilyrði fyrir leyfisveitingu að laxasvæði yrðu ekki fyrir umtalsverðum umhverfisáhrifum og sett voru skilyrði um viðbótarrannsóknir. Stjórn Veiðifélags Kálfár telur algjört grundvallaratriði að uppfylla þessi skilyrði. Meðan svo er ekki gert, telur hún sjálfgert að umræddar virkjanir, Hvammsvirkjun, Holtavirkjun og Urriðafossvirkjun verði settar í biðflokk.

Umsögn 185 – Helga Tryggvadóttir

Landsvæði: Suðurland - Þjórsá (Vatnasvið)

Sem íbúi í Skeiða-og Gnúpverjahreppi fagna ég að Norðlingaölduveita hafi verið sett í verndarflokk. Á sama tíma mælist ég til að virkjanir í Neðri-Þjórsá verði settar í biðflokk á meðan rannsóknir á samfélagsáhrifum fara fram og einnig vegna nýlegra efasemda vatnalíffræðinga um áhrif þeirra á fiskgengd í Þjórsá. Áhrif virkjana á gróðurfar Viðeyjar í Þjórsá verður einnig að taka til athugunar.

Umsögn 187 – Hjördís Finnbogadóttir

Landsvæði: Suðurland - Þjórsá (Vatnasvið)

Fer fram á að Þjórsá verði sett í verndarflokk (Holta-, Hvamms- og Urriðafossvirkjanir). Engin ástæða er til að spilla einni fallegustu sveit landsins frekar en orðið er með virkjunum í lífæð hennar Þjórsá. Tími er kominn til að íbúar við Þjórsá fái notið mannréttinda og hafi frið fyrir Landsvirkjun.

Umsögn 203 - Sigbrúður Jónsdóttir og Axel Árnason Njarðvík

Landsvæði: Suðurland - Þjórsá (Vatnasvið)

Samkvæmt niðurstöðu verkefnisstjórnar rammaáætlunar fara Þjórsárver í verndarflokk og fögnum við þeirri niðurstöðu. Athygli vekur að Þjórsárdalur fær aðeins einkunn 7,72 fyrir ferðamennsku og útivist. Ljóst er að hvorki er tekið inn í dæmið saga svæðisins, sem áður var afar vinsæll ferðamannastaður, né þeir vannýttu möguleika sem dalurinn býr yfir. Hvamms- og Holtavirkjun og Urriðafossvirkjun fara samkvæmt rammaáætlun í nýtingarflokk. Því erum við ósammála og teljum að þeir virkjunarmöguleikar eigi í það minnsta að færast upp í biðflokk. Jafnvel þó virkjanahugmyndir þessar hafi farið í gegnum mat á umhverfisáhrifum, skorti þar upplýsingar m.a. um áhrif á fiskistofna og annað lífríki árinna, samfélagsáhrif, upplifunar og tilfinngalegt gildi náttúrunnar og landslags sem fórnarð yrði vegna framkvæmdanna. Í mati á umhverfisáhrifum var lífríki eyja í Þjórsá ekki skoðað, en flestar þeirra færu á kaf en aðrar yðu vart eyjar eftir að farvegur árinna yrði nánast vatnslaus. Samfélugasáhrif. Við lestur lokaskýrslu verkefnisstjórnar rammaáætlunar kemur fram að hún telur að upplýsingar skorti um samfélagsáhrif virkjananna. Því verður að færa þessar virkjanahugmyndir úr nýtingarflokki í biðflokk og gera allar þær rannsóknir sem þarf til að vita hvaða áhrif þær hafa á náttúru, efnahag, menningu og samfélag. Komi í ljós að þær hafi slæm áhrif verður tafarlaust að hætta við þær. Sé einhver vafi á náttúran að njóta hans, sbr. varðúðarregluna.

Umsögn 206 – Snorri Páll Jónsson

Landsvæði: Suðurland - Þjórsá (Vatnasvið)

Við gerð draga að þingsályktunartillögu um Rammaáætlun virðist sem órökstudd og uppblásin krafa ákveðinna ríkis- og markaðsafla um virkjun Þjórsár hafi vegið þyngra en rök, reynsla og þekking þeirra sem virkilega hafa lagt sig fram við að útvega raunsæja og rétta mynd af fyrirhuguðum virkjanaframkvæmdum og alhliða áhrifum þeirra. Ítreka ég andstöðu mína við veru neðri Þjórsár í nýtingarflokki Rammaáætlunar og krefst þess að verði hún ekki færð beint upp í verndarflokk sé henni í það minnsta gefið háseti í biðflokki þangað til nægri skynsemi hefur verið safnað saman meðal þartilgerðra ákvarðanahafa til að taka loks ákvörðun um verndun hennar.

Umsögn 209 - Valgerður Halldórsdóttir formaður Sólar í Straumi

Landsvæði: Suðurland - Þjórsá (Vatnasvið)

Formaður Sól í Straumi minnir á að grasrótarsamtök almennings fylgjast vel með framvindu mála vegna undirbúnings stórframkvæmda sem ekki er alltaf í þágu almennings heldur erlendra aðila og stóriðjufyrirtækja. Til að mynda hefur Sól á Suðurlandi margítrekað andstöðu sína að virkjanir í byggð við neðri hluta Þjórsár fari í nýtingarflokk. Formaður Sólar í Straumi lýsir stuðningi við starf félaga sinna í Sól á Suðurlandi.

Umsögn 211 – Halla Guðmundsdóttir

Landsvæði: Suðurland - Þjórsá (Vatnasvið)

Við undirrituð, eigendur og ábúendur að Ásum í Skeiða- og Gnúpverjahreppi, gerum athugasemdir við fyrirhugaðar virkjanir í neðri hluta Þjórsár. Ekki hefur verið sýnt fram á arðsemi framkvæmdanna fyrir sveitarsamfélagið, heldur þvert á móti: Veði tapast, lífríki breytist, fegurð spillist. Mikið nauðsynjamál að virkjanir í neðri hluta Þjórsár verði settar í biðflokk á meðan rannsókn hæfustu vísindamanna fari fram til að meta áhrif slíkra framkvæmda á lax og sjóbirting árinna.

Umsögn 216 – Kjartan Ágústsson

Landsvæði: Suðurland - Þjórsá (Vatnasvið)

Mikið skortir á að nægar rannsóknir hafi verið unnar vegna lífríkis og náttúru í og við Þjórsá. Þá hafa aðvaranir virtra vísindamanna á borð við Pál Einarsson verið hunsaðar. Hann hefur varað ítrekað við því að virkjanirnar eru á e-u virkasta sprungu kerfi landsins. Það bjóði heim hættu á leka úr lónum og hækkunar grunnvatns með ófyrirsjáanlegum afleiðingum á neysluvatn og frárennsli. Grunnvatn er nú þegar það hátt t.a.m. að litlu má muna að fráveitur virki ekki þegar mest rignir eins og nú í neðri hluta Skeiða. Ég sem íbúi sætti mig ekki við þessa óvissu þar sem ég er bóndi og þessi ógn snertir framtíðarmöguleika mína til búskapar. Hætta á mengun er veruleg með því að skólpl komist í neysluvatn. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur bent á þetta en e.t.v. vegna pólitískra tengsla hefur það ekki beitt sér sem skyldi. Rannsóknir á þessu eru ónógar. Fyrirhuguðum virkjanaframkvæmdum fylgir mikil röskun á lífríki. Við svipaðar aðstæður annars staðar hafa þær hugmyndir sem á að nota til að lax komist leiðar sinnar í Þjórsá mistekist að verulegu leyti. Vatnsmesti foss landsins, Urriðafoss, verður eyðilagður og ýmsar aðrar náttúruperlur stórskemmdar eða eyðilagðar með öllu. Sandfok og landeyðing vegna framkvæmda munu verða veruleg. Meðan svo mikið vantar uppá óvilhallar rannsóknir tel ég að ekki komi annað til greina en að setja virkjanir í neðri hluta Þjórsár í verndarflokk þar sem marga þætti þarf að rannsaka mun betur og þá af öðrum en Landsvirkjun eða aðilum sem hún styrkir beint eða óbeint.

REYKJANESSKAGI – HENGILSSVÆÐI (fjöldi umsagna 2)

Umsögn 58 - Orkuveita Reykjavíkur

Landsvæði: Reykjanesskagi – Hengilssvæði (Háhiti)

Liðlega helmingur þeirrar varmaorku sem OR vinnur og nánast öll raforka frá fyrirtækinu er fengin úr Hengilssvæðinu sem er eitt aflmesta háhitasvæði landsins. OR lætur sig því helst varða skipan á Hengilssvæðinu. Lýst er mikilvægi aðgangs að mið- og austurhluta þess til framtíðar og lagt til að það svæði fari í heildarendurskoðun skipulags. Þessi svæði þurfa að standa undir framtíðarorkuþörf og tryggu aðgengi að varma- og raforku á veitusvæði OR á Suður- og Suðvesturlandi. OR vill benda á að þótt landsvæði sé verndað fyrir orkunýtingu tryggi það ekki vernd gegn neikvæðum áhrifum annarra atvinnuvega. Það er mat OR að þegar til lengri framtíðar er litið sé ekki ráðlegt að útiloka orkuvinnslu úr mið- og austurhluta Hengilssvæðisins. OR telur eðlilegt að fyrirtækið búi við það svigrúm að unnt sé að rannsaka orkukostinn Bitru í framtíðinni með nýtingu í huga þegar meiri reynsla hefur fengist af

rekstri Hellisheiðarvirkjunar og væntanlegrar uppbyggingar Hverahlíðarvirkjunar. OR leggur til að röðun orkuvinnslusvæðisins við Bitru verði endurskoðuð og svæðið fari í biðflokk. Málefnaleg sjónarmið verði að ráða flokkun. Með umsögn OR fylgir bókun Sóleyjar Tómasdóttur, frá stjórnarfundum OR 21. okt. 2011, þar sem fram kemur að umsögn OR sé ekki unnin með vilja allra stjórnarmanna OR. Getur Sóley ekki fallist á það sem stendur í umsögn OR að flytja eigi Bitru í biðflokk. Fram kemur að stjórn OR ítrekar að engin áform séu að svo stöddu um byggingu Bitruvirkjunar.

Umsögn 90 – Björn Pálsson

Landsvæði: Reykjanesskagi - Hengilssvæði (Háhití)

Lýst er stuðning við að Bitra og Grændalur verði í flokki verndar. Þá lagt til að Þverárdalur fari úr biðflokki í verndarflokk, einnig Ölfusdalur og Innstidalur. Hverahlíð, Meitilinn og Gráhnúkar verði sett í biðflokk.

HVALÁRVIRKJUN (4) (fjöldi umsagna 2)

Umsögn 77 – Árneshreppur

Landsvæði: Vestfirðir - Hálandi Vestfjarða - Ófeigsfjörður (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Hvalárvirkjun (4)

Hreppsnefnd Árneshrepps fagnar framkominni tillögu til þingsályktunar um vernd og orkunýtingu landsvæða, með Hvalá í orkunýtingarflokki og hvetur Alþingi til þess að afgreiða hana.

Umsögn 125 - Náttúruverndarsamtök Vestfjarða - Jóna Benediktsdóttir – Þórhallur Arason

Landsvæði: Vestfirðir – hálandi Vestfjarða – Ófeigsfjörður (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Hvalárvirkjun (4)

Náttúruverndarsamtök Vestfjarða eru ekki þeirrar skoðunar að færa skuli Hvalárvirkjun í Ófeigsfirði yfir í verndarflokk. Umhverfisspjöll á gróðri, dýraríki o.fl. er ekki hægt að ætla að verði veruleg umfram það sem kann að verða á afmörkuðum virkjunarstað Hvalárvirkjunar.

GEYSSISVÆÐI (fjöldi umsagna 1)

Umsögn 80 – Hjörleifur B. Kvaran f.h. landeigenda

Landsvæði: Suðurland - Geysissvæði (Háhiti)

Eigendur Haukadals 2, 3, 4, Suðurgafis og Tortu gera athugasemdir við drög að þingsályktunartillögu iðnaðarráðherra. Geysissvæðið fellur í verndarflokk sem er íþyngjandi ákvörðun gagnvart eignarréttindum landeigenda. Nauðsynlegt er að stjórnvöld setji málið í boðlegan farveg gagnvart hagsmunaaðilum eignarréttinda.

SELFOSSVIRKJUN (38) (fjöldi umsagna 6)

Umsögn 100 - Sveitarfélagið Árborg

Landsvæði: Suðurland - Ölfusá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Selfossvirkjun (38)

Verkefnisstjórn um rammaáætlun ákvað með eins atkvæðis mun að setja virkjun Ölfusár í biðflokk á þeim grundvelli að hugmyndina þurfi að rannsaka frekar. Með skýrslu Veiðimálastofnunar liggja fyrir nýjar upplýsingar, frummat og yfirlit yfir mögulegar mótvægisáðgerðir, sem ekki lágu fyrir þegar ákvörðun verkefnisstjórnar var tekin. Skýrsla Veiðimálastofnunar, þar sem teknar eru saman upplýsingar um fiskstofna á vatnasvæðinu og lagt frummat á hugsanleg áhrif af fyrirhugaðri Selfossvirkjun og einnig bent á mögulegar mótvægisáðgerðir til að tryggja að sem minnst rask verði fyrir fiskistofna á vatnasvæðinu, hefur verið send inn sem gagn í umsagnarferlið.

Umsögn 106 - Sigurgeir Höskuldsson

Landsvæði: Suðurland – Ölfusá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Selfossvirkjun (38)

Stífla við Selfoss er hættuspil vegna jarðskjálftahættu, flóðahættu vegna hlaupa í Ölfusá af völdum leysinga og hækkaðs grunnvatns í jörðu. Óljós áhrif á fiskgengd.

Umsögn 120 - Gunnar Gunnarsson

Landsvæði: Suðurland – Ölfusá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Selfossvirkjun (38)

Ég undirritaður Gunnar Gunnarsson bóndi Selfossi 1 geri með þessu bréfi alvarlegar athugasemdir við tillögu til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, sem gerir ráð fyrir að virkjun Ölfusár við Selfoss verði sett í biðflokk. Ég tel að Ölfusá við Selfoss skuli sett í verndarflokk, til að vernda laxastofninn í ánni, mannlífið í Flóanum, náttúruna og hreinleika vatns og andrúmslofts.

Áform Bæjarstjórnar Árborgar sem virkjunaraðila um uppkaup á veiðirétti bænda eru reifarakennd og algjörlega óraunhæf auk þess að vera ólögleg.

Umsögn 123 - Erna Gunnarsdóttir

Landsvæði: Suðurland – Ölfusá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Selfossvirkjun (38)

Þess er krafist að virkjun Ölfusár verði sett í verndarflokk. Að virkjun á þessum stað skuli vera í biðflokki er óásættanleg staða. Það má aldrei gerast að Ölfusá verði virkjuð við Selfoss. Þeir fulltrúar í verkefnastjórn um rammaáætlun sem hafa af óskiljanlegum ástæðum fundið rök fyrir því að setja Selfossvirkjun í biðflokk hefðu átt að kynna sér hverjar afleiðingar virkjunar á þessum stað geta haft. Neðan við stíflu sem byggð yrði er þéttbýlasti hluti suðurlands. Í húfi eru þúsundir mannlífa, náttúra, lífríki, veiðihlunnindi, mannvirki og ímynd.

Umsögn 178 - Steinunn Fjóra Jónsdóttir

Landsvæði: Suðurland - Ölfusá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Selfossvirkjun (38)

Við teljum það vera afleita hugmynd að ætla að virkja Ölfusá við Selfoss. Það þýðir nánast vatnslausan árfarveg í gegnum bæinn. Þar sem Ölfusá rennur nú með 350-400 m³/sek áætla framkvæmdaaðili að gera margar manngerðar steynsteyptar bríkur sem ætlað yrði að sjá til þess að þeir 15 m³/sek sem renni enn í farveginn geti "bleitt" farveginn. Þar fyrir ofan, á móts við Laugardæli, mun rísa stífla sem vísar vatni Ölfusár í jarðgöng fram hjá þorpinu og út í farveginn á móts við Straum í Árbæjarhverfi. 2010 veiddust af laxastofnum Ölfusár-Hvítár um 18% af öllum laxi í náttúrulegum ám. Uppkaup á veiðirétti er ólögleg aðgerð og áformar Bæjarstjórn Árborgar slíkt. Flóðahætta af veðurfarsástæðum, til dæmis aukning á vatnsmagni. Föllum við fram á að Selfossvirkjun verði færð í verndarflokk af ofangreindum ástæðum.

Umsögn 217 – Veiðifélag Árnesinga

Landsvæði: Suðurland - Ölfusá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Selfossvirkjun (38)

Ölfusárvirkjun við Selfoss er sett í biðflokk. Þrátt fyrir að fátæklegar upplýsingar liggi fyrir um þennan virkjunarkost og áhrif hans telur stjórn Veiðfélags Árnesinga að nægar upplýsingar hafi legið fyrir eða mátt liggja fyrir svo Selfossvirkjun yrði sett í verndarflokk. Byggir þetta á að hverskonar stífla eða þrenging í Ölfusá á fyrirhuguðum stað skapar óhjákvæmilega flóðahættu og aðeins spurning um hvenær Ölfusá muni flæða og stefna fólki við og neðan fyrirhugaðrar stíflu í bráða lífshættu. Einnig telur stjórnin að mönnum megi vera það ljóst að núverandi þekking og tækni getur ekki tryggt

göngufiski og seiðum för upp og niður ánda við virkjunina enda um vatnsmestu jökulá landsins að ræða. Staðsetning virkjunarinnar er neðst á vatnasvæðinu og leiðir til þess að stærstu laxfiskastofnum Íslands verður stefnt í óforsvaranlega hættu og hugsanlega útrýmingu eins víða hefur gerst ofan stíflna á Íslandi og öðrum löndum. Komi ekki til þess að Selfossvirkjun verði flutt yfir í verndarflokk krefst sjórn Veiðifélags Árneseinga a.m.k. þess að virkjunin verði áfram í biðflokki þar til frekari rannsóknir og upplýsingar liggja fyrir.

REYKJANESSKAGI – KRÝSUVÍKURSVÆÐI (fjöldi umsagna 1)

Umsögn 101 – Bjarni V. Guðmundsson

Landsvæði: Reykjaneskagi - Krýsuvíkursvæði (Háhití)

Mótmæli öllum virkjunum í Reykjanesfólkvangi. Þetta svæði er einstakt þótt víða væri leitað út frá menningarsögu og jarðmyndunum. Við Íslendingar eigum að sýna þessum fólkvangi þá virðingu sem honum ber en það hefur ekki verið gert fram að þessu. Gera að þjóðgarði. Jarðskjálftahætta.

HOLTAVIRKJUN (30) (fjöldi umsagna 5)

Umsögn 135 – Hrafnhildur Ágústsdóttir

Landsvæði: Suðurland – Þjórsá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Holtavirkjun (30)

Við ábúendur jarðarinnar Stöðulfells í Skeiða og Gnúpverjahreppi gerum alvarlegar athugasemdir við þingsályktun um Rammaáætlun Iðnaðarráðuneytisins. Ef að þessari virkjun verður, verður mikil breyting á því umhverfi sem nú er. Fyrir utan að vatni árinna verði veitt úr sínum upprunalega farvegi og eyðileggur það útsýni sem við horfum nú á og verið hefur um aldir, þá takmarkast þau hlunnindi sem fylgt hafa jörðinni um árabíl það er lax og silungsveiði sem hafa verið nýtt eftir bestu getu og verið til tekna og búdrýginda. Búsvæði laxa munu tortímast. Því er það krafa okkar að öll áform um virkjanir í Þjórsá verðar settar í biðflokk og farið verði yfir allar rannsóknir á Þjórsársvæðinu af hlutlausum erlendum aðilum.

Umsögn 138 – Verndarsjóður villtra laxastofna

Landsvæði: Suðurland – Þjórsá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Holtavirkjun (30)

NASF, Verndarsjóður villtra laxastofna (North Atlantic Salmon Fund), gerir með þessu bréfi alvarlegar athugasemdir við tillögu til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, sem gerir ráð fyrir að virkjanir í neðri hluta Þjórsár, Urriðafossvirkjun, Hvammsvirkjun og Holtavirkjun, verði settar í virkjunarflokk. NASF telur að þær skuli settar í verndarflokk, til að vernda laxa- og sjóbirtingsstofna í ánni, en til vara að virkjanirnar verði settar í biðflokk á meðan rannsóknir hæfra og óvilhallra vísindamanna fari fram til að meta áhrif framkvæmdanna á einstakan laxastofn árinna. Ennfremur telur NASF að greina þurfi afdrif sjóbirtingsstofns árinna áður en tekin er ákvörðun um virkjanaframkvæmdir.

Umsögn 168 – Ragnhildur Sigurðardóttir

Landsvæði: Suðurland - Þjórsá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Holtavirkjun (30)

Sama umsögn og 163, 164, 165 og 166.

Umsögn 172 – Ragnhildur Sigurðardóttir

Landsvæði: Suðurland - Þjórsá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Holtavirkjun (30)

Sama umsögn og 163, 164, 165, 166, 168, 169 og 170.

Umsögn 192 – Elín Erlingsdóttir

Landsvæði: Suðurland - Þjórsá (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Holtavirkjun (30)

Sem íbúi sem horfir yfir ána úr gluggunum í húsinu mínu, horfi á og hlusta á ána af bæjarhlaðinu mínu þar sem forfeður mínir og nánasta fjölskylda hafa búið í 100 ár, hlustað eftir sunnanhljóðinu í ánni til að spá fyrir um veður, vitað af öruggu vatni við ána fyrir búsmalann, horft á gæsir sem flytja sig milli staða með ánni haust og vor, riðið út á bökkum árinna, veitt fisk og étið, vaðið, sulað á sumrum, skoðað klakabönd og fylgst með vorleysingum við ána. Ég skora á Stjórn Rammaáætlunar að færa Holtavirkjun og einnig Hvammsvirkjun og Urriðafossvirkjun úr nýtingarflokki í biðflokk, rasa ekki um ráð fram, láta staðar numið, endurskoða ákvarðanir.

SKAFTÁ (fjöldi umsagna 1)

Umsögn 155 – Eldvötn, samtök um náttúruvernd í Skaftárhreppi

Landsvæði: Suðurland – Skaftá (Vatnasvið)

Eldvötn – samtök um náttúruvernd í Skaftárhreppi leggja þunga áherslu á að allir virkjanakostir í Skaftárhreppi, sem fjallað er um í drögum að tillögu til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, verði í verndarflokki. Helstu rök samtakanna fyrir verndun svæðisins gegn virkjunum og afleiddum óafturkræfum framkvæmdum af þeirra völdum er hin mikla jarðfræðilega sérstaða svæðisins sem myndar stóra landslagsheild á um 7% af Íslandi. Svæðið einkennist af mikilli eldvirkni og samspili elds og íss. Vatnasvið Kúðafljóts, þar með talin Skaftá, Hólmsá og Tungufljót og vatnasvið jökulána í austurhluta svæðisins, Djúpa, Brunná og Hverfisfljót eru enn óröskuð af virkjanaf framkvæmdum. Óröskuð vatnasvið eru mikil auðlind sem ber að vernda, ekki síst nú á tímum þegar lítt eða óröskuð vatnasvið heyra til undantekninga á heimsvísu.

KRAFLA I – STÆKKUN (98) (fjöldi umsagna 1)

Umsögn 163 - Ragnhildur Sigurðardóttir

Landsvæði: Norðausturland - Kröflusvæði (Háhití)

Virkjunarhugmynd: Krafla I- stækkun (98)

Draga má í efa gæði gagna sem unnið var með fyrir flestar virkjunarhugmyndirnar í orkunýtingarflokki. Ég tel raunar að skoða þurfi betur flesta þá kosti sem settir hafa verið í orkunýtingarflokk þingsályktunartillögunnar og tek sem dæmi jarðhitavirkjanir í Mývatnssveit og vatnsaflsvirkjanir í neðri hluta Þjórsár máli mínu til stuðnings. Þingsályktunartillagan gengur út frá því að þær virkjanahugmyndir sem farið hafa í gegnum mat á umhverfisáhrifum séu yfir nánari skoðun hafnir. Ég tel svo ekki vera en stjórnvöld þurfa að gera sér grein fyrir því að lögformlegt mat á umhverfisáhrifum, eins og það er framkvæmt á Íslandi, er ekki óvilhallt mat á umhverfisáhrifum framkvæmdir, heldur einungis það ljós sem framkvæmdaraðili vill sýna mögulegar framkvæmdir í. Ég tel það ekki hafa verið sjónarmið þeirra sem stýrðu verkefnisstjórn rammaáætlunar að náttúruverndarsjónarmið ættu að standa jafnfætis orkunýtingarsjónarmiðum. Þar að auki mun Samorka hafa fengið að hafa síðasta orðið um það hverjir fengu að starfa við áætlunina og mun iðnaðarráðherra hafa ítrekað tekið undir þá skoðun orkufyrirtækjana að einstaklingar sem komið hafa nálægt náttúruverndarmálum eða hafi skoðanir sem snerta náttúruvernd ættu ekki erindi í vinnuna. Ég tel algert grundvallaratriði að umhverfisáhrif Bjarnaflagsvirkjunar, stækkunar á Kröflu I, og Kröflu II verði metin sameiginlega út frá mengun á vatnasviði Mývatns, og ákomu brennisteins og annarra gastegunda á lífríki vatnasviðsins. Að mínu mati þarf frekari nýting jarðvarmaorku í Mývatnssveit að fara í biðflokk á meðan skorið verður út um áhrif framkvæmda á einstakt vistkerfi Mývatnssveitar, á heilsu ferðamanna og íbúa í sveitinni. Ég gerir jafnframt alvarlegar athugasemdir við tillögu til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, sem gerir ráð fyrir að virkjanir í neðri hluta Þjórsár, Urriðafossvirkjun, Hvammsvirkjun og Holtavirkjun, verði settar í virkjunarflokk. Ég tel að þær skuli settar í verndarflokk, til að vernda laxa- og sjóbirtingsstofna í ánni, en til vara að virkjanirnar verði settar í biðflokk á meðan rannsóknir hæfra og óvilhallra vísindamanna fari fram til að meta áhrif framkvæmdanna á einstakan laxastofn árinna.

KRAFLA II, 1. ÁFANGI (99) (fjöldi umsagna 2)

Umsögn 164 - Ragnhildur Sigurðardóttir

Landsvæði: Norðausturland - Kröflusvæði (Háhiti)

Virkjunarhugmynd: Krafla II, 1. áfangi (99)

Sama umsögn og 163.

Umsögn 191 – Ómar Þ. Ragnarsson

Landsvæði: Norðausturland - Kröflusvæði (Háhiti)

Heildstætt mat umbrotasvæðis Kröfluelda 1975-84 er lágmarks forsenda þess að komast að rökstuddri niðurstöðu, því að svæðið er ein og órofa landslagsheild og mesta gildi þess sem náttúruvættis liggur í ummerkjum, heimildum og myndum af Kröflueldum 1975-84. Samkvæmt gögnum Orkustofnunar er samanlögð vinnslugeta Kröflu og Námafjalls 310 MW til 50 ára, 155 MW til 100 ára og heil 62 MW til 250 ára sem er u.þ.b. núverandi stærð Kröfluvirkjunar. Hversu framsýn viljum við vera? Viljum við að þetta standist skilyrði sjálfbærrar þróunar, endurnýjalegrar orku og jafnréttis kynslóðanna? Niðurstaða þessarar umsagnar er sú að friða beri Vítismó, Leirhnjúk og Gjástykki sem eina heild er borið gæti heildarheitið Leirhnjúkur-Gjástykki eða Eldasvæði Kröflu. Virkjunarframkvæmdir vegna stækkunar Kröfluvirkjananna verði ekki meiri en orðið er á svæði norðan línu sem dregin yrði frá Hlíðarfjalli í Þríhyrninga og þaðan um norðurbrún Hlíðardals upp í Kröflufjall þannig að ekki verði um frekari sjónræna röskun vegna mannvirkja á svæðinu Leirhnjúkur-Gjástykki. Einnig verði tryggð varðveisla og verndun Hrafninnuhryggs.

KRAFLA II, 2. ÁFANGI (103) (fjöldi umsagna 1)

Umsögn 165 – Ragnhildur Sigurðardóttir

Landsvæði: Norðausturland - Kröflusvæði (Háhiti)

Virkjunarhugmynd: Krafla II, 2. áfangi (103)

Sama umsögn og 163 og 164.

BJARNARFLAG (97) (fjöldi umsagna 2)

Umsögn 166 – Ragnhildur Sigurðardóttir

Landsvæði: Norðausturland - Námafjallssvæði (Háhiti)

Virkjunarhugmynd: Bjarnarflag (97)

Sama umsögn og 163, 164 og 165.

Umsögn 214 – Hjördís Finnbogadóttir

Landsvæði: Norðausturland - Námafjallssvæði (Háhiti)

Virkjunarhugmynd: Bjarnarflag (97)

Framkvæmdir við gufuaflsvirkjanir í Bjarnaflagi og við Kröflu verði stöðvaðar og settar í biðflokk á meðan rannsakað verði af óvilhöllum aðilum hver áhrif þessarar margföldunar á útblæstri og eitruðu affallsvatni verði á lífríki Mývants og umhverfi manna á svæðinu.

HRAFNBJARGARVIRKJUN A (10) (fjöldi umsagna 1)

Umsögn 208 – Ómar Þ. Ragnarson

Landsvæði: Norðausturland - Skjálfandafljót (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Hrafnabjargavirkjun A (10)

Þetta er virkjun sem myndi valda allt of miklu umhverfistjóni ef af henni yrði. Með henni yrði vatn tekið af Aldeyjarfossi, einum fegursta og óvenjulegasta fossi landsins vegna samspils síns við fagra stuðlabergshvelfinu. Þetta er vinsæll ferðamannastaður og getur orðið enn vinsælli. En fyrir innan hann eru nokkrir fallegir fossar sem einnig yrðu lemstraðir. Það hefur háð því að þessi dalur fengi verðskuldað orðspor og kynningu að afar hljótt hefur verið um hann og helstu náttúruperlur hans, svo sem fossana fyrrnefndu, samspil hrauns og gróðurlendis og síðast en ekki síst gljúfrin á báðar hendur innst inni í honum þar sem hið magnaða Kiðagil leynist sem einhver best varðveitta leyndarmál miðhálandisins. Mun meira verðmæti dalsins til verndarnýtingar en orkunýtingar og ber því að vernda hann.

SKROKKÖLDUVIRKJUN (26) (fjöldi umsagna 1)

Umsögn 220 – Gunnar Njálsson

Landsvæði: Suðurland - Kaldakvísl (Vatnasvið)

Virkjunarhugmynd: Skrokkölduvirkjun (26)

Undirritaður bendir á, að þessar fyrirhuguðu virkjunarframkvæmdir eru á og nálægt mikilvægum ferðasvæðum ferðafólks, þar sem er Sprengisandur, Þjórsárver, Vonarskarð og allt of nálægt Eyrarrósargili sem er sunnan undir Skrokköldu. Sjáanleg mannvirki virkjunarinnar verða of mikil og ég sé ekki tilganginn með að hleypa öllu straumvatni Köldukvíslar niður í Kvísláveitur. Þar að auki þarf að leggja, samkvæmt áætlun, 60. Km. langa háspennulínu frá stöðvarhúsi að Vatnsfellsvirkjun. Það er skömm að því, að stefna að því, að þurrka upp allan farveg Köldukvíslar neðan Hágöngulóns. Ég mótmæli allri þessari hugmynd í Rammaáætlun og krefst þess að Skrokkölduvirkjun verði tekin úr nýtingarflokki og sett í biðflokk. Eftir það gæfist tími til að huga betur að framtíð þessa svæðis.

ALMENNAR UMSAGNIR (fjöldi 60)

Umsögn 4 – Samorka

Almenn umsögn

Samorka ítrekar ánægju með að ferlið sé að þokast áfram og þannig stýttist í að dregið verði úr óvissu sem uppi er í rekstrarumhverfi orkufyrirtækja. Niðurstaða umsagnarinnar er að „Að mati Samorku væri vænlegast að styðjast við röðun verkefnisstjórnar“. Bent er á að verulega sé vikið frá röðun verkefnisstjórnar í þingsályktunartillögum og þar nefnt Bitra, Norðlingaölduveita, Brennisteinsfjöll, Grændalur og Tungnaárlón, þar sem verkefnisstjórn hafi raðað virkjunarkostunum ofarlega eða um miðju vegu en í tillögum er þeim raðað í biðflokk. Einnig raðist Austurengjar, Innstidalur og Trölladyngja í biðflokk þótt þessir kostir hafi raðast framarlega hjá verkefnisstjórn.

Í umsögninni kemru fram stærð flokkanna skv. tillögum, m.v. áætlaða orkuvinnslugetu:

Nýtingarflokkur	11.900 GWh
Biðflokkur	9.100 GWh
Verndarflokkur	11.300 GWh
Friðlýst svæði	14.100 GWh
Alls	46.400 GWh

Samorka vekur athygli á því að af þeim orkukostum sem standa að baki þessum tæplega 1.500 MW í nýtingarflokki, skv. tillögum, eru nú að hámarki um 700 MW á því stigi að hægt væri að gera samninga um sölu á orkunni innan 2 ára.

Umsögn 6 – Flóahreppur

Almenn umsögn

Sveitarstjórn Flóahrepps fagnar framkominni þingsályktun um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða og hvetur Alþingi til þess að afgreiða hana.

Umsögn 7 – Fljótsdalshérað

Almenn umsögn

Bæjarstjórn Fljótsdalshéraðs gerir ekki athugasemd við tillöguna.

Umsögn 13 - Gísli Már Gíslason

Almenn umsögn

Umsögnin eru tvær greinar sem höfundur birti í Morgunblaðinu 27. ágúst og 1. september þar sem koma fram rökstuddar skoðanir hans á þingsályktunartillögunni. Fagnar þingsályktunartillögunni og bendir á að þegar hafa 34 náttúrusvæði verið tekin undir vatnsafls- og jarðvarmavirkjanir. „Vonandi fellst Alþingi á þessa tillögu og samþykkir hana til að skapa frið um nýtingu náttúrunnar.“

Umsögn 20 – Hrunamannahreppur

Almenn umsögn

Hreppsnefnd fagnar því að vinna við rammaáætlun skuli vera á lokastigi og telur mikilvægt að faglegt mat ráði því hvernig virkjunarkostir flokkist. Nokkrir virkjunarkostir eru á skipulagssvæði sveitarfélagsins, í Hvítá og Kerlingarfjöllum, og er þeim raðað í mismunandi flokka. Hreppsnefnd gerir ekki athugasemdir við flokkun þeirra virkjunarkosta í rammaáætlun sem heyra beint undir sveitarfélagið. Hins vegar tekur hreppsnefnd undir þá skoðun Skeiða- og Gnúpverjahrepps að Norðlingaölduveita í 566-567,5m án setlóns eigi að fara í biðflokk ekki verndarflokk þar sem ekki hefur farið fram sérstakt umhverfismat vegna þeirrar framkvæmdar. Þá tekur hreppsnefnd undir samþykkt sveitarstjórnar Bláskógabyggðar og ályktun Umhverfis- og skipulagsnefndar á ársþingi SASS 2011 í Vík í Mýrdal um að vatnsyfirborð Hagavatns verði fært til upprunalegs horfs með stíflu í Farinu í Hvítá. Þar með myndu skapast skilyrði til byggingar jafnrennslisvirkjunar og ætti sá kostur að vera færður úr biðflokki í nýtingarflokk.

Umsögn 21 – Hafnarfjarðarbær

Almenn umsögn

Sandfell og Sveifluháls eru sett í nýtingarflokk, virkjanahugmyndir sem talið er að ráðast megi í að uppfylltum öðrum skilyrðum. Hafnarfjarðarbær gerir ekki athugasemd við flokkun Sandfells.

Nokkuð er óljóst hvað átt er við með Sveifluhálsi, sem er mjög stórt svæði, og þarf nánari skilgreiningar við. Hafnarfjarðarbær bendir á að HS-Orka hefur fengið framkvæmdaleyfi fyrir rannsóknarborholur í Seltúni, sem er að hluta raskað svæði á Sveifluháls svæðinu, og er lagt til að það svæði verði sett í biðflokk, þar til nánari ákvörðun hefur verið tekin um það í auðlindastefnu Hafnarfjarðar. Trölladyngja og Austurengjar eru sett í biðflokk - virkjanahugmyndir sem þurfa frekari skoðunar með betri upplýsingum svo skoða megi hvort þær ættu að raðast í verndunarflokk eða nýtingarflokk.

Hafnarfjarðarbær vekur athygli á að í viðræðum við HS-Orku setti Hafnarfjarðarbær sig alfarið á móti rannsóknarborunum við Austurengjahver, þar sem það þótti of viðkvæmt svæði frá náttúruverndarsjónarmiði. Í Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2005 - 2025 Krýsuvík, er Austurengjahver og svæðið umhverfis hann hverfisverndað. Í viðræðum við HS-Orku kom fram sú hugmynd að skábora niður í hverinn, en því hefur ekki verið fylgt nánar eftir, og þyrfti þá að skoða hvaða áhrif dæling hefði á hverinn, þó svo að svæðinu kringum hann yrði ekki raskað. Svæðið getur verið í biðflokki þar til nánari ákvörðun hefur verið tekin um það í auðlindastefnu Hafnarfjarðar. Varðandi Trölladyngju bendir Hafnarfjarðarbær á að á því svæði eru nú þegar tvö borplön og vegur inn á svæðið.

Umsögn 22 – RARIK

Almenn umsögn (með sérstakri umfjöllun um Skatastaðavirkjun B og C, Villinganesvirkjun, Grændal, Ölfusdal og Hólmsárvirkjanir)

RARIK fagnar þeirri vinnu sem unnin hefur verið við annan áfanga rammaáætlunar og vonar að með þeirri vinnu náist sátt um framkvæmdir við orkuöflun og undirbúning virkjana í landinu. Mikilvægt er að slík sátt náist. Þær niðurstöður sem nú liggja fyrir í drögum að tillögu til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landssvæða og eru til umsagnar koma þó á óvart, þar sem allir virkjanakostir sem RARIK og dótturfélög þess hafa unnið að á undanförunum árum lenda ýmist í biðflokki eða verndarflokki. RARIK undrast að tveir af þeim kostum sem fyrirtækið og dótturfélög þess hafa rannsakað og undirbúið undanfarin ár hafi ekki verið teknir til umfjöllunar hjá öllum faghópum rammaáætlunar og lendi því í biðflokki, þrátt fyrir að annar þeirra hafi farið í gegnum mat á umhverfisáætlunum. Þá er að mati RARIK a.m.k. einn af þeim virkjanakostum sem undirbúnir hafa verið af dótturfélögum fyrirtækisins, Hólmsárvirkjun (nr. 21), þeirrar gerðar að öll rök hníga að því að hann eigi heima í nýtingarflokki. Um flesta virkjanakosti má deila og seint verða allir á eitt sáttir, en að mati RARIK hefur ekkert hafi komið fram í vinnu rammaáætlunar sem gefur tilefni til annars en að ætla að þessi virkjunarkostur, sem hentar sérstaklega vel til að virkja fyrir almennan markað, með mjög takmörkuðum umhverfisáhrifum, ætti að flokkast í nýtingarflokk.

Umsögn 25 – Ásdís Thoroddsen

Almenn umsögn

Bráðnauðsynlegt er að ekki verði af virkjunum á Hágöngusvæðinu heldur verði það svæði sett í verndarflokk. Þeistarreykir eru fornar minjar frá elstu tímum Íslandsbyggðar, þarna eru jarðhitasvæði sem eru á náttúruminjasrá, sjaldgæfar jurtir og óðal fálkans. Ekki hrófla við svæðinu meira en orðið er. Færið Þeistarreyki í verndarflokk. Þjórsá er ein helsta laxveiðiá landsins og teymi ég ferðamenn í flestum ferðum um Suðurlandið að Urriðafossi, og þar höfum við séð bóndann losa laxa úr netum. Óvíst er um virkni þeirra aðgerða sem grípa á til svo að lax geti gengið upp ef af Urriðafossvirkjun verður, en hún myndi loka af yfir 80% af búsetusvæði laxins. Dæmi erlendis frá (fyrirlestur Dr. Margaret J. Filardo um virkjanir á vatnasviði Columbia-árinnar í Bandaríkjunum í Háskólabíói) bendir til að allar varnaraðgerðir muni duga skammt til að vernda lífríki laxins í ánni þegar virkjanir eru reistar. Ef af Urriðafoss-, Hvamms- og Holtavirkjunum verður í Þjórsá, hverfur fallett land í byggð undir jökulgrá uppistöðulón. Urriðafoss, einn af síðustu fossum árinna myndi skemmast. Þess bið ég að ekki verði af þessum virkjunum. Virkjanir í Skjálfandafljóti ættu að vera færðar úr biðflokk yfir í verndarflokk. Ekki hvað síst vegna Aldeyjarfoss, sem er að mínu mati einn fegursti foss landsins. Hveravelli ber að færa úr biðflokk yfir í verndarflokk. Yfirhöfuð má gera þessum stað til góða, því að svo margt fólk fer um hann dag hvern öll sumur. Hverasvæðið þar er einstakt, hverirnir hafa sinn karakter hver. Mér er mikið í mun að Sveifluháls fari úr nýtingarflokki yfir í verndarflokk og að Seltún verði með öllu óhreyft. Það er ekki aðeins að þar fara um þúsundir manna dag hvern á sumrin, heldur liggur frá Seltúni Ketilstígur, mjög vinsæl gönguleið. Þá ættu Austurengjar að vera færðar úr biðflokk yfir í verndarflokk, með bullandi leir og vatn og miklum litum. Yfirhöfuð má ekki hrófla við Krýsuvíkursvæðinu vegna mikilvægi þess fyrir ferðaþjónustuna og útivist íbúa þéttbýlasta svæðis landsins. Sandfell og Trölladyngja er ekki fjölsótt enn sem komið er af almenningi. Þess væri óskandi að ekki yrði raskað þessu svæði svo almenningur geti átt hann sér til góða. Allra best fyrir ferðaþjónustuna, kvikmyndagerðina og möguleika Reykvíkinga og nærsveitunga til útivistar væri að stofna Eldfjallaþjóðgarð á Reykjanesskaga.

Umsögn 27 – Orkustofnun

Almenn umsögn

Orkustofnun er aðili máls og sér þess vegna ekki ástæðu til að tjá sig um megin efnispætti tillögunnar. Það er mat Orkustofnunar að tillöguna beri að skoða sem heild, þar sem reynt er að skapa jafnvægi milli ólíkra sjónarmiða varðandi verndun og nýtingu. Orkustofnun gæti hafa komist að annarri niðurstöðu varðandi einstaka virkjunarkosti. Eðli málsins samkvæmt eru mestir hagsmunir fólgnir í því að sköpuð verði skýr framtíðarsýn um verndun og orkunýtingu eins og tillagan gerir ráð fyrir og þannig verði lagður grunnur að stöðugu umhverfi fyrir atvinnuuppbyggingu á sviði orkuíðnaðar, ferðamála og annarrar landnýtingar.

Umsögn 31 - Samtök sunnlenskra sveitarfélaga

Almenn umsögn

Samtök sunnlenskra sveitarfélaga leggja áherslu á að niðurstöður þeirrar þverfaglegu vinnu sem liggur að baki þingsályktunartillögunnar verði grundvöllur sáttu um virkjun orku og nýtingu hennar framtíðinni. Samtökin hvetja því til að tillagan verði samþykkt.

Umsögn 33 – Alþýðusamband Íslands

Almenn umsögn

ASÍ lýsir yfir ánægju með að ráðist hafi verið í gerð áætlunar um vernd og orkunýtingu landsvæða. Það er mat sambandsins að áætlunin sem liggur fyrir, auk fylgigagna, sé á heildina litið faglega unnin og sett fram á mjög skýran og aðgengilegan hátt. Virkjunarkostir á viðkomandi svæðum eru flokkaðir í orkunýtingarflokk, verndarflokk eða biðflokk og styður sambandið almennt þær áherslur sem fram koma í tillögunni.

Umsögn 46 - Landsvirkjun

Almenn umsögn

Helstu athugasemdir Landsvirkjunar lúta að röðun tiltekinna virkjunarkosta undir verndarflokk sem voru fyrir miðju í flokkun faghópa og Verkefnistjórnar. Í umsögninni færir Landsvirkjun rök fyrir endurskoðun á röðun umræddra virkjunarkosta og færslu þeirra úr verndarflokki í biðflokk.

Bent er á að ekkert tillit virðist tekið til efnahagslegra þátta við röðun í nýtingar-, bið- og verndarflokk.

Landsvirkjun gerir athugasemd við flokkun eftirfarandi virkjunarkosta og fer fram á að flokkun þeirra verði tekin til endurskoðunar:

- Gjástykki (100)
- Tungnaárlón – Bjallavirkjun (24 og 25)
- Norðlingaölduveita (27)
- Hólmsárvirkjun neðri (21)

Umsögn 54 - Skaftárhreppur

Almenn umsögn

Í aðalskipulagi Skaftárhrepps 2010-2022 sem bíður staðfestingar ráðherra, er gert ráð fyrir þremur virkjanakostum sem teknir voru til athugunar í öðrum áfanga rammaáætlunar, Hólmsárvirkjun, Búlandsvirkjun og Hnútvirkjun í Hverfisfljóti. Hnútvirkjun ekki metin af öllum faghópum, en er á landi í einkaeign og framkv. fyrirhugaðar af landeiganda. Sveitarstjórn telur endurskoðað skipulag taki tillit til allra íbúa sveitarfélagsins og gott jafnvægi sé á milli verndar og nýtingar.

Umsögn 74 - Náttúruverndarsamtök Suðvesturlands

Almenn umsögn

Samkvæmt þeim drögum sem nú liggja fyrir að þingsályktunartillögu varðandi rammaáætlun eru 14 virkjunarkostir af 51 í nýtingar- eða biðflokki staðsettir á Reykjaneskaga eða um 28%. Hér getur að líta níu af 24 svokölluðum nýtingarsvæðum þ. e. um 38% og fimm af þeim 27 svæðum sem hafna í biðflokki eða um 19%. Spyrja má, er ekki nóg að gert á Reykjaneskaga? Ber ekki að láta staðar numið við svo búið, viljum við að inngangurinn að Íslenskri náttúru verði ömurlegur ásýndum svo helst enginn vilji þar inn fara. Nei það viljum við ekki!

Umsögn 75 – Orkubú Vestfjarða

Almenn umsögn

Af hálfu Orkubús Vestfjarða er því fagnað að Hvalárvirkjun sé sett í nýtingarflokk. Mikilvægt er fyrir afhendingaröryggi og orkuframboð á Vestfjörðum að þar rísi öflug vatnsaflsvirkjun. Athygli vekur hversu fáir vatnsaflsvirkjanakostir eru settir í nýtingarflokk. Glámuvirkjun er sett í biðflokk þar sem hún var ekki tekin til mats af tveimur af fjórum starfshópum rammaáætlunar. Þessir tveir starfshópar bera fyrir sig að gögn hafi skort en Orkubúi Vestfjarða er ekki kunnugt um að frekari gagna hafi verið óskað frá þessum hópum né að farið hafi verið á vettvang til að skoða aðstæður. Enn hefur ekki tekist að fá upplýst nákvæmlega hvaða gögn skorti svo unnt sé að bæta úr fyrir næstu endurskoðun rammaáætlunar. Af hálfu Orkubús Vestfjarða er talið að það að bera fyrir sig gagnaskorti sé skálkaskjól.

Umsögn 82 - Náttúruverndarsamtök Suðvesturlands

Almenn umsögn

Í drögum að þingsályktunartillögu um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, Rammaáætlun, fellur ekkert svæði á Reykjaneskaga vestan Brennisteinsfjalla (68) í verndarflokk og einungis tvö í biðflokk, Trölladyngja (65) og Austurengjahver (67). Þessi þrjú svæði, auk tveggja svæða í orkunýtingarflokki, Sandfells (64) og Sveifluháls (Krýsuvík) (66) eru öll innan Reykjanesfólkvangs, eins vinsælasta útivistarsvæðis í nágrenni höfuðborgarsvæðisins (Innesja og Suðurnesja). Sveifluhálsi (Krýsuvík) tilheyra m.a. hverasvæðin í Seltúni og Baðstofu undir Hverafjalli. Við álítum að orkunýting á þessu svæði samrýmist ekki markmiðum fólkvangsins og leggjum því til að þau verð öll sett í verndarflokk og stefnt að stofnun eldfjallaþjóðgarðs á Suðvesturlandi.

Umsögn 83 – Valorka ehf.

Almenn umsögn

Ótrúverðugt er að umhverfismat sé á hendi virkjunaraðilans sjálfs og heyri undir iðnaðarráðherra í stað umhverfisráðherra. Þröngsýni er að beina einungis athygli að litlum hluta orkulinda landsins. Nýting sjávarorku verður mikil í nánustu framtíð og mun skekkja allar niðurstöður þessarar áætlunar. Fyrir Alþingi liggur nú tillaga (mál nr 30 á yfirst. þingi) um að hefja rannsóknir á umfangi sjávarorku.

Sú tillaga var lögð fram fyrir hvatningu Valorku ehf og að henni standa þingmenn úr öllum flokkum. Mikilvægt er að hún verði samþykkt fljótlega.

Umsögn 85 - Ragnheiður Júlía Ragnarsdóttir

Almenn umsögn

Það hefur verið reglulega sorglegt að fylgjast með umræðum um mögulegar virkjanir í Þjórsá. Mér finnst ekki nægilega mikið hafa verið rætt um þau neikvæðu áhrif sem hlytust af þessum virkjunum og ég geri alvarlegar athugasemdir við hvernig staðið hefur verið að þessu ferli öllu saman. Ég mótmæli því að svæðin við Þjórsá séu í Orkunýtingarflokki og legg til að þau verði færð í verndarflokk.

Umsögn 86 - Náttúruverndarsamtök Suðvesturlands

Almenn umsögn

Athugasemdir og andmæli vegna breytinga á aðalskipulagi Ölfuss, 2002-2014. Vitað er að brennisteinsvetni og útblástur frá jarðhitavirkjunum og blásandi borholum hefur neikvæð áhrif á gróðurfar. Ljóst er því að fyrirhugaðar virkjanir og iðnaðarsvæði við Gráhnjúka, Hverahlíð og Bitru munu hafa neikvæð áhrif á mosa og annan gróður.

Umsögn 87 – Tryggvi Felixson

Almenn umsögn

Fagna framkomnum drögum að að þingsályktunartillögu um rammaáætlun. Umfangsmikil og vönduð vinna liggur að baki sem og góður vilji til að skoða auðlindanýtingu í stærra samhengi en gert hefur verið hingað til. Þessi vinna skapar forsendur fyrir því að taka megi yfirvegaðar og skynsammar ákvarðanir um landnotkun. Það því mikilvægt að Alþingi bindi nú endahnút á þennan áfanga á núverandi þingi. Tillagan sem lögð hefur verið fram til umsagnar er á margan hátt vel útfærð málamiðlun sem ætti að auðvelda bæði umhverfisráðherra og Alþingi að finna ásættanlega lausn sem dugar í einhvern tíma. Fara ber mjög varlega við að nýta verðmætt land til virkjunarframkvæmda ef það veldur skaða á náttúru og landslagi. Ríkir samfélagslegir hagsmunir þurfa að vera í húfi ef fórn á náttúruarfi fyrir orku. Nú þegar hefur orkuþörf þjóðarinnar verið mætt og hagkvæmasti virkjunarkostur framtíðarinnar er bætt orkunýtni. Náttúra landsins, víðerni og hálendi eru á bæði hagræna og menningarlega mælikvarða ein verðmætasta auðlind þjóðarinnar sem ber að vernda til framtíðar.

Umsögn 89 - Náttúruverndarsamtök Suðvesturlands

Almenn umsögn

Reykjanesskaginn eitt merkilegasta svæði heims. Ljóst er að sú eldvirknináttúra sem Reykjanesskaginn hefur að geyma bíður upp á ótal tækifæri af þessum toga og ýmis konar tengingar við ferðaþjónustu, útivist og fræðslustarf.

Umsögn 92 – Hörður Einarsson

Almenn umsögn

Ég undirritaður styð umsögn Náttúruverndarsamtaka Suðvesturlands og umsögn Ásdísar Thoroddsen að því er varðar Reykjanesskagann sérstaklega. Við afgreiðslu máls þessa ber að hafa framtíðarsýn og fyrirhyggju um hagsmuni íslensku þjóðarinnar í öndvegi. Sérhagsmunagæzla þjóðkjörinna fulltrúa úr sögunni.

Umsögn 94 - Íslenskir Fjallaleiðsögumenn

Almenn umsögn

Fagna því að tekið hefur verið af skarið með vernd Torfajökulssvæðisins alls og að allar hugmyndir um gufuafslvirkjanir á því svæði verði slegnar af. Einnig fagna ÍFLM að ekki verði af virkjunum í Markarfljóti, efri hluta Skaftár, Bjallavirkjun og efri hluta Hólmsár. Mjög mikilvægt er að friða þetta stærsta útivistar- og ferðaþjónustusvæði hálendisins. Mjög mikilvægt er að allt suðurhálendið frá Skeiðarárjökli í Austri til Heklu í vestri verði friðað í heild sinni og nýtist útivist og ferðaþjónustu framtíðar. Slíkt samræmist hugmyndum um tengingu með göngubrú yfir Skaftá sem komnar eru inn á skipulag. Í því ljósi fagna ÍFLM því að Djúpa verði ekki virkjuð en harma að Hverfisfljót skuli ekki vera sett í verndarflokk. Eins leggjast ÍFLM eindregið gegn því að virkjað sé í neðri hluta Hólmsár og Skaftár (með Búlandsvirkjun) og hvetja eindregið til að þessar virkjanahugmyndir verði teknar úr biðflokk yfir í verndarflokk. ÍFLM telja að ekki komi til greina annað en að slá allar hugmyndir um virkjanir í Hvítá og Skjálfandafljóti, af, af sömu ástæðum og greinir hér að ofan og leggja til að þær tvær virkjana hugmyndir sem settar voru í biðflokk í þessum ám verði settar í vernd. ÍFLM telur einnig að sjálfkrafa eigi að slá af allar hugmyndir um virkjanir sem skerði möguleika þess að reka flúðasiglingar í Skagafirði. ÍFLM fagna að tekin séu af öll tvímæli um virkjanahugmyndir við Öskju og hún sé sett í verndarflokk. ÍFLM telja jafnframt að ekki eigi að virkja á svæðinu frá Öskju norður að Þjóðvegi 1 og leggja því til að Fremri Námar verði sett í verndarflokk. ÍFLM telja að Reykjanesið eigi að vernda sem Eldfjallapjóðgarð sem næði einnig yfir á Austanvert Hengilssvæðið. Þess vegna leggjast ÍFLM algerlega gegn því að Sveifluháls sé settur í verndarflokk og telja að hann eigi að vernda. Eins teljum við að setja eigi Trölladyngju í verndarflok. Af þessari ástæðu leggjast ÍFLM einnig algerlega gegn hugmyndum um virkjanir í Þverárdal, Innstadal og Ölfusdal og hvetja til að þessi svæði verði sett í verndarflokk. Hinsvegar fagna ÍFLM að Bitra skuli vera sett í verndarflokk. Þetta eru gríðarlega verðmæt svæði fyrir ferðaþjónustu nútíðar og framtíðar auk þess að vera mikilvæg útivistarsvæði Reykvíkinga.

Umsögn 96 - Náttúruverndarsamtök Suðvesturlands

Almenn umsögn

Sérstaða Reykjanesskagans v/rammaáætlunar um vernd og nýtingu náttúrusvæða. Jarðvangur þarfnast ekki lagasetningar og friðlýsingar. Höfuðáhersla er á mesta sérkenni Reykjanesskagans – jarðmyndanir en einnig mikil áhersla á menningarminjar og stuðning við búsetu á viðkomandi svæði og sjálfbæra þróun. Hugsa má sér að svæðið milli Þrengslavegar í austri og Grindavíkurvegar í vestri yrði gert að jarðvangi. Allt svæði milli stranda væri þá í jarðvanginum og þéttbýlisstaðir s.s. Grindavík, Vogar og Þorlákshöfn. Allir eru þeir byggðir á hrauni. Eldfjallagarðurinn Reykjanes – geopark. Hvernig hljómar það?

Umsögn 97 - Náttúruverndarsamtök Suðvesturlands

Almenn umsögn

Skýrsla um ferðþjónustumöguleika í Reykjanesfólkvangi frá 2008, frá stjórn Reykjanesfólkvangs.

Umsögn 102 – Landsnet

Almenn umsögn

Almennar athugasemdir um mikilvægi rammaáætlunar og tengsl hennar við lögbundna starfsemi Landsnets. Ábendingar varðandi útreikninga tengikostnaðar í fyrirbyggjandi gögnum 2. áfanga rammaáætlunar. Aðferðarfræði faghóps IV um áætlun tengikostnaðar byggir á ákveðnum forsendum. Bent á að ein af forsendum þess að kostur 21, Hólmsárvirkjun neðri við Atley, er sett í biðflokk, er óvissa um línuleiðir. Tillögur um tengingu Hólmsárvirkjunar neðri við Atley við flutningskerfið, sem og Búlandsvirkjunar (40), hafa verið kynntar landeigendum og fengið jákvæða umfjöllun skipulagsyfirlvalda í Skaftárhreppi. Almenn sátt virðist ríkja um tillögu Landsnets að línuleið.

Umsögn 104 – Samtök atvinnulífsins

Almenn umsögn

Þingsályktunartillagan felur í all nokkrum tilvikum í sér frávik frá röðun verkefnisstjórnarinnar, þannig að virkjunarkostum sem í röðun verkefnisstjórnar lentu ofarlega út frá nýtingarsjónarmiðum er raðað í biðflokk eða jafnvel verndarflokk, s.s. Bitra, Norðlingaölduveita, Brennisteinsfjöll og Grændalur. Samtökin telja að við flokkun eigi röðun verkefnisstjórnar að hafa mest vægi og að ekki sé rétt að víkja frá þeirri röðun við flokkun virkjunarkosta nema gild rök standi til þess. Atriði eins og nafnlaus könnun meðal verkefnisstjórnar hlýtur að hafa umtalsvert minna gildi. Þá virðist það á skjön við markmið laga nr. 48/2011 að horfa til hagsmuna afmarkaðs svæði eins og höfuðborgarsvæðisins. Benda samtökin á að í frumvarp því sem varð að lögum nr. 48/2011 var byggt á því grundvallarsjónarmiði að ákvörðun um hvort nýta megi landsvæði til orkuvinnslu byggði á heildstæðu og faglegu mati. Samtökin taka undir það sjónarmið Samorku að vænlegasta leiðin til að stuðla að nokkuð víðtækri sátt um rammaáætlun sé fólgin í því að styðjast við röðun verkefnisstjórnar. Samtökin benda á að í athugasemdum við 5. gr. frumvarps sem síðar varð að lögum nr. 48/2011 er

undirstrikað að ekki sé miðað við að afla þurfi svo nákvæmra upplýsinga um hvern og einn virkjunarkost og áhrif hans að jafna megi við mat á umhverfisáhrifum framkvæmda samkvæmt lögum nr. 106/2000. Í opinberri umræðu hefur það verið orðað svo að með rammaáætlun sé lagður grunnur að víðtækri sátt í orkunýtingar- og náttúruverndarmálum. Það er enginn grundvöllur sáttar að slá á frest ákvörðunum um nýtingu eða vernd með því að setja virkjunarkosti í biðflokk. Í þessu sambandi verður að hafa í huga að lög nr. 48/2011 taka til landsvæða innan eignarlanda og þau fela í sér takmarkanir á rétti landeigenda til að nýta réttindi sín. Þá verður að horfa til þess að fjárfestingar í orkuverum og tengdum iðjuverum eru grundvöllur þess að markmiðum um auknar fjárfestingar verði náð á næstu árum. Áhersla á fjárfestingar er lítills virði ef ekki liggja á borðinu virkjunarkostir sem unnt er að nýta. Það er áhyggjuefni að í þingsályktunartillögunni felst að af virkjunarkostum í nýtingarflokki eru einungis 700 MW að hámarki sem mögulegt er að ráðstafa á næstu tveimur árum, sbr. ábendingu Samorku.

Umsögn 105 - Samtök ferðaþjónustunnar

Almenn umsögn

Virkjanahugmyndir sem nú eru settar í biðflokk eru margar á gríðarlega mikilvægu svæði fyrir ferðaþjónustu þ.á.m. Búlandsvirkjun og Hólmsárvirkjanir og Hverfisfljót sem samtökin leggja til að fari í verndarflokk. Eins mótmæla samtökin að Fljótshnúsvirkjun og Búðartunguvirkjun séu settar í biðflokk í stað verndarflokks. Það er skoðun SAF að horfa verði á náttúruauðlindina á mun víðari grunni en gert hefur verið hingað til og stefna þannig að því að ná saman skipulagi sem horfi til langtíamarkmiða við nýtingu og verndun íslenskrar náttúru.

Umsögn 110 - HS Orka

Almenn umsögn

HS Orka hf. fagnar drögum að þingsályktunartillögu og leggur áherslu á skilvirk vinnubrögð í framhaldinu svo endanleg verndar- og orkunýtingaráætlun liggja fyrir sem fyrst. HS Orka hf. gerir athugasemdir við flokkun virkjunarkosta, reglur fyrir biðflokk og setur fram ábendingar til frekari skoðunar.

HS tilkynnti til verkefnisstjórnar fimm virkjunarkosti sem höfnuðu í nýtingarflokki, þeir eru:

Stækkun Reykjanesvirkjunar, Stóra Sandvík, Eldvörp, Sandfell og Sveifluháls.

HS telur virkjunarkostina hafa fengið rökrétt flokkun m.t.t. röðunar sem viðkomandi valkostir fengu í úrvinnslu faghópa rammaáætlunar. HS leggur ríka áherslu á að virkjunarkostirnir verði áfram í nýtingarflokki enda standa fleiri rök til þess en að fella þá í annan hvorn hinna flokkanna.

Ljóst er að eftir úrvinnslu faghópa rammaáætlunar liggja fyrir ítarleg gögn á ólíkum fagsviðum um sérhvern virkjunarkost sem raðað hefur verið í nýtingarflokk. HS bendir á að hugsanlega geta þessi gögn nýst við gerð umhverfismats framkvæmdar og varpar HS hér fram þeirri hugmynd að þau verði

með einhverjum hætti gerð aðgengileg fyrir framkvæmdaaðila og leyfisveitendur, t.d. gegn þóknun, þegar og ef virkjunarkostur kemur til álita sem fýsileg framkvæmd.

Umsögn 111 - Jón Páll Garðarsson

Almenn athugasemd

Nóg er komið af virkjunum og álverum ef ekki er gerð áætlun um framleiðsluferli til neytenda á þeim afurðum sem unnið er með. Hægt væri að spara gífurlega orku með að byggja verksmiðjur við hlið álvera og fleyta bræddu ál í röri á milli. Mín athugasemd á við um allar virkjanaráætlanir á Íslandi.

Umsögn 112 - Samtök iðnaðarins

Almenn umsögn

Si hafa ávallt stutt aðferðafræðina sem rammaáætlun byggir á og fagna því að verkefnið er svo langt komið. Gagnrýnt er að í lokaáfangi er vinnan færð frá faglegru verkefnisstjórn yfir í pólitískt ferli. Í þingsályktunartillögunni er röðun virkjanakosta ekki í góðu samræmi við niðurstöðu verkefnisstjórnar. Pólitískar áherslur í lokahnykk ferlisins rýrir gildi þeirrar vinnu sem fram hefur farið til þessa og minnkar líkur á sátt um niðurstöðuna.

Umsögn 114 - Samtök álframleiðenda á Íslandi

Almenn umsögn

Samtök álframleiðenda á Íslandi, fagna þessum áfangi í vinnu við Rammaáætlun um vernd og nýtingu náttúrusvæða með áherslu á vatnsafl og jarðhitasvæði. Þessi vinna, sem hófst árið 1999, er mikilvægur liður í að auka samfélagslega sátt um vernd og nýtingu auðlinda hér á landi. Það vekur athygli að í þingsályktunartillögunni er í mörgum tilfellum vikið frá þeirri flokkun sem fram kom í skýrslu Verkefnisstjórnar frá því í júní á þessu ári. Í skýrslunni er þeim virkjanakostum sem teknir voru til mats gefin einkunn eftir nýtingar- og verndargildi sínu. Röðun virkjanakosta í verndar-, bið- og nýtingarflokk í þingsályktunartillögunni er ekki í samræmi við þessa einkunnagjöf Verkefnisstjórnar. Með þessu fær vinna við Rammaáætlun á sig pólitískt yfirbragð. Mikilvægt er að um þennan málaflokk náist breið sátt sem unnt sé að vinna út frá næstu árin, bæði hvað varðar verndun og nýtingu. Gert er ráð fyrir að Rammaáætlun sé endurskoðuð með reglubundnum hætti og það er því mikilvægt að unnið sé út frá faglegum sjónarmiðum í hvívetna, óháð pólitísku landslagi hverju sinni.

Umsögn 115 - Stjórn Reykjanesfólkvangs – Sverrir Bollason

Almenn umsögn

Fagna ber verndun Brennisteinsfjalla sem er friðsæl fjallavin við jaðar borgarmarkanna. Að sama skapi er leitt að Krýsuvíkursvæðið sé sett í nýtingarflokk þar sem önnur nýting, ferðamennska og náttúruskoðun er þegar fyrirferðamikil á svæðinu og óvíst um það hvort það fari saman.

Þessi niðurstaða gefur tilefni til hugleiðinga um tilgang þess að vernda svæðið með þeim skilyrðum sem um fólkvangana gildir. Einnig gefur það tilefni til vangaveltna um hlutverk fólkvangana almennt sem verkfæri til verndunar náttúru.

Umsögn 117 - Umhverfisstofnun

Almenn umsögn

Í umsögn Umhverfisstofnunar er tillögunum fagnað og faglegum vinnubrögðum hrósað. Þá leggur Umhverfisstofnun áherslu á að reynt verði að skapa sem mest jafnvægi milli ólíkra sjónarmiða um vernd og nýtingu með sjálfbæra þróun íslensks samfélags og virðingu fyrir íslenskri náttúru að leiðarljósi.

Umsögn 122 - Skipulagsstofnun

Almenn umsögn

Umhverfisáhrif verndar- og orkunýtingaráætlunar - umhverfismatskýrslan

Skipulagsstofnun telur mikilvægt að hafa í huga að sú tillaga sem nú liggur fyrir að verndar- og orkunýtingaráætlun er að mörgu leyti sérstök áætlun. Þar sem röðun virkjanakosta af hálfu verkefnisstjórnar var ein meginforsenda við gerð tillögu að verndar – og orkunýtingaráætlun telur Skipulagsstofnun vert að hafa í huga að áætlunin byggir í grunninn á viðamikilli greiningu og mati á umhverfisáhrifum virkjanakostanna. Varðandi forsendur röðunar telur Skipulagsstofnun að betur þurfi að rökstyðja betur þar sem vikið er frá röðun verkefnisstjórnar í flokkun í þingsályktunartillögu. Sérstaklega þurfi að skýra betur könnun sem fram fór innan verkefnisstjórna. Þessi forsenda er ógagnsæ og engin leið að átta sig á því sem liggur til grundvallar könnuninni annað en persónuleg afstaða þeirra sem sátu í verkefnisstjórn.

Skipulagsáætlanir. Allir þrír tilgreindir flokkar hafa áhrif á skipulagsgerð sveitarfélaga, ekki bara verndar og nýtingarflokkar.

Árétta þarf að djúpboranir geta ekki talist til rannsókna sem eru „ekki leyfisskyldar“.

Gera hefði þurft betri grein fyrir samlegðaráhrifum áætlunarinnar á aðra þætti en raforkugetu, svo sem á helstu náttúrufarsþætti.

Flokkun nokkurra virkjanakosta er rökstudd sérstaklega og telur Skipulagsstofnun að rökstyðja hefði þurft sérstaklega flokkun fleiri virkjanakosta og nefnir sérstaklega Urriðafossvirkjun og Brennisteinsfjöll.

Skýra þarf betur litakóða í töflum 3.4-3.6.

Eftir endanlega afgreiðslu skulu eftirtalin gögn send Skipulagsstofnun sbr. 9. gr. laga um umhverfismat áætlana, og f. lið 4. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

- a) Endanleg áætlun
- b) Greinargerð um hvernig umhverfissjónarmið voru felld inn í áætlunina og hvernig höfð var hliðsjón af umhverfisskýrslu og athugasemdum sem bárust á kynningartíma tillögu og umhverfisskýrslu og rökstuðningur fyrir endanlegri áætlun í ljósi þeirra valkosta sem skoðaðir voru.
- c) Hvernig haga skuli vöktun vegna líklegar verulegra umhverfisáhrifa komi áætlunin eða einstakir þættir hennar til framkvæmda.

Umsögn 128 – Ásdís Hlökk Theodórsdóttir

Almenn umsögn – Grein birt á visir.is 11.11.11.

Rammaáætlun virðist eiga að vera ótímabundin, þ.e. hún virðist eiga að skilgreina ramma um orkunýtingu vatnsafls og jarðvarma í landinu til allrar fyrirsjáanlegrar framtíðar. Miðað við fyrirliggjandi tillögu að rammaáætlun þýðir það að hægt verður að nýta, til viðbótar því sem þegar hefur verið nýtt, um 13 teravattstundir í vatnsafl og jarðvarma. Í því sambandi er sérstaklega athyglisvert að ríkisfyrirtækið Landsvirkjun hefur gefið það út að fyrirtækið hafi hug á að virkja 11 teravattstundir á næstu 15 árum, þ.e.a.s. nær alla virkjanlega orku í landinu til allrar framtíðar skv. rammaáætlun (ef ekki er horft til biðflokksins). Og þá erum við ekki farin að leggja við áform OR, HS og annarra aðila í virkunarbransanum. Og þá getur maður spurt: Felur þessi yfirlýsing ríkisorkufyrirtækisins í sér stefnu stjórnvalda um orkunýtingu? Er það stefna stjórnvalda að það verði byggðar nýjar virkjanir upp á a.m.k. 11 teravattstundir á næstu 15 árum? Í því sambandi er rétt að muna að t.d. tvö ný álver myndu nýta lungann úr þessum 11 teravattstundum.

Í umsögninni er einnig velt upp tengslum rammaáætlunar og skipulagsvalds sveitarfélaga og umhverfisáhrifum orkunýtingar. Því er haldið fram að umhverfisskýrsla veiti engin svör um heildarumhverfisáhrif rammaáætlunar.

Umsögn 133 – Þorleifur Gunnlaugsson

Almenn umsögn

Í tillögunni eru settar fram hugmyndir um það hvernig Íslendingar eigi að nýta náttúrusvæði til framtíðar. Svæðin eru sett þrjá flokka eftir hugmyndum frá starfshópi Iðnaðarráðuneytisins. Þó mikil og góð vinna liggi til grundvallar þessari flokkun og mörgu beri að fagna verður að benda á að þar orkar margt tvímælis. Grundvöllur ákvarðanatöku veikur. Hætta á að hagsmunir orkufyrirtækjanna vegi þyngra en hagsmunir annarra vegna betri gagna. Tekið fram að litlar upplýsingar séu til um þætti taldir eru upp og talið að frekari upplýsingar vatni um: Samfélagsáhrif; náttúruvernd sem landnýting; sjálfbær nýting; hagsmunir annarra sem not gætu haft af sömu auðlind; ferðamennska og útivist, sérstaklega í grennd við höfuðborgarsvæðið; útivist heimamanna; ímynd svæða og að lokum landslag.

Umsögn 142 – Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

Almenn umsögn

Í megindráttum telur Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur (HER) að ígrunda þurfi betur hugsanleg heilsufarsáhrif á almenning vegna mengunar frá [jarðhita]virkjunum og að taka þurfi mið af samlegðaráhrifum virkjunarkosta hvað varðar mengun vegna brennisteinsvetnis og gera vatnsgæðum hærra undir höfði. Sérstakar athugasemdir eru gerðar við umhverfisskýrslu verndar- og orkunýtingaráætlunar. HER minnir á markmið laga um hollustuhætti og mengunarvarnir sem er að búa landsmönnum heilnæm lífsskilyrði og vernda þau gildi sem felast í heilnæmu og ómenguðu umhverfi. HER telur að ígrunda þurfi betur hugsanleg heilsufarsáhrif á fólk vegna mengunar en gert er í verndar- og orkunýtingaáætluninni, að taka þurfi mið af hugsanlegum samlegðaráhrifum milli virkjunarkosta og gera vatnsgæðum höfuðborgarsvæðisins hærra undir höfði. HER ítrekar að þau gæði sem felast í ástandi grunnvatns og neysluvatns á vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins eru ómetanleg auðlind sem á að verja til framtíðar með öllum tiltækum aðgerðum.

HER álitur allar framkvæmdir og aðgerðir sem mögulega geta ógnað gæðum neysluvatns höfuðborgarbúa og loftgæðum óásættanlegar. Hér er mikilvægt að varúðarreglan sé viðhöfð með hagsmuni heilbrigðis- og umhverfisþátta í huga í orkunýtingarmálum Íslands.

Umsögn 144 – Gunnar Hersveinn

Almenn umsögn

Mæta þar betur heilsufars- og umhverfisáhrif vegna mengunar í stefnunni en gert er í drögunum. Mikilvægt er að varúðarreglan sé ætíð viðhöfð með hagsmuni heilbrigðis- og umhverfisþátta í huga í orkunýtingarmálum Íslands. Ég hef meðal annars áhyggjur af losun brennisteinsvetnis út í andrúmsloftið. Gera þarf rétti almennings til heilnæms umhverfis hærra undir höfði. Blekking að virkjun jarðhita sé endurnýjanleg auðlind.

Umsögn 145 – Friðbjörg Ingimarsdóttir

Almenn umsögn

Varðandi jarðhitavarmarvirkjanir var ég að hugsa um að þær þurfi að standast þær kröfur sem gerðar eru um útstreymi eitraðra lofttegunda eins og brennisteinsvetnis. Meta þarf bein hagræn áhrif, umhverfis- og samfélagsáhrif á heilsu og lífsgæði fólks og velferð, við gerð nýrra jarðvarmaverkefna. ATH sami texti og í umsögn 144.

Umsögn 161 - Ferðafélagið Útivist

Almenn umsögn

Útivist fagnar framkomnum drögum að tillögu til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða. Útivist telur að líta þurfi til miðhálandisins sem einnar samfelldrar heildar sem beri að vernda gegn frekari orkunýtingu og þá sérstaklega eftir að víðfeðm og verðmæt svæði á Austurlandi voru tekin undir Kárahnjúkavirkjun. Félagið leggur ríka áherslu á að allir virkjanakostirnir á miðhálandi og við jaðar þess skuli fara í verndarflokk, um leið og því er fagnað að eftirtaldar virkjanir hafi nú þegar verið settar í þann flokk. Það eru virkjanakostir vatnsafls: Markarfljótsvirkjun A og B (22, 23), Tungnálón (24), Bjallavirkjun (25), Norðlingaölduveita, 566-567,5 m.y.s. (27), Gýgjafossvirkjun (32), Bláfellsvirkjun (33), Hólmsárvirkjun við Einhyrning, m/miðl. (20) ásamt háhitavirkjunarkostunum, Hverabotn (79), Neðri-Hveradalir (80), Kisubotnar (81) og Þverfell (82). Útivist leggur áherslu á að Búlandsvirkjun (40) verði flutt úr biðflokk í verndarflokk. Útivist leggur til að Hverfisfljótsvirkjun verði flutt úr biðflokk í verndarflokk. Útivist leggur áherslu á að flytja eigi Hólmsárvirkjun neðri við Atley (21) úr biðflokk í verndarflokk. Útivist leggur áherslu á að Hólmsárvirkjun við Einhyrning – án miðlunar verði flutt úr biðflokk í verndarflokk.

Sandfell (64), Trölladyngja (65), Sveifluháls (66) og Austurengjar (67). Útivist lítur svo á að allir ofangreindir virkjunarkostir eigi að fara í verndarflokk. Þessi kostir eru staðsettir á vinsælu og verðmætu útivistarsvæði í nágrenni höfuðborgarsvæðisins og myndu valda verulegu óafturkræfu raski og skemmdum á landslagi. Auk þess hefur enginn sýnt fram á hvernig á að tengja þessar virkjanir raforkukerfinu án þess að valda alvarlegum náttúruspjöllum, hvort sem það er gert með háspennulínum eða rafstrengjum í jörð. Útivist styður stofnun eldfjallagarðs á Reykjaneskaganum. Hágönguvirkjanir (91) og (104) og Skrokkölduvirkjun (26). Útivist gerir alvarlega athugasemd við að virkjanir þessar skuli settar í orkunýtingarflokk og telur að þær eigi heima í verndarflokki.

Umsögn 171 - Ingibjörg Elsa Björnsdóttir (Náttúruverndarsamtök Suðurlands)

Almenn umsögn

Skoðun Náttúruverndarsamtaka Suðurlands er sú, að 2. áfangi Rammaáætlunar í heild sinni gefi skakka mynd af virkjunarmöguleikum Íslands þar sem vindorka og sjávarfallaorka (jafnvel ölduorka líka) er ekki höfð til samanburðar. Við teljum einnig að ef yfirvöld og Landsvirkjun myndu leggja meiri áherslu á vindorku, væri e.t.v. hægt að sleppa vatnsaflsvirkjunum t.d. í neðri hluta Þjórsár, en nota í stað vindorkumöguleika til að mæta þeirri eftirspurn eftir orku sem til staðar er. Einnig hljóta gríðarlegir möguleikar að vera fyrir hendi í vinnslu lífmassa úr þörungum í hafinu við Ísland, möguleikar sem enn eru að mestu ókannaðir. Á meðan slíkir möguleikar hafa ekki verið kannaðir til hlítar, er fáránlegt að fórná náttúruvernd eins og Urriðafossi, eyðileggja laxveiði í Þjórsá til framtíðar, og valda óafturkræfum umhverfisspjöllum vegna stórra og dýrra orkuvera. Að auki má nefna að Hvalárvirkjun á Vestfjörðum er náttúrulega út í hött, þegar haft er í huga hversu fáir búa í Árneshreppi. Við sjáum því enga aðra leið færa en að hefja strax endurskoðun 2. Áfanga Rammaáætlunar þar sem vindorka- og sjávarfallaorka yrði tekin með í reikninginn og reynt yrði að velja frekar vindorku- heldur en stórar vatnsafls- eða jarðvarmavirkjanir. Samtökin leggja áherslu á að Hágöngur (91 og 104) og Skrokkalda (26) færist í verndarflokk. Færa verður Búðartunguvirkjun úr biðflokki yfir í verndunarflokk. Sandfell þarf að færa úr nýtingarflokki yfir í verndarflokk og Trölladyngju þarf að færa úr biðflokki yfir í verndarflokk. Sveifluháls þarf að færa úr nýtingarflokki yfir í verndarflokk og Austurengjar þarf að færa úr biðflokki yfir í verndarflokk. Stóru Sandvík þarf að færa úr nýtingarflokki yfir í biðflokk vegna nálægðar við Reykjanesvirkjun og óvissu um sjálfbærni hennar.

Eldvörp þarf að færa úr nýtingarflokki yfir í biðflokk vegna óvissu um sjálfbærni hennar. Leggjum við til að Meitilinn, Gráuhnúkar og Hverahlíð verði færð úr nýtingarflokki yfir í biðflokk. Innstadal, Þverárdal og Ölfusdal þarf að færa úr biðflokki yfir í verndarflokk. Urriðafossvirkjun verður að færa úr nýtingarflokki yfir í verndarflokk. Hvammsvirkjun og Holtavirkjun verður að færa úr nýtingarflokki yfir í biðflokk.

Umsögn 175 – Guðmundur Páll Ólafsson

Almenn umsögn

Þegar litið er til þeirra ógnvænlegu stöðu sem „nýtingarflokkur“ býður upp á, má hverjum læsum manni vera ljóst að heildarumhverfisáhrif nýtingarflokksins, náttúrufarsleg og samfélagsleg, hafa ekki verið könnuð. Nýtingarflokkur rammaáætlunar er uppskrift að heljarmistöfum og forkastanlegum vinnubrögðum sem aðeins þjónar hagsmunum iðnaðar og stórverktaka. Í landinu eru lög um umhverfisáhrif framkvæmda og umhverfismat áætlana. Rammaáætlun hlýtur að falla undir umhverfismat áætlana. Skrokkölduvirkjun og Hágönguvirkjun á miðhálandi Íslands eru dæmi um virkjanir sem myndu eyða gríðarlega stórum og dýrmætum víðernum vestan Vatnajökuls og skiptir engu hvort þær eru einar og sér eða báðar saman, en Hágönguvirkjun myndi þó spilla ennþá meiri víðernum fyrst í stað. Glámuvirkjun er ákaflega neikvæð framkvæmd. Hún umturnar Glámuöræfum eða hálandi Vestfjarða og manngerir það fyrir eina smávirkjun (67MW). Hvalá hefur mikið aðdráttarafl fyrir ferðamenn sem um Strandir ferðast. Virkjun í Hvalá myndi spilla víðernum og umhverfi með háspennumöstrum. Hér er lagt til að allar jökulár sem lent hafa í bið og nýtingarflokki verði settar í verndarflokk uns fullnægjandi gögn um skaðsemi liggja fyrir. Hugmyndir að virkjunum í Skaftártungu, Hverfisfljóti og Djúpa vekja mikinn ugg. Allar ættu þær að fara í verndarflokk vegna jarðminja og einstakra náttúrugæða. Mikið er ólært í tækni og umgengni við stórkostlegar auðlindir og á meðan svo er á ekki að vaða í framkvæmdir af offorsi eins og tíðkast hefur. Því legg ég til að allir virkjanakostir sem lent hafa í biðflokki eða nýtingarflokk fari í verndarflokk.

Umsögn 181 – Helga Tryggvadóttir

Almenn umsögn

Helsti galli Rammaáætlunar er sá að hún gerir ráð fyrir því að bygging nýrra virkjana sé sjálfsagður og eðlilegur hluti íslensk samfélags, en með því er efnahagslegri þörf landsins fyrir það að vera sífellt að byggja nýjar virkjanir viðhaldið, í stað þess að leita annarra, og sjálfbærari leiða, til að viðhalda efnahagslífinu. Áframhaldandi áhersla á skammtímalausnir. Fyrir utan þau rök að það muni aldrei takast að sætta þá aðila sem vilja vernda náttúruna og hina sem vilja nýta hana með ágengum hætti, má benda á að þörfin á frekari virkjunum byggir fyrst og fremst á þörfum stóriðju. Samfélagsleg áhrif virkjana hafa því ekki verið tekin inn í myndina við gerð Rammaáætlunar

Umsögn 186 – Kristín Guðmundsdóttir

Almenn umsögn

Í heimildaskrá fyrir t.d. Þjórsá í byggð er meira en helmingurinn af heimildunum frá Landsvirkjun eða þær unnar fyrir Landsvirkjun. Í heimildaskránni um Þjórsá í byggð eru engar ljósmyndir taldar upp. Mannlegi og samfélagslegi þátturinn er skilinn útundan í Rammaáætlun og þjóðhagslegi þátturinn í virkjunum er þess vegna með forgjöf. Það er ójafnt. Og orðnir langþreyttir íbúar vissra svæða landsins, þar sem kynslóðir koma og fara, meðan ævarandi ásókn orkufyrirtækja varir óhöggð, af þeim sökum að aldrei er „mælt rétt“. Þetta er háalvarlegt og ofangreindum vinnubrögðum Rammaáætlunar þarf að breyta, skuli ákvarðanir teknar á ábyrgan hátt og í sátt.

Umsögn 188 – Kolbrún Halldórsdóttir

Almenn umsögn

Nokkuð hefur borið á því að hugmyndin um sjálfbæra þróun sé tengd umræðum um rammaáætlun, samt er ljóst að talsvert skortir á að verkefnisstjórn rammaáætlunar hafi látið fara fram nægilegar rannsóknir til að með réttu sé hægt að ganga frá endanlegri flokkun virkjanakosta. Dæmi um það eru hugmyndir um Þjórsárvirkjanir í byggð. Ef þau stjórnvöld sem leggja fram áætlunina ætlast til að vera tekin alvarlega hljóta þau að samþykkja að hugmyndir um virkjanakosti í neðri hluta Þjórsár verði settar í biðflokk, en ekki nýtingarflokk. Ástæðan er sú að samfélagsrannsóknir hafa ekki farið fram á þeim kostum. Jafnvel mætti segja að áformin ein hafi haft svo neikvæð áhrif á samfélagið í nágrenni Þjórsár, að það eitt ætti að fæla menn frá því að halda áformunum til streitu. Ef vilji er til að innleiða hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar við ákvarðanir um virkjanakosti, þá verða menn að gera sér grein fyrir dýptinni í þeirri hugmyndafræði. Samfélagslegir þættir ættu ófrávikjanlega að veita jafnt og efnahagslegir- og umhverfislegir þættir við lokaákvörðun. Í þessu ljósi hlýtur að teljast skynsamlegt að setja alla virkjanakosti í neðri hluta Þjórsár í biðflokk. Með aðra þætti vísast til fyrri umsagnar minnar frá 3. maí 2010, þar er sérstaklega minnt á þörfina fyrir skilmerkilegt kort af áhrifasvæði virkjana á Íslandi;

- a) þeirra sem þegar eru risnar
- b) þeirra sem rammaáætlunin gerir ráð fyrir að settar verði í nýtingarflokk
- c) þeirra sem áætlunin gerir ráð fyrir að settar verði í biðflokk.

Umsögn 197 - Friðrik Dagur Arnarson

Almenn umsögn

Fyrirfram var búist við að flest svæði sem metin voru færu í biðflokk. Rökin fyrir því voru þau að það vantaði víða svo miklar upplýsingar að ekki væri hægt að taka svo endanlega ákvörðun sem þá að svæði eigi að nýta til virkjunar. Svæði eru ekki sett í bið, þrátt fyrir að bent hafi verið á alvarlegan gagnaskort. Að öllu samanlögðu verður að segja að mjög takmarkaðar upplýsingar liggja fyrir um áhrif virkjana á samfélagið, einkum nærsamfélagið á virkjunarslóðum. Enginn faghópur fjallaði um náttúruvernd sem slíka. Í ljósi þess sem hér er talið upp að framan má ljóst vera að víða skorti verulega á upplýsingar sem þurfa að liggja fyrir áður en svo afdrifaríkar ákvarðanir, eins og að skilgreina tiltekna hugmynd inn í nýtingarflokk, er hægt að taka. Í raun gildir svipað um

verndarflokkinn en þó er algjör eðlismunur á þessum tveimur flokkum. Á meðan ákvörðun um nýtingu þýðir að raska megi svæðum og breyta eðli þeirra og ásýnd með framkvæmdum þýðir flokkun í verndarflokki að svæðin eigi að fá að haldast óbreytt og varðveita útlit sitt og eiginleika. Það er því fyrst og fremst gagnvart nýtingarflokknum sem þarf að vera á verði. Það liggur í hlutarins eðli að ekki er hægt að sætta sig við niðurstöður sem verða bindandi um framtíðarnot stórra landsvæða og munu hafa varanleg áhrif á ímynd og þróun landsins, auðlindanýtingar og upplifun fólks meðan grundvöllur ákvarðanatökunnar er víða jafn veikur og raun ber vitni. Þjóðin hlýtur að gera þá skýlausu kröfu til Alþingis og ráðherra að öll þau svæði sem sett eru í nýtingarflokk og ekki er víðtæk samstaða um að á þeim megi virkja verði flutt í biðflokk. Þannig gefist tóm til að bæta þekkingargloppurnar áður en framtíðarnýting þessara svæða er endanlega ákveðin. Það er kjarni þeirra athugasemda sem hér eru á blaði. Verði ekki brugðist við þessari ósk með jákvæðum hætti er næsta víst að sú sátt sem stefnt var að með öðrum áfanga Rammaáætlunar mun ekki nást.

Umsögn 200 - Sigyn Eiríksdóttir

Almenn umsögn

Skýlaus krafa að virkjanahugmyndir þar sem mikilvægar upplýsingar skortir eða mikil átök standa um verði að minnsta kosti settar í biðflokk en ekki hafðar í nýtingarflokki. Það verður að skapa tóm til að ljúka nauðsynlegum rannsóknum og skipuleggja alla nýtingu í einhverju heildarsamræmi þannig að við göngum ekki um of á þá dýrðmætu auðlind sem óspillt, íslensk náttúra er. Sömuleiðis verður að forgangsraða í flokkuninni út frá því hvernig nýting hennar gefur þjóðinni mestan arð og gleði og þar skiptir margt meira máli en virkjanir. Ég skora því á Alþingi og ráðherra að sjá til þess að þau náttúrusvæði sem bent hefur verið á að upplýsingar skorti um fari úr nýtingarflokki yfir í biðflokk þar til gleggri upplýsingar liggja fyrir um eðli þeirra og stöðu, bæði náttúrfarslega og samfélagslega.

Umsögn 201 – Græna netið

Almenn umsögn

Græna netið fagnar þeirri tillögu til þingsályktunar sem hér er í mótun. Hún og vinnan að baki hennar er grundvöllur vandaðrar ákvarðanatöku í orkunýtingar- og skipulagsmálum. Eðli máls samkvæmt er í þessum málaflokki iðulega um óáfturkræfar framkvæmdir að ræða og því óverjandi annað en að ákvarðanir séu byggðar á bestu fáanlegu upplýsingum. Að mati Græna netsins er þó enn talsvert langt í land með að hægt sé að taka ákvörðun um að setja tiltekin svæði í nýtingarflokk. Afla þarf frekari gagna og taka fleira með í reikninginn en gert var að þessu sinni. Því leggur Græna netið til að nokkur svæði sem sett voru í nýtingarflokk fari í biðflokk. Einnig færir Græna netið rök fyrir því að nokkur svæði sem sett hafa verið í biðflokk fari í verndarflokk. Stóra Sandvík (62) færir í biðflokk. Eldvörp (Svartsengi) (63) færir í biðflokk. Sandfell (64) og Trölladyngja (65) færir í verndarflokk. Sveifluháls (Krýsuvík) (66) og Austurengjar (67) færir í verndarflokk. Brennisteinsfjöll (68) haldist í verndarflokki. Meitillinn (69), Gráuhnúkar (70), Hverahlíð (71) færir í biðflokk. Bitra (74) og Grændalur (77) verði áfram í verndarflokki. Innstidalur (73), Þverárdalur (Ölfusvatnslundur) (75), Ölfusdalur (76) færir í verndarflokk.

Umsögn 202 - Erlingur Loftsson, Sandlæk 1

Almenn umsögn

Er mjög fylgjandi því að virkjanir í neðrihluta Þjórsár fari í svokallaðan biðflokk. Ótækt er að ekki skuli einu sinni liggja fyrir rannsóknir á lífríki árinna sem marktækar væru t.d. á fiskigeingd vatnasvæðisins í heild. Veiðieigendur munu óska eftir að slík rannsókn verði unnin af óháðum aðilum.

Umsögn 205 – Ólafía Jakobsdóttir

Almenn umsögn

Mín framtíðasýn fyrir sveitarfélagið Skaftárhrepp er að fallið verði frá öllum virkjanhugmyndum í jökulvötnum á svæðinu. Þegar kemur að ákvarðanatöku um framkvæmdir í Skaftárhreppi sem hafa áhrif á umhverfi og náttúru þá verði sjálfbær þróun höfð að leiðarljósi við alla ákvarðanatöku. Ekki þarf nema eina virkjun til að eyðileggja heildarmynd svæðisins og óspillta ímynd þess. Undirrituð styður heilshugar umsagnir Náttúruverndarsamtaka Suðurlands, Eldvatna- samtaka um náttúruvernd í Skaftárhreppi og umsögn frá Frjálsum félagasamtökum um náttúruvernd á Íslandi um drög að þingsályktunartillögu um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða.

Umsögn 210 – Rannveig Magnúsdóttir

Almenn umsögn

56 bls. skýrsla frá Áhugahópur um verndun Jökulsáanna í Skagafirði, Eldvötn - samtök um náttúruvernd í Skaftárhreppi, Félag um verndun hálendis Austurlands, Framtíðarlandið, Fuglavernd, Landvernd, Náttúruvaktin, Náttúruverndarsamtök Austurlands (NAUST), Náttúruverndarsamtök Íslands, Náttúruverndarsamtök Suðurlands, Náttúruverndarsamtök Suðvesturlands, Samtök um náttúruvernd á Norðurlandi (SUNN) og Sól á Suðurlandi.

Frjáls félagasamtök um náttúruvernd leggja hér fram metnaðarfulla framtíðarsýn fyrir stór svæði á Íslandi þar sem horfið er frá flestum hugmyndum um orkunýtingu á vatnsafla og jarðvarma. Þessa sýn byggjum við á efnislegum og andlegum verðmætum sem felast í lítt snortinni náttúru Íslands, óskertum víðernum og stórbrotnu landslagi sem að okkar mati ber að vernda fyrir heill okkar samtíðar og komandi kynslóða. Við hvetjum alþingismenn til þess að taka ríkt tillit til sameiginlegrar umsagnar samtaka okkar við gerð þingsályktunartillögu um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða. Jafnframt lýsum við okkur reiðubúin til að koma á fundi hjá nefndum Alþingis til að skýra mál okkar betur.

Við teljum að frekari uppbygging stóriðju á Íslandi sé á skjön við framtíðarhagsmuni þjóðarinnar og stórfelldar virkjanir svari ekki raunverulegri þörf á orku. Aukinni orkuþörf til almennra nota má mæta með orkusparnaði [2, 5] og þróun annarra endurnýjanlegra orkugjafa, s.s. vindorku, sjávarfallaorku og sólarorku, sem skapa „græn“ störf. Kanna ber umhverfisáhrif slíkra kosta gaumgæfilega, en mikilvægt er að rammaáætlun þróist þannig að hún taki að líta til fleiri orkugjafa en vatnsafls og

jarðvarma. Í þessu mætti horfa til þróunar í öðrum löndum, t.d. Danmerkur og Bandaríkjanna og Þýskalands [121]. Þá mætti hugsa sér að rammaáætlun á næstu stigum tengdist betur nýframkominni orkustefnu ríkisstjórnarinnar. Jafnframt þarf í 3. áfanga rammaáætlunar að auðvelda aðgang að grunngögnum sem mat faghópa byggir á.

Með verndun þeirra svæða sem við höfum hér fjallað um felast ótal tækifæri, m.a. í sjálfbærri ferðapjónustu, og auk þess mikil lífsgæði. Slík lífsgæði felast í ómetanlegu upplifunargildi hinnar lítt snortnu náttúru sem verður æ verðmætari auðlind eftir því sem svæði Jarðar verða þéttbýlli og setnari. Við berum ábyrgð á þessari auðlind gagnvart okkur sjálfum, afkomendum okkar og heiminum öllum. Verndum þennan einstaka náttúruarf okkar.

Umsögn 215 - Sigurður Hreinn Sigurðsson

Almenn umsögn

Lýsi ánægju minni með það að sjá Bitru og Grændal í verndarflokki, auk Kerlingarfjalla og Gjástykkis. Ég vona svo sannarlega að engir svokallaðir “virkjunarkostir” verði færðir um flokk. Hágöngusvæði og Krýsuvíkursvæði verði fært úr orkunýtingarflokki. Ennfremur styð ég þær mörgu umsagnir sem óska eftir því að virkjanir í neðri Þjórsá verði færðar úr orkunýtingarflokk. Hvað varðar biðflokk er skelfilegt að sjá þar talin upp svæði sem að mínu mati á alls ekki að hrófla við. Ég nefni helst Hólmsá, Skjálfandafljót (Aldeyjafoss), Hveravelli og Krýsuvíkursvæðið, Sveifluháls og Trölladyngju. Ég vil með þessari umsögn minni vekja sérstaka athygli á því mikla ójafnvægi sem viðgengst á milli þeirra sem hafa lífsviðurværi sitt af því að tala fyrir orkuframleiðslu og þeirra sem starfa beinlínis við náttúruvernd

Umsögn 218 – Ásahreppur

Almenn umsögn

Hreppsnefnd telur að Norðlingaölduveita eigi að fara í biðflokk en ekki verndarflokk. Fullnægjandi rannsóknir hafa ekki farið fram, þ.m.t. umhverfismat á síðustu útfærslu. Einn hagkvæmasti virkjanakosturinn í rammaáætlun.

Umsögn 219 – Landgræðsla ríkisins

Almenn umsögn

Landgræðslan gerir ekki athugasemdir en leggur þunga áherslu á að við undirbúning virkjanaframkvæmda verði þess gætt að sem minnstur skaði verði á vistkerfum og tryggt verði að glötuð eða skemmd vistkerfi verði bætt með mótvægisáðgerðum.

Umsögn 221 – Hjörleifur Guttormsson

Almenn umsögn

Lýsing á aðdraganda málsins eins og hann birtist með þessum drögum að þingsályktunartillögu gefur alranga mynd af upptökum Rammaáætlunar og óskast það leiðrétt í endanlegri tillögu sem lögð verður fyrir Alþingi. Gera verður þá kröfu til stjórnvalda að þau áætli það heildarmagn framleiddrar orku sem þau telji nauðsynlegt að afla út frá þjóðhagslegri nauðsyn og með tilliti til alþjóðlegra skuldbindinga (loftslagsmál) í fyrirsjáanlegri framtíð og að Rammaáætlun taki mið af því. Þannig væri hægt að gera sér grein fyrir heildaráhrifum slíkrar áætlunar. Enga viðleitni í þessa átt er að finna í Rammaáætlun eða drögum að þingsályktunartillögunni. Ég tel að við flokkun „virkjunarkosta“ í vatnsafli hefði m.a. átt að fylgja þeirri stefnu, að valin vatnsföll sem ekki hefur verið raskað með virkjunum hingað til verði áfram látin ósnortin og þau friðlýst. Legg ég til að eftirtalin vatnsföll verði í heild friðuð fyrir röskun af virkjunarframkvæmdum og „virkjunarkostir“ í þeim verði allir fluttir í verndarflokk og/eða ekki verði hróflað við þeim „kostum“ sem þar er þegar að finna samkvæmt tillögunni.

Jökulsá á Fjöllum. Arnardals- og Helmingsvirkjun haldist í verndarflokki.

Hvítá í Borgarfirði. Kljáfossvirkjun flytjist í verndarflokk.

Jökulsár í Skagafirði. Skatastaðavirkjun B og C og Villinganesvirkjun flytjist í verndarflokk.

Skjálfandafljót. Fljótshnjúkvirkjun, Hrafnabjargavirkjun A og Eyjadalsárvirkjun flytjist í verndarflokk.

Hverfisfljót. Hverfisfljótsvirkjun flytjist í verndarflokk.

Skaftá. Búlandsvirkjun flytjist í verndarflokk.

Hólmsá. Hólmsárvirkjun við Einhyrning (án miðlunar) og Hólsmárvirkjun neðri við Atley flytjist í verndarflokk.

Farið við Hagavatn. Hagavatnsvirkjun flytjist í verndarflokk.

Hvítá í Árnassýslu. Búðartunguvirkjun, Haukholtsvirkjun, Vörðufellsvirkjun og Hestvatnsvirkjun ásamt með Selfossvirkjun í Öflusá flytjist í verndarflokk.

Eftirtaldir „virkjunarkostir“ í vatnsafli verði færðir til, ýmist úr nýtingu yfir í biðflokk eða í verndarflokk. Fyrirliggjandi tillögur um vatnsafl í verndarflokki skv. þlfl. haldist óbreyttar.

Skrokkölduvirkjun. færist í verndarflokk. Virkjunin er á áður lítt röskuðu svæði á miðhálandinu. Háspennulínur frá henni myndu raska stórum ósnortnum svæðum.

Þjórsá. Hvammsvirkjun og Holtavirkjun færist úr nýtingu í biðflokk. M.a. vantar rannsóknir á samfélagslegum áhrifum þessara virkjana.

Þjórsá. Urriðafossvirkjun færist úr nýtingu í verndarflokk. Þetta er gullfallegur foss rétt við þjóðveg. Áhrif á veiði yrðu tilfinnanleg.

Eftirtaldir „virkjunarkostir“ í jarðvarma flytjist í verndarflokk. Fyrirliggjandi tillögur um jarðhita í verndarflokki skv. þlfl. haldist óbreyttar.

Reykjaneskagi. Stóra-Sandvík, Eldvörp, Sandfell og Sveifluháls flytjast úr nýtingu í verndarflokk. Þetta eru að mestu ósnortin svæði sem fella ætti inn í Eldfjallabjórðgarð.

Reykjaneskagi – Hengilssvæði. Meitillinn, Gráuhnjúkar og Hverahlíð flytjast úr nýtingu í biðflokk. Langtum meiri rannsókn er þörf áður en endanleg ákvörðun verði tekin um verndun eða nýtingu þessara svæða.

Reykjaneskagi – Hengilssvæði. Innstidalur flytjast úr biðflokki í verndarflokk.

Reykjaneskagi- Krýsuvíkursvæði. Trölladyngja og Austurengjar flytist úr biðflokki í verndarflokk.

Suðurland – Hágöngusvæði. Hágönguvirkjun, 1. og 2. áfangi flytjast úr nýtingu yfir í verndarflokk. Hér er um að ræða jarðhitasvæði fast við mörk Vatnajökulsþjóðgarðs inni á miðhálandinu sunnan Vonarskarðs. Jarðvarmavirkjun á þessu svæði væri óbætanlegt stórslys vegna sjónrænna áhrifa, affallsvatns og raflína. Hágöngulón átti aldrei að byggja, það sjá nú flestir. Bygging jarðvarmavirkjunar á svæðinu væri að bæta gráu ofan á svart.

Norðausturland – Námafjallssvæði. Bjarnarflag færast úr nýtingarflokki í verndarflokk. Engu má hætta til um mengun í Mývatn frá slíkri virkjun, og hugsanleg skáborun undir Námafjall myndi setja jarðhitasvæðið við Hverarönd í hættu þannig að hætta er á að því verði raskað.

Norðausturland – Kröflusvæði. Krafla II, 1. og 2. áfangi. Verndar ber Vítismó og svæðið næst Leirhnjúk fyrir frekari vinnslu, sem og næsta nágrenni Vítis.

Norðausturland – Hnútháls svæði. Hnúthálsar og Fremrinámar flytjast úr biðflokki í verndarflokk. Hnúthálsar eru á þjóðlendu skv. nýföllnum dómi og eiga sem slíkir heima í Vatnajökulsþjóðgarði. Virkjun í Fremrinámum myndi raska afar stóru ósnortnu víðerni sunnan Mývatnsfjalla. Leita ætti samninga við umráðaaðila um að fella Ketildyngju með Fremrinámum inn í Vatnajökulsþjóðgarð.

Norðurland - Hveravallasvæði. Hveravellir flytjast úr biðflokki í verndarflokk. Óskiljanlegt er hvernig nokkrum dettur í hug að virkja á þessari hálandisperlu og fjölsótta áningarstað við Kjalveg í miðju landsins.

Umsögn 222 – Guðmundur Páll Ólafsson

Almenn umsögn

Sama umsögn og umsögn 175.

Umsögn 223 – Borgarbyggð

Almenn umsögn

Borgarbyggð gerir ekki athugasemdir við tillöguna. Í tillögunni er nefndur einn virkjunarmöguleiki í Borgarbyggð, en það er virkjun við Kljáfoss í Hvítá. Lagt er til að sá virkjunarkostur fari í biðflokk og tekur sveitarstjórn Borgarbyggðar undir þá tillögu. Virkjunin er ekki á aðalskipulagi Borgarbyggðar.

Umsögn 224 – Borgarráð Reykjavíkur

Almenn umsögn

Bókun frá fundi Umhverfis- og samgönguráðs kveður á um að mikilvægt er að leita leiða til að hægja á framkvæmdum á Hengilsvæðinu. Fagna hver mörg svæði falla í verndarflokk. Gera hefði átt verndun vatns og vatnsgæða hærra undir höfði en gert er í áætluninni. Ónógar upplýsingar liggja fyrir um hvernig mæla eigi loftgæði. Litlar upplýsingar liggja fyrir um hvaða áhrif virkjun hefur á samfélagið.